

**ATVINNUÞRÓUN OG STÖÐKERFI  
ATVINNULÍFS Á LANDSBYGGÐINNI**

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>2</b>
<b>1 Ástand atvinnugreina á landsbyggðinni</b> .....	<b>3</b>
1.1 Sjávarútvegur .....	3
1.2 Iðnaður .....	7
1.3 Verslun og þjónusta .....	11
1.4 Ferðaþjónusta .....	14
1.5 Upplýsingatækni, nýsköpun, rannsóknir .....	19
1.6 Hugsanlegar aðgerðir .....	25
<b>2 Stoðkerfi atvinnulífsins</b> .....	<b>27</b>
2.1 Stoðkerfi ríkisins .....	27
2.2 Stoðkerfi svæðanna .....	31
2.3 Stoðkerfi einkageirans .....	32
<b>3 Stoðkerfi í nágrennalöndum</b> .....	<b>33</b>
3.1 Danmörk .....	33
3.2 Svíþjóð .....	35
3.3 Noregur .....	38
3.4 Finnland .....	41
3.5 Írland .....	44
3.6 Evrópusambandið .....	46
<b>4 Samanburður á ríkjunum</b> .....	<b>48</b>
4.1 Megináherslur byggðastefnunnar .....	48
4.2 Hlutverk stjórnvalda .....	50
4.3 Stoðkerfi ríkisins .....	52
4.4 Stoðkerfi svæðanna .....	54
4.5 Fjárstuðningur .....	55
4.6 Atvinnuráðgjöf og rannsóknir .....	57
<b>5 Hugsanlegar leiðir hérlendis</b> .....	<b>59</b>
5.1 Megináherslur byggðastefnunnar .....	59
5.2 Hlutverk stjórnvalda .....	59
5.3 Stoðkerfi ríkisins .....	59
5.4 Stoðkerfi svæðanna .....	60
5.5 Fjárstuðningur .....	60
5.6 Atvinnuráðgjöf og rannsóknir .....	61
<b>6 Lokaorð</b> .....	<b>62</b>

## **Inngangur**

Meðfylgjandi greinargerð er ætlað að vera innlegg í mótun nýrrar byggðastefnu fyrir árin 2002 – 2006. Tilfni hennar er að vinnuhópur um atvinnumál í byggðastefnunni óskaði eftir sjónarmiðum stofnunarinnar um það hvernig hægt væri að ná betri árangri í nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, með hliðsjón af reynslu sem fengist hefur af framkvæmd gildandi byggðaáætlunar. Byggðastofnun hefur nýverið sent frá sér ítarlega greinargerð um framkvæmd gildandi byggðaáætlunar ásamt ábendingum fyrir næstu byggðaáætlun. Því þykir rétt að miða þessa greinargerð fremur við að gera grein fyrir ástandi atvinnulífs á landsbyggðinni og því stoðkerfi, sem ætlað er að efla það.

Í greinargerðinni er annars vegar gerð grein fyrir stöðu atvinnugreina á landsbyggðinni, helstu sóknarfærum og aðgerðum sem þarf til að nýta þau. Hins vegar er lýst stuttlega stoðkerfum atvinnulífsins héraendis og í nágrannalöndunum, samanburður gerður á þeim og ályktanir dregnar um hvað við gætum nýtt okkur úr þeim samanburði.

Kafli 1 um stöðu atvinnugreinanna byggir á skýrslum Byggðastofnunar “Byggðarlög í sókn og vörn – 1.Sjávarbyggðir og 2.Landshlutakjarnar. Kafli 2 um íslenska stoðkerfið byggir á heimasíðum stofnananna og samningum Byggðastofnunar við þær. Kafli 3 um stoðkerfi nágrannalöndanna byggir að mestu leyti á gögnum frá Nordregio og ýmsum upplýsingum af vefsíðum viðkomandi stofnana.

# 1. Ástand atvinnugreina á landsbyggðinni

Kaflar 1.1 – 1.5 eru útdráttur úr skýrslunum *Byggðarlög í sókn og vörn: Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi: 1.Sjávarbyggðir og 2.Landshlutakjarnar*. Þessar skýrslur eru aðgengilegar á vefsíðu Byggðastofnunar <http://www.bygg.is/>, og er lesendum bent á nánari umfjöllun þar um einstök byggðarlög og landsvæði.

## 1.1. Sjávarútvegur

### 1.1.1. Staða landshluta

Einn helsti styrkur sjávarútvegsins á landsbyggðinni felst í nálægð við fiskimiðin og þeirri aðstöðu sem byggð hefur verið upp víða um land í hafnarmannvirkjum, fiskiðjuverum og annarri aðstöðu. Staða sjávarútvegsins er mjög misjöfn eftir landsvæðum og stærð byggðarlaganna. Í því felst viss mótsögn að minni byggðarlög, sem eru mest háð sjávarútvegi standa höllustum fæti, meðan stærri byggðarlög, sem eru minna háð sjávarútvegi, standa sterkari fótum.

#### *Suður- og Vesturland*

Styrkur sjávarútvegs á Suður- og Vesturlandi, þ.e. Vestmannaeyjum, Suðurnesjum, Faxaflóa og Breiðafirði, felst fyrst og fremst í því að þar er tiltölulega hlýr sjór vegna Golfstraumsins. Þetta gefur fiski góða lífsmöguleika, þar sem æti er mikið, og aðstæður eru góðar til fiskeldis. Á svæðinu eru öflug kola- og flatfiskmið, og út af suðvestanverðu landinu eru hrygningarsvæði loðnu. Í Breiðafirði eru gjöful skelfiskmið, og út af Snæfellsnesi eru gjöful botnfiskmið. Í Breiðafirði eru bestu hörpuðiskmið landsins og gjöful grásleppumið.

Á árunum 1984 – 2001 hefur hlutdeild Suðurlands í aflamarki fimm helstu botnfisktegundanna haldist óbreyttur 13,5%, hlutur Suðurnesja hefur minnkað úr 18,1% í 15,4%, en hlutdeild Vesturlands hefur aukist úr 9,0% í 15,8% .

Nálægð við höfuðborgarsvæðið gefur góða möguleika á fullvinnslu sjávarafurða á innanlandsmarkað. Á Suðurnesjum er verið að byggja upp fyrirtæki eins og Sæbýli sem elur sæeyru. Verið er að vinna að sérstakri vöruþróun á neytandamarkað hjá Rúllum ehf. í Sandgerði og má einnig nefna lúðueldi í Grindavík og hafbeitareldi á laxi í Vogunum. Á Rífi er ný verksmíðja fyrir fullvinnslu sjávarafurða. Fiskréttir til neytenda eru þar unnir úr hágæðahráefni. Vestmannaeyjar eru að langmestu leyti byggðar upp á sjávarútvegi. Í bænum er tvö stór frystihús og tvær mjölverksmiðjur. Að auki eru nokkur minni fiskvinnsluhús. Nýjung í fiskvinnslu í Eyjum er vinnsla á laxi sem hófst með komu Íslenskra Matvæla. Laxeldi kemur til með að hefjast í Eyjum næsta vor. Í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn og á Reykjanesi er mikil þjónusta sem byggir á sjávarútvegi. Með tilkomu Suðurstrandarvegar skapast berti aðstæður fyrir fiskvinnslufyrirtæki í Þorlákshöfn að koma ferskum fiski í flug.

#### *Vestfirðir*

Frá Vestfjörðum er stutt á gjöful bolfiskmið og uppvaxtarsvæði helstu nytjastofna. Aðstæður eru því kjörnar fyrir smærri báta og afurðin mjög fersk þegar hún kemur að landi. Smábátaútgerð hefur aukist verulega á síðustu árum og er mikill hluti bolfisks sem kemur á land á Vestfjörðum veiddur af smábátum. Úthafs-rækjustofninn fyrir Vestur- og Norðurlandi er að styrkjast eftir margra ára lögð, og eru nú leyfðar meiri veiðar en áður. Í suðurfjörðum Vestfjarða er fjölbreytt lífríki, einkum Arnarfirði.

Staðfest hefur verið með mælingum að a.m.k. 15 milljón tonn af kalkþörungaseti er þar að finna. Skjólgóðir og djúpir firðir bjóða upp á góða hafnaraðstöðu.

Á tímabilinu 1984 - 2001 hefur hlutdeild Vestfjarða í aflamarki fimm helstu botnfisktegundanna minnkað úr 13,6% í 6,1%.

Ísafjörður er þróunarmiðstöð í sjávarútvegi. Þar er mikil þekking á sjávarútvegi og öflug rannsóknar- og þróunarfyrirtæki. Hafrannsóknarstofnun og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins eru þar með útibú og nýlega var opnað útibú frá MATRA (samstarfsverkefni Iðntæknistofnunar og RALA), sem mun þjóna sjávarútveginum. Á Ísafirði eru starfandi nokkur nýsköpunarfyrirtæki í sjávarútvegi, sem nálægar sjávarbyggðir njóta góðs af.

Tækifæri liggja í eflingu fiskvinnslanna og aukinni fullvinnslu aflans. Á Ísafirði er ein fárra verksmiðja í heiminum sem framleiða frosið Sushi í neytendaumbúðum. Á Suðureyri er verið að gera tilraunir með afurðir úr þurrkuðum þorskhausum og beinum. Þegar er hafin tilraun með kræklingaeldi í Arnarfirði, Dýrafirði og Hestfirði, og þorskeldi í Tálknafirði og Álftafirði. Unnið er að könnun á hagkvæmni vinnslu kalkþörungna í Arnarfirði. Unnið er að aukningu lax- og bleikjueldis á Tálknafirði. Saltfiskvinnslur hafa verið að sækja í sig veðrið, og eru litlar saltfiskvinnslur í öllum vestfirskum sjávarbyggðum. Harðfiskframleiðendur sem eru nokkrir á svæðinu, anna ekki eftirspurn. Þar eru því sóknarfæri.

#### *Norðurland*

Helsti styrkur sjávarútvegs á Norðurlandi er nálægð við göngur uppsjávarfiska, góð aðstaða til smábátaútgerðar á nokkrum stöðum og að helstu rækjumið landsins eru út af Norðurlandi. Mikil loðnuveiði er á austurhluta svæðisins á sumrin og haustin, og NA-hornið liggur best við nýtingu á norsk-íslensku síldinni og fiskafla sem berst úr Norðurhöfum. Eyjafjarðarsvæðið er meðal stærstu bolfisklöndunarsvæða landsins, bæði hvað varðar landað magn og einnig hvað varðar aflaverðmæti. Á Akureyri er útflutningshöfn fyrir svæðið.

Á Norðurlandi eru nokkur af sterkustu útgerðarfyrirtækjum landsins, mikill togarafloiti, m.a. margir frystitogarar, og góð kvótastaða. Frá árinu 1984 - 2001 hefur hlutdeild Norðurlands vestra í fimm helstu botnfisktegundunum aukist úr 6,1% í 7,7% og hlutdeild Norðurlands eystra úr 14,9% í 20,3%.

Akureyri er miðstöð þekkingar í sjávarútvegi, og á Sauðárkróki er einnig mikil þekkingaruppbygging. Háskólinn á Akureyri og Hólaskóli stunda rannsóknir á sviði sjávarútvegs og fiskeldis, auk þess sem Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknarstofnun hafa útibú á Akureyri. Þessi rannsóknarstarfsemi hefur skilað hagnýtri þekkingu inn í atvinnulífið.

#### *Austurland*

Austfirskar sjávarbyggðir njóta almennt nálægðar við fengsæl fiskimið. Fjórðungurinn liggur vel við síldar- og loðnumiðum, enda barst meira en helmingur alls landaðs uppsjávarafla á land á Austfjörðum árið 1998. Út af norðanverðum Austfjörðum eru góð grásleppumið. Rækjumið eru út af Héraðsflóa. Höfn nýtur nálægðar við góð humarmið. Holdafarsstuðull þorsks út af Austur- og Suðurlandi er betri en annars staðar. Á Austfjörðum er unninn mikill hluti af allri síld sem landað er hérlendis. Í Neskaupstað er stærsta saltsíldarverkun landsins.

Á svæðinu er nokkur fjárhagslega sterk og hátæknivædd sjávarútvegsfyrirtæki. Kvótastaða Austfjarða er mjög sterk í uppsjávarfiski, en þar er skráður um fjórðungur síldarkvótans og fimmtungur loðnukvótans (1998). Einkum er Fjarðabyggð mjög sterk varðandi kvóta í uppsjávarfiski. Hlutdeild Austurlands í fimm helstu

botnfisktegundunum hefur hins vegar minnkað úr 13,2% í 10,2% á tímabilinu 1984 - 1999.

Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins er með útibú á Neskaupstað og fyrirhugað er að setja upp útibú á Höfn, þar sem Hafrannsóknarstofnun er einnig með útibú. Á undanföllum árum hafa verið byggðar upp mjög tæknilega fullkomnar loðnubræðslur í flestum stærri sjávarbyggðum Austurlands, og í flestum þeirra er nú mögulegt að framleiða hágæðamjöl úr loðnu, síld og kolmunna.

Með eflingu fiskvinnslustöðvanna má koma á aukinni fullvinnslu aflans. Fjarðabyggð hefur hér mikla möguleika, og á Höfn eru fyrirtæki einnig að prófa sig áfram með fullvinnslu sjávarafurða þar má m.a. nefna framleiðslu bragðefnis úr sjávarfangi. Auka má nýtingu aukaafurða í vinnslunum og vinna aukaafurðir, t.d. úr lifur. Á Höfn er hafin vinnsla á bragðefnum í matargerð úr aukaafurðum, sem falla til við fiskvinnslu. Neytendavöruframleiðsla fyrir erlendan markað er á Reyðarfirði, og á Höfn er síld unnin í neytendapakningar til útflutnings. Stofnuð hafa verið félag um sjókvíaelði á laxi í Reyðarfirði, Seyðisfirði, Mjóafirði og Berufirði. Fyrirhugað er kræklingaelði í Mjóafirði og hlýraeldi á Neskaupstað. Í athugun eru möguleikar á vinnslu sjávarþangs á tveimur stöðum á Austfjörðum. Kolmunni, er vannýtt tegund. Enn fremur má nefna sæsnigla, beitukóng, kúfisk o.fl.

### 1.1.2. Veikleikar og ógnanir

Störfum hefur fækkað í landvinnslu að undanföllum, og frekari fækkun er fyrirsjáanleg. Orsakirnar eru einkum þrjár. Í fyrsta lagi hefur fiskveiðistjórnunarkerfið valdið óstöðugleika í hráefnisöflun smærri byggðarlaga. Sjávarútvegsfyrirtæki og aflaheimildir hafa á undanföllum árum skipt ört um eigendur og í sumum tilfellum hafa nýir eigendur ákveðið að flytja vinnslu á viðkomandi afla milli byggðarlaga **eða út á sjó**. Hættan á að þessi þróun haldi áfram skapar ótryggt ástand fyrir starfsfólk landvinnslu.

Í öðru lagi hefur úrvinnsla landaðs sjávarafla oft verið flutt til annarra staða eða út á sjó með tilkomu frystitogara. Vinnsla afla um borð leiðir til fækkunar starfa í landvinnslunni og minnkandi margfeldisáhrifa. Þetta veikir einnig **starfsemi** stoðfyrirtækja. Töluverð fækkun hefur orðið í rækjuvinnslu og mjöl- og lýsisvinnslu á undanföllum árum. Búseta sjómanna er ekki heldur lengur bundin þeim stað sem skip þeirra eru skráð á.

Í þriðja lagi er svo heildarfækkun í greininni, sem stafar m.a. af hagræðingu og tækninýjungum í greininni og tilfærslu starfa úr beinni vinnslu í afleiddar greinar og stoðgreinar. Fiskverkafólki hefur fækkað um 40% á s.l. 10 árum og hlutfall starfsfólks í sjávarútvegi aldrei verið lægra en nú. Árið 1998 voru að meðaltali 4.408 sjómenn á fiskiskipaflotanum og hafði þeim farið fækkandi allt frá árinu 1993 en þá voru þeir 5.819. Árið 1998 var starfsfólk í sjávarútvegi 9,2% af vinnuafli í öllum atvinnugreinum hérlendis og hafði hlutfallið ekki verið lægra undanfarin átta ár.

Tekjur landverkafólks í fiskvinnslu hafa lækkað á undanföllum árum, þar sem fiskvinnsla hefur tekið breytingum, og minni möguleikar eru en áður á háum tekjum, nema fyrir sérhæft starfsfólk. Lág laun, einhæf vinna, óaðlaðandi vinnuumhverfi og lítið atvinnuöryggi veldur því að fólk sækist í minna mæli eftir störfum í fiskvinnslu. Oft er því erfitt að manna störfin með innlendu vinnuafli, og margar sjávarbyggðir byggja rekstur fiskvinnslu á erlendu vinnuafli. Þar sem veiði hinna ýmsu tegunda er árstíðabundin, skapar þetta miklar sveiflur í atvinnulífinu og árstíðabundið atvinnuleysi. Sums staðar er hægt að jafna þessar sveiflur með vinnslu fleiri tegunda, en annars staðar er um einhæfa vinnslu að ræða.

Skuldir sjávarútvegsins voru taldar vera kringum 175 milljarðar króna um síðustu áramót. Þær hafa aukist um 70 milljarða á fjórum árum. Rekstrargrundvöllur fyrirtækja á landsbyggðinni er í mörgu tilliti lakari en á höfuðborgarsvæðinu. Þar ber fyrst að nefna lágt markaðsverð fasteigna í atvinnurekstri, sem leiðir af sé lága veðhæfni og þ.a.l. vandamál með fjármögnun atvinnurekstrarins.

Ofan á þetta bætist svo viðkvæmni atvinnurekstrar á landsbyggðinni við hagsveiflum. Þegar gengi krónunnar styrkist, rýrir það samkeppnisaðstöðu íslensks útflutnings á erlendum markaði og bætir stöðu innfluttrar vöru á innlendum markaði. Það bitnar meira á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu vegna einhæfni og óhagstæðrar samsetningar atvinnulífsins í þessu tilliti. Á landsbyggðinni, og einkum í sjávarbyggðum, er hlutfall framleiðslufyrirtækja mun hærra en á höfuðborgarsvæðinu, sem hefur hærra hlutfall fyrirtækja í ýmis konar þjónustu og stjórnsýslu. Þær greinar eru ekki viðkvæmar fyrir hagsveiflum, og þetta hefur þær afleiðingar að góðarið hefur neikvæð áhrif á atvinnulíf landsbyggðarinnar. Atvinnufyrirtæki eiga tvo kosti við öflun rekstrar- og fjárfestingalána, þ.e. að taka innlend lán eða erlend. Þar sem vaxtamunur er mikill stendur valið á milli þess að fá fjármagn með háum vöxtum hérlendis eða taka gengisáhættu með erlendum lántökum. Þegar gengi krónunnar veikst, veldur það einnig erfiðleikum fyrir mörg fyrirtæki.

Mörg fiskvinnslufyrirtæki á landsbyggðinni geta ekki lengur keppt um aflann á markaði. Mikið af þeim afla sem landað er er ekið í burtu til fiskvinnslu annars staðar. Lítil og meðalstór fyrirtæki í fiskvinnslu eiga undir högg að sækja sökum þess að stærri fyrirtæki yfirtaka þau minni og skapa sér þannig betri samkeppnisaðstöðu. Með þessu tapast bæði kvóti og vinna úr litlu sveitarfélögunum. Sama hefur gerst við sameiningu fiskvinnslufyrirtækja. Á minni stöðum er eitt útgerðarfyrirtæki ráðandi aðili á vinnumarkaði, sem skapar öryggi varðandi gjaldþrot, brottflutning eða sölu.

Mikil landfræðileg samþjöppun hefur orðið í sjávarútvegi síðustu árin. Samdráttur hefur orðið á minni og afskekktari stöðum á meðan nokkrir stærri staðir hafa náð forystu. Mörg sjávarþorp eiga undir högg að sækja og jafnvel útgerðarstaðir með 1-2 þús. íbúa, þrátt fyrir traust atvinnustig. Það virðist óhjákvæmilegt að sjávarútvegurinn muni eflast þar sem þéttbýlið er mest, og ef ekkert er að gert muni hann dragast saman í fámennustu og afskekktustu byggðarlögunum.

### 1.1.3. Sóknarfæri

Ef ákveðinn hluti fiskveiðiréttinda t.d. á strandveiðiflotanum væri bundinn við byggðarlög sem byggja á sjávarútvegi mundi skapast ákveðið öryggi í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags, sem gæfi aukin tækifæri til nýsköpunar og þróunarstarfs.

Auka má nýtingu aukaafurða í vinnslunum. M.a. er úrgangur úr fiskvinnslu mikilvægt hráefni fyrir fóður í loðdýrarækt. Auka má fullvinnslu á ferskum fiski og vinnslu á afurðum sem nú eru fluttar óunnar úr landi. **Lækkun tolla á unnum fiskafurðum mundi skapa betri skilyrði fyrir fullvinnslu afurða.**

**Að mati Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva er fram undan umtalsverð aukning í fiskeldi hér á landi, allt að 25% á ári næstu fimm árin.**

Ýmis afleidd störf í fiskvinnslu, svo sem rannsóknar- og þróunarstörf, markaðsmál o.fl. hafa flust til höfuðborgarsvæðisins. Færa má hluta þeirra til baka í sjávarbyggðirnar.

Aukið framboð áhættufjármagns mundi gera þeim auðveldara fyrir sem vilja reyna nýja hluti í sjávarútvegi.

Aukin menntun fiskvinnslufólks bætir rekstrargrundvöll fyrirtækja.

## 1.2. Iðnaður

### 1.1.1 Staða byggðarlaga

Iðnaður hefur verið ein helsta undirstaða þjóðfélagsins alla þessa öld. Þar er þó mikill eðlismunur eftir stærð og staðsetningu byggðarlaga. Meðan stærri byggðarlög hafa getað staðið undir tiltölulega umfangsmiklum framleiðsluþætti, er iðnaður minni byggðarlaga einkum tengdur frumvinnslugreinunum, þ.e. fiskveiðum og landbúnaði. Oftast er þar um að ræða ýmis konar þjónustuiðnað við þær greinar.

#### *Akureyri*

Á Akureyri er gömul iðnaðarhefð og meiri heimamarkaður en annars staðar á landsbyggðinni, og þar af leiðandi meiri möguleikar á ýmissi neytendavöruframleiðslu. Um miðja síðustu öld risu miklar verksmiðjur á Akureyri, og varð Akureyri þá öflugur iðnaðarbær. Ber þar helst að nefna fataiðnað, fiskiðnað og skipasmíðar. Um miðjan áttunda áratug síðustu aldar fór að halla undan fæti á Akureyri, og þar gætti um tíma stöðunar og jafnvel nokkurrar hnignunar. Hinum miklu fataverksmiðjum var lokað, fyrirtæki eins og niðursuðuverksmiðja K. Jónssonar lögðust niður, umfang Slippstöðvarinnar minnkaði snarlega og störfum fækkaði í landvinnslu hjá Útgerðarfélagi Akureyrar.

Ýmsar iðnaðargreinar standa þó sterkum fæti á Akureyri. Mikil uppsveifla er í byggingariðnaði og miklu er úthlutað af lóðum. Ekkert bendir til að uppsveiflan sé í rénun. Akureyri á möguleika í iðnaði tengdum sjávarútvegi vegna sterkar stöðu þessarar greinar þar. Akureyri hefur sterka stöðu í úrvinnslugreinum landbúnaðar og sterkt kaupfélag, sem hefur haldið uppi mikilli vinnslu á kjöti og mjólkurafurðum. Á Akureyri er góð höfn sem nýtist í iðnaðaruppbyggingu. Akureyri á hlut í Landsvirkjun og gæti haft sterka stöðu á orkumarkaði í framtíð.

#### *Húsavík*

Á Húsavík er nokkur framleiðsluþætti, og er úrvinnsla landbúnaðarafurða grunngrein. Á Húsavík er lítil fiskréttaverksmiðja sem vinnur úr síld og framleiðir fiskibollur. Möguleikar eru varðandi orkufrekan iðnað vegna nábylis við virkjanir.

#### *Egilsstaðir*

Egilsstaðir hafa sterka stöðu í úrvinnslugreinum landbúnaðar og möguleikum því tengdum. Þar er nokkuð sterkt kaupfélag sem haldið hefur uppi mikilli vinnslu á mjólk og kjöti.

#### *Selfoss*

Selfoss hefur sterka stöðu í úrvinnslugreinum landbúnaðar og þar er mikil þekking í sambandi við matvælaframleiðslu. Þar er fremur sterkt kaupfélag, sem hefur haldið uppi mikilli vinnslu á mjólk og kjöti. Af öðrum framleiðsluþætti má nefna plastiðnað fyrir gosdrykkjaframleiðendur. Byggingariðnaður er öflugur á Selfossi, og þar er einnig nokkur rafeindaiðnaður. Selfoss hefur möguleika sem tengjast jarðhitánytingu. Ýmis iðnaður með markað á höfuðborgarsvæðinu getur átt möguleika á að byggjast upp á Selfossi vegna minni þennslu og ódýrari lóða.

#### *Vestmannaeyjar*



Nokkur iðnaður er í Vestmannaeyjum og tengist hann töluvert fiskvinnslunni. Þar má nefna tvö stór netaverkstæði, en auk þeirra eru minni verkstæði sem tengjast útgerðum og nokkur byggingafyrirtæki.

#### *Reykjanesbær - þéttbýliskjarni*

Nokkur iðnaðarfyrirtæki eru í Keflavík/Njarðvík, og liggur styrkur m.a. í nálægð við stóran markað og millilandaflugvöll. Iðnaðaruppbygging sem krefst útflutnings með flugi á þar góða möguleika. Nokkur uppbygging hefur verið í smáiðnaði tengdum flugstöðinni. Matvælaíðnaður, húsasmíðaiðnaður o.fl. eru í sókn. Allnokkrar byggingarframkvæmdir eru í bænum og byggingariðnaður stendur því nokkuð vel. Þar eru sterk verktakafyrirtæki. Hugmyndir hafa verið um fríiðnaðarsvæði í tengslum við Keflavíkurflugvöll. Iðnaðarframleiðsla sem stendur ekki undir fasteignaverðum í Reykjavík getur átt möguleika á Suðurnesjum.

#### *Akranes*

Á Akranesi eru stór og öflug fyrirtæki eins og Sementsverksmiðjan, Þorgeir og Ellert o.fl. Nálægðin við Járblendid og Norðurál eru einnig styrkur fyrir Akranes, en 70% starfsmanna í járblendinu og 60% í Norðurali búa á Akranesi. Ýmis iðnaður með markað á höfuðborgarsvæðinu getur átt möguleika á að byggjast upp á Akranesi vegna minni þenslu og ódýrari lóða.

#### *Borgarnes*

Borgarnes hefur sterka stöðu í úrvinnslugreinum landbúnaðar og möguleikum því tengdum. Matvælaframleiðsla er mikil í Borgarnesi. Þar má nefna Eðalfisk og Ölgerðina Egill Skallagrímsson. Verktaka- og byggingarstarfsemi er öflug. Loftorka og Borgarverk hafa umfangsmikla starfsemi með hundruð starfsmanna. Vírnet er rótgróið fyrirtæki. Nálægðin við Járblendid og Norðurál er styrkur fyrir Borgarnes, en margir Borgnesingar sækja vinnu þangað. Ýmis iðnaður með markað á höfuðborgarsvæðinu getur átt möguleika á að byggjast upp í Borgarnesi vegna minni þenslu og ódýrari lóða.

#### *Ísafjörður*

Á Ísafirði er iðnaður tengdur sjávarútvegsgreinum og eru þar góðir möguleikar vegna sterkra stöðu þessarar greinar þar. Mjólkuriðnaður er mikilvægur fyrir svæðið. **Nokkur byggingariðnaður er á Ísafirði.**

#### *Sauðárkrókur*

Á Sauðárkróki eru nokkur fyrirtæki á sviði iðnaðar. Þar er fremur sterkt kaupfélag og hefur haldið mikilli vinnslu á mjólk og kjöti heima í héraði. Frekari starfsemi á staðnum sem tengist landbúnaði er t.d. fóðurstöð í loðdýrarækt. Steinullarverksmiðjan er öflugt iðnfyrirtæki, og afkoma hennar var góð á síðasta ári. Byggingariðnaður er ekki teljandi. Sauðárkrókur hefur möguleika sem tengjast jarðhitanytingu og orkufrekum iðnaði. Í jökulsánum eru virkjanleg um 230 MW.

#### *Minni byggðarlög*

Í minni byggðarlögum er iðnaður yfirleitt minni og fábreyttari og tengist einkum sjávarútvegi eða landbúnaði. Staða iðnaðarins í endurspeglar stöðu byggðarlaganna. Með fáum undantekningum er þar eingöngu um þjónustuiðnað að ræða.

Iðnaður er allnokkur á *Suðurlandi* og *Suðurnesjum*, og helstu stóriðjufyrirtæki landsins eru í jaðri Suðurnesja. Varnarliðið hefur leitt af sér öflug verktakafyrirtæki,

sem meðal annars hafa komið að enduruppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum. Veðhæfi eigna er betra en annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins, sem þýðir auðveldari fjármögnun.

Á *Vesturlandi* er fjölbreyttur iðnaður tengdur sjávarútvegsgreinum í þéttbýliskjörnum víða á Snæfellsnesi, svo sem netagerðarverkstæði, beinaverksmiðja, fullkomin ísverksmiðja og hátækniíðnaður á sviði siglingartækja og tölvubúnaðar fyrir skip.

Á *Vestfjörðum* eru m.a. trésmíðaverkstæði í Hnífsdal, sem m. a. smíðar innréttingar fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Á flestum þéttbýlisstöðum eru jarðvinnu- og bygginarverktakar.

Á *Norðurlandi* er nokkur iðnaður í minni byggðarlögum. Nokkuð er um hefðbundinn þjónustuiðnað, iðnað í tengslum við sjávarútveg og matvælaíðnað, t.d. á Skagaströnd, Siglufirði og Dalvík. Í Ólafsfirði hafa Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og eignarhaldsfélagið Tækifæri komið að uppbyggingu nýrra greina, svo sem yfirbyggingar á slökkvibíla og íhluta í fiskvinnsluvélar. Kjúklingabú í Dalvíkurbyggð, sem framleiða mun um 650 tonn á ári, verður þriðja stærsta kjúklingabú á landinu. Nokkuð víða á Norðurlandi skapar jarðhiti möguleika á iðnaðaruppbyggingu, allt frá Skagafirði til Norður-Þingeyjarsýslu. Orka á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslu veitir möguleika á stóriðju, enda er þar um að ræða stystu leið á landi frá orkuframleiðslusvæði til hafnaraðstöðu.

Á *Austurlandi* er öflugur þjónustuiðnaður, sem tengist útgerð og fiskvinnslu. Nálægð við Evrópu og greiðar siglingaleiðir skapa möguleika í iðnaðaruppbyggingu. Möguleikar til stóriðju eru miklir á Austurlandi með tilkomu nýrra virkjana. Auk starfa í sjálfu álverinu á Reyðarfirði mun það kalla á uppbyggingu verktaka-, iðnaðar- og þjónustustarfsemi.

### 1.1.2 Veikleikar og ógnanir

Einn helsti veikleiki við uppbyggingu iðnaðar víða á landsbyggðinni er lítill heimamarkaður og oft töluverður aukakostnaður við að koma framleiðslu á markað annars staðar.

Uppgangur í byggingariðnaði er nær eingöngu takmarkaður við suðvesturhorn landsins, en hefur lítill áhrif á atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Stöðnun og fólksfækkun gerir það að verkum að nýbyggingar eru litlar sem engar og iðnaðarmönnum hefur víða fækkað.

Viðgerðarþjónusta svo sem bifvélaviðgerðir og ýmis þjónusta sem fram fer á járnsmíða-, rafmagns- og rafeindaverkstæðum hefur dregist hlutfallslega saman í minni byggðarlögum.

Skipasmíðastöðvar sinna nær eingöngu viðgerðum og breytingum á skipum, en nýsmíði skipa hér á landi er nærri því aflögð. Ástæðurnar eru m.a. að skipasmíðaiðnaður og málmsmíði hefur verið að færast meira og meira yfir til láglanalandna.

Ullariðnaður hefur dregist saman, og litlar líkur eru á að hann nái aftur að vaxa og dafna. Breytist markaðsforsendur til hins betra er líklegra að framleiðsla úr íslenskrum ull flytjist úr landi en að hér fjölgi störfum verulega í sauma- og þrjónaiðnaði.

Í fataiðnaði eru aðeins örfá fyrirtæki starfandi. Skinnaiðnaðurinn hefur gengið gegnum erfiðleika. Meðal þess sem ógnar þessari iðngrein í framtíðinni er fækkun sauðfjár á Íslandi.

Innlend málning á í erfiðri samkeppni við innflutning, og sama má segja um hreinlætisvörur, sælgæti, kaffi og margt fleira.

Aðgerðir til að bæta stöðu íslensks iðnaðar hafa væntanlega ekki mikil áhrif á minnstu stöðunum. Erfitt er að fjármagna rekstur í minni byggðarlögum vegna þess hvernig lánastofnanir meta veðhæfi.

Sveiflur í sjávarútvegi ógna rekstrargrundvelli iðnaðar tengdum honum. Vegna lágra launa við iðnaðarstörf getur verið erfitt að byggja upp iðnfyrirtæki í sjávarbyggðunum þegar vel gengur í sjávarútvegi, og þegar illa gengur minnka verkefni fyrir þessi fyrirtæki.

Breyting á framleiðsluháttum í matvælaframleiðslu er óhagstæð fyrir lítil byggðarlög. Í stað margra smárra eininga eru nú fáar en tiltölulega öflugar vinnlustöðvar, sem hafa ráðandi markaðsstöðu.

### **1.1.3 Sóknarfæri**

Framleiðsla á búnaði fyrir sjávarútveginn er sá hluti iðnaðar, sem hefur vaxið hvað mest á síðustu árum.

Á landsbyggðinni er í byggingu nýtt vegakerfi auk virkjana, orkuvera og stóriðju.

Staðbundin hráefni geta skapað möguleika á uppbyggingu iðnaðar í ýmsum byggðarlögum. Aðrir möguleikar liggja í þekkingu á sjávarútvegi, og eru þeir mestir þar sem saman fara öflug útgerð og fiskvinnsla og stundaðar eru rannsóknir og kennsla á sviði sjávarútvegs.

Sambýli fiskiðnaðar og annars matvælaiðnaðar skapar ákveðin tækifæri. Fiskiðnaðurinn hefur byggt upp þróað kerfi í sölu og markaðsmálum, sem önnur matvælafyrirtæki gætu nýtt sér.

Ýmislegt bendir til þess að markaðspróunin varðandi skinnaiðnað sé að snúast við. Við breyttar markaðsaðstæður mun skinnaiðnaðurinn eflast á ný.

Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum 1999-2001 er kveðið á um að nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan athafnasvæða höfuðborgarinnar og þannig stuðlað að varanlegri fólksfjölgun og fjölbreyttara framboði atvinnutækifæra þar. Lögð verði áhersla á að staðsetja ný stóriðjuverkefni sem víðast á landinu og þeim valinn staður með tilliti til orkuþarfa, þannig að bæði sé um að ræða orkufreka stóriðju í nálægð við meginorkuöflunarsvæði hennar og önnur iðjuver, sem ekki eru eins orkufrek, utan þeirra svæða.

## 1.3. Verslun og þjónusta

### 1.3.1 Staða byggðarlaga

Framboð og fjölbreytni verslunar og þjónustustarfa tengist stærð byggðarlaganna. Í stærri byggðakjörnum er yfirleitt stjórnsýsla, opinber þjónusta, verslun og einkarekin þjónusta, en í þeim minni standa þessar greinar oft höllum fæti.

#### *Akureyri*

Akureyri er sterk stjórnsýslumiðstöð og miðstöð ýmissar starfsemi hins opinbera á Norðurlandi. Þar er m.a. sýslumaður, stórt fjórðungssjúkrahús, sem er að eflast, og fjölmargar æðri menntastofnanir, svo sem háskóli og menntaskóli, þar sem störfum er að fjölga. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar hefur aðsetur á Akureyri. Akureyri hefur sterka verslunarhefð, og mikil uppbygging hefur nýlega orðið þar í verslunar- og þjónustustörfum. Stórar verslanakeðjur fest þar rætur, og mikið er um sérverslanir og einkarekna þjónustu á flestum sviðum. Samningar um félagslega þjónustu milli ríkisvaldsins og Akureyrarbæjar gefa ákveðin tækifæri í uppbyggingu þjónustu. Bættar samgöngur um Öxnadalsheiði og göng undir Vaðlaheiði gætu styrkt stöðu Akureyrar sem þjónustukjarna og höfuðstaðar Norðurlands. Fyrirtæki gætu nýtt sér betur þjónustu Háskólans á Akureyri.

#### *Húsavík*

Húsavík er miðstöð stjórnsýslu, verslunar og þjónustu í Þingeyjarsýslum. Þar er m.a. sýslumaður, sjúkrahús og fjölbrautarskóli. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hefur aðsetur á Húsavík. Mikið framboð er á verslun og þjónustu á Húsavík. Almenn finnst fólki þjónustustig vera gott á Húsavík. Opinber þjónusta er góð, og einkarekin þjónusta er fjölbreytt, t.d. fjármála-, bókhalds- og tölvuþjónusta.

#### *Egilsstaðir*

Egilsstaðir eru miðstöð opinberrar stjórnsýslu, verslunar, þjónustu og menntunar. Þar er m.a. sýslumaður, sjúkrahús og menntaskóli. Atvinnuþróunarfélag Austurlands hefur aðsetur á Egilsstöðum, og Skógrækt ríkisins er með aðsetur við Egilsstaði. Á Egilsstöðum er mikið úrval af verslunum. Á Egilsstöðum er einnig einkarekin þjónusta, svo sem fasteignasölur, bókhaldsþjónusta, lögfræðiþjónusta, húsgagnþjónusta, verkfræðistofur, verktakar og hugbúnaðarfyrirtæki.

#### *Selfoss*

Selfoss er miðstöð opinberrar stjórnsýslu, verslunar og þjónustu á Suðurlandi. Þar er m.a. sýslumaður, sjúkrahús, fjölbrautarskóli, Búnaðarsambandið og Lánasjóður landbúnaðarins. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands hefur aðsetur á Selfossi. Mikið framboð er á verslun á Selfossi, mikil samkeppni milli verslana og margar verslanir sem bjóða lágt vöruverð. Á Selfossi er fjölbreytt framboð á þjónustu, m.a. góð grunnþjónusta, og Selfoss er þjónustumiðstöð fyrir stórt landbúnaðarsvæði. Mörg útibú eru frá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu, en einnig er nokkuð um einkarekin þjónustufyrirtæki, lögfræðinga og endurskoðunarfyrirtæki. Ráðgjafarþjónusta er fyrir fyrirtæki, og fjármálaþjónusta er öflug.

#### *Vestmannaeyjar*

Í Vestmannaeyjum eru m.a. sýslumaður og sjúkrahús og framhaldsskóli. Þar eru allnokkrar dagvöruverslanir og sérvöruverslanir og allmörg þjónustufyrirtæki. Þar má

nefna fjármálaþjónustu endurskoðandaskrifstofu og tvær lögfræðistofur. Stóru tryggingarfélagin eru öll með skrifstofur í Eyjum.

#### *Reykjanesbær - þéttbýliskjarni*

Keflavík/Njarðvík er miðstöð opinberrar stjórnsýslu, verslunar og þjónustu á Suðurnesjum. Þar er m.a. sýslumaður, sjúkrahús og fjölbrautarskóli. Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar þjónar öllum Suðurnesjunum. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í sérhæfðri verslun og þjónustu. **Keflavíkurflugvöllur og Bláa lónið skapa störf í verslun og þjónustu.** Uppbygging hefur verið í smærri þjónustu, einkum vegna uppbyggingar á flugvelli og við flugstöðina, og mikið er um þjónustu við bíleigendur. Með bættum samgöngum við höfuðborgarsvæðið gæti ýmis konar þjónustuiðnaður flust til bæjarins, svo sem tækniúðnaður.

#### *Akranes*

Akranes er miðstöð opinberrar stjórnsýslu, verslunar og þjónustu. Þar er m.a. lögregla og sýslumaður fyrir þéttbýlið, sjúkrahús og fjölbrautarskóli. Landmælingar Íslands eru staðsettar á Akranesi. Á Akranesi hefur átt sér stað uppbygging í sérhæfðri verslun og þjónustu. Þar eru þrjár stórar matvöruverslanir, fólk er ánægt með þjónustu þeirra, og verðlag er sambærilegt og í Reykjavík.

#### *Borgarnes*

Borgarnes er miðstöð opinberrar stjórnsýslu, verslunar og þjónustu. Þar er m.a. sýslumaður og heilsugæslustöð. Atvinnuráðgjöf Vesturlands hefur aðsetur í Borgarnesi. Í Borgarnesi hefur átt sér stað uppbygging í sérhæfðri verslun og þjónustu. Verslun hefur aukist með Hvalfjarðargöngunum. Þjónustusvæði Borgarness hefur stækkað og nær nú lengra út á Snæfellsnesið. Í Borgarnesi er bankaðjónusta, ferðamannaþjónusta mikil þjónusta við landbúnað. Nýtt verslunarhúsnæði með mörgum verslunum mun efla störf við verslun í Borgarnesi.

#### *Ísafjörður*

Ísafjörður er miðstöð opinberrar stjórnsýslu, verslunar, þjónustu og menntunar á Vestfjörðum. Þar er m.a. sýslumaður, sjúkrahús og menntaskóli. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur aðsetur á Ísafirði. Verslunarkerðjur hafa fest rætur og þar hefur átt sér stað uppbygging í sérhæfðri verslun og þjónustu, sem er mikil og fjölbreytt. T.d. er öflug þjónusta er fyrir fyrirtæki af ýmsu tagi. Jarðgöngin hafa aukið þjónustusvæði Ísafjarðar.

#### *Sauðárkrókur*

Sauðárkrókur er miðstöð stjórnsýslu í Skagafirði og miðstöð verslunar, þjónustu og menntunar á Norðurlandi vestra. Þar er sjúkrahús og fjölbrautarskóli. Ýmsar landsstofnanir eru þar, svo sem Byggðastofnun, Hestamiðstöð Íslands og innheimta Íbúðalánasjóðs. Mikið framboð er á verslun og þjónustu á Sauðárkróki, og þjónustustig er þar hátt. Á Sauðárkróki er sterkt kaupfélag, sem rekur umfangsmikla verslun og þjónustu.

#### *Minni byggðarlög*

Segja má að í flestum minni byggðarlögum séu skóli, leikskóli, verslun, bensínafgreiðsla, pósthús og bankaútibú. Uppbygging verslunar og þjónustu í Reykjanesbæ skapar mörg störf fyrir nágrannabyggðarlögin. Á Snæfellsnesi eru nokkur störf við rekstrar- og reikningshaldsþjónustu, og víða er öflug bankaðjónusta.

Nokkuð er um sérhæfð störf í þjónustu á Patreksfirði og í Bolungarvík. Á Patreksfirði er sjúkrahús, og heilsugæsla með lækni er á Þingeyri, Flateyri og í Bolungarvík. Nokkrar sjávarbyggðir á Norðurlandi eru einnig verslunar- og þjónustukjarnar fyrir landbúnaðarsvæði. Dreifing sérhæfðra þjónustustarfa á Austurlandi er nokkuð góð. Allmargar sjávarbyggðir eru einnig verslunar- og þjónustukjarnar fyrir aðliggjandi svæði.

### 1.3.2 Veikleikar og ógnanir

Störfum í verslun hefur fækkað á landsbyggðinni. Landnám matvörukeðjanna á landsbyggðinni hefur ekki verið sársaukalaust fyrir þá verslun sem fyrir var, né heldur verslun í þeim byggðarlögum sem liggja næst þeim kjörnum þar sem keðjurnar hafa sett niður sína starfsemi. Þótt verslunarkeðjurnar hafi stuðlað að lægra vöruverði, er staða matvöruverslunar nú slæm í mörgum smærri byggðarlögum, og störfum í smásöluverslun hefur fækkað meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölgun starfa í flestum þjónustugreinum hefur verið mun minni á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Störfum hefur fækkað í persónulegri þjónustu, tryggingum, þjónustu peningastofnana og flutningum. Samdráttur hefur orðið í ýmsum þáttum opinberrar þjónustu, svo sem pósthjónustu og bankastarfsemi. Þetta stafar að hluta til af aukningu rafræna samskipta sem leysa hefðbundna þjónustu af hólmi. Auknar kröfur um hagræðingu í ýmsum þjónustugreinum hafa leitt til fækkunar starfa, svo sem við póst- og símaþjónustu. Fyrirsjáanlegt er að sú þróun haldi áfram og að hún muni koma illa við fámenn byggðarlög.

Erfið rekstrarstaða stofnana, svo sem heilbrigðisstofnana, er ógnun við þjónustu og störf við þær.

Markaður fyrir þjónustu er lítill og sveiflukenndur í sjávarbyggðum. Erfitt er að byggja upp verslunar- og þjónustufyrirtæki í mjög fámennum byggðarlögum.

Slæm tenging staða, langar vegalengdir og fjallvegir torvelda sums staðar uppbyggingu stærri markaðssvæða með samtengingu byggðarlaga.

Ef fækkun íbúa heldur áfram í minni sjávarbyggðum, brestur grundvöllur víða fyrir þjónustu.

### 1.3.3 Sóknarfæri

Mest fjölgun hefur verið á landsbyggðinni í þjónustu við atvinnulíf, veitingar og hótél, og afþreyingarþjónustu.

Hagræðing í bankaþjónustu skapar sóknarfæri fyrir ný fyrirtæki á fjármálasviði. M.a. skapast framboð á starfsfólki með mikla þekkingu á því sviði, og einnig losnar víða hentugt húsnæði.

Hröð þróun í upplýsinga- og samskiptatækni gerir mögulegt að byggja upp fjarþjónustu, jafnvel í fámennum byggðarlögum.

## 1.4. Ferðaþjónusta

### 1.4.1. Dreifing milli landsvæða

Uppbygging í ferðaþjónustu er ekki bundin neinum ákveðnum svæðum eða stöðum á landsbyggðinni, þótt möguleikar svæða til að höfða til hinna ýmsu markhópa ferðamanna séu misjafnir.

#### *Suðurland*

Stórbrotin náttúra, blómlegar sveitir, sögustaðir, fjölbreytt fuglalíf, gosminjar í Vestmannaeyjum, Gullfoss, Geysir, Þórsmörk og umhverfi Víkur og Kirkjubæjarklausturs eru meðal þess sem styrkir ferðaþjónustu á Suðurlandi. Vegasamgöngur eru góðar og vegir nánast alltaf greiðfærir. Herjólfur er með áætlunarferðir frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja, áætlunarflug er til Vestmannaeyja og flug á Bakka. Á Selfossi hefur mikil verslun og þjónusta byggst upp í tengslum við nærliggjandi sumarbústaðabyggð, en bústaðir eru leigðir út allt árið. Á vormánuðum 2001 var opnuð upplýsingamiðstöð á Selfossi, og unnið er að stefnumótun fyrir sveitarfélagið Árborg og ferðaþjónustusvið KÁ. Markaðs- og ferðaþjónustusvið KÁ vinnur m.a. að því að markaðssetja Selfoss sem góðan valkost til ráðstefnuhalds. Gistirými á Suðurlandi hefur verið nær fullbókað yfir sumartímann undanfarin ár. Suðurstrandavegur mun opna aukin tækifæri í ferðaþjónustu á Suðurlandi. Meiri áherslu má leggja á sérstöðu svæðisins, t.d. fuglalíf og gosminjar í Vestmannaeyjum.

#### *Suðurnes*

Einn helsti styrkur sjávarbyggða á Suðurnesjum er nálægðin við Keflavíkurflugvöll og höfuðborgarsvæðið. Aðalvegir eru malbikaðir, þ.e. til Grindavíkur, Sandgerðis, Garðs og Keflavíkur. Svæðið býður upp á fjölbreytta afþreyingu, m.a. Bláa Lónið og Gjána í Eldborg. Einnig er hægt að fara í hvalaskoðun, sjóstangaveiði, hellaskoðun og fuglaskoðun, og víða eru merktar gönguleiðir. Gistirými er nánast fullbókað yfir sumartímann. Markaðs og ferðamálafulltrúar á svæðinu og Markaðshópur Reykjaness vinna saman að stefnumótun og útgáfu á kynningarefni. Hægt er að markaðsetja Suðurnes betur sem upphafs- og endastöð ferðalaga á Íslandi, skipuleggja betur náttúruskoðunarferðir og vinna að samhfæingu og samvinnu ferðaþjónustuaðila. Meiri áherslu má leggja á sérstöðu svæðisins, t.d. fuglalíf og jarðfræði Suðurnesja, einkum tengt jarðhitanum. Heilsársvegur um suðurströnd Reykjaness mundi bæta stöðu svæðisins.

#### *Vesturland*

Á Vesturlandi eru Snæfellsnes og Borgarfjörður aðal ferðamannasvæðin. Sérstaða Borgarfjarðar felst í fjölbreyttu náttúruferðum, sögu og menningu svæðisins. Þar er mikil sumarbústaðabyggð. Mikil náttúruferðir eru á Snæfellsnesi, og er Snæfellsjökull t.d. mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Breiðafjarðareyjar laða til sín marga ferðamenn, og er það mikill styrkur fyrir ferðaþjónustu á Snæfellsnesi. Meðal menningar- og söguminja, sem laða ferðamenn á svæðið, má nefna gamla útgerðarstaði, ýmsar friðlýstar minjar, gömul fiskbyrgi á Gufuskálum o.m.fl. Fugla- og hvalaskoðun og sjóstangarveiði nýtur ört vaxandi áhuga ferðamanna. Í Dölunum er bær Eiríks rauða mikið aðdráttarafl. Áætlunarferðir frá Reykjavík til Snæfellsness eru nú sinnum í viku yfir sumartímann. Fjölbreyttir gistimöguleikar eru á svæðinu, heilsárshótel, gistiheimili, bændagisting og svenfpokapláss. Bættar samgöngur gefa aukna möguleika á að markaðsetja Snæfellsnes yfir vetrartímann. Atvinnuráðgjöf Vesturlands sinnir ráðgjöf í ferðaþjónustu fyrir Vesturland, en starf grasrótarfélaga í

ferðaþjónustu er öflugt. Öll sveitarfélögin á Snæfellsnesi fylgja eftir stefnumótun í ferðaþjónustu á Vesturlandi 1998-2005 (Byggðir milli jökla). Á sumrin er opin upplýsingamiðstöð í Stykkishólmi, Ólafsvík og Grundarfirði. Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands (UKV) í Borgarnesi er samstarfsvettvangur allra hagsmunadila ferðaþjónustu á Vesturlandi í upplýsinga- og markaðsmálum. Upplýsingamiðstöð á Akranesi er opin allt árið. Mikil uppbygging safna og sérstaða þeirra skapa aukin tækifæri í nemendaheimsóknum frá nágrannabyggðarlögunum.

#### *Vestfirðir*

Kyrrðin og ósnortin náttúra eru helstu styrkleikar Vestfjarða. Mikið er gert út á tengingu mannlífs/menningar og náttúru í ferðaþjónustu. Fjöldi ferðamanna hefur aukist mikið undanfarin ár, m.a. með tilkomu skemmtiferðaskipa inn í Ísafjarðardjúp. Í nýlegri könnun Ferðamálaráðs um ferðavenjur Íslendinga kemur fram að á eftir Akureyri hafa flestir áhuga á að heimsækja Vestfirði. Á Vestfjörðum er áætlunarflug til Ísafjarðar, Bíldudals og Patreksfjarðar, en leiguflug til Gjögurs. Góðar samgöngur eru frá Ísafirði til nágrannabyggðanna. Mannlíf fyrri tíma er vannýtt auðlind, sem hægt er að nýta til uppbyggingar ferðaþjónustu í sjávarbyggðum á Vestfjörðum. Til dæmis er hægt að huga að gömlum verbúðum, hvalveiðistöðum og stöðum þaðan sem stundaðar voru hákarlaveiðar. Samstarf er milli ferðaþjónustuaðila og Vegagerðarinnar við stikun gönguleiða, og gamlar þjóðleiðir eru merktar. Aukning er í lengri gönguferðum þar sem bátar eru nýtir til að koma vistum á milli staða fyrir göngufólk. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða sinnir ráðgjöf í ferðaþjónustu fyrir Vestfirði í heild sinni og í Ísafjarðarbæ starfar ferðamálafulltrúi. Stefnumótun fyrir svæðið er í endurskoðun, og verið er að skipuleggja átak í að lengja ferðamannatímamann frá maí fram í september. Upplýsingamiðstöðvar eru á Ísafirði, Patreksfirði, Tálknafirði, Þingeyri og Hólmavík. Vestfjarðavefurinn er með haldgóðar upplýsingar um ferðaþjónustu á svæðinu.

#### *Norðurlandi vestra*

Á Norðurlandi vestra eru nokkrir vinsælir ferðamannastaðir. Þar má t.d. nefna sérstæð náttúrufyribæri eins og Hvítserk og sögustaði svo sem Hóla í Hjaltadal, Glaumbæ og Vesturfarasetrið á Hofsósi. Hofsós, Siglufjörður og Skagaströnd eru sjávarbyggðir sem tekist hefur að skapa sér sterka ímynd. Tækifæri felast m.a. í selaskoðun á Vatnsnesi, í Drangey og í Kálfshamarsvík. Sauðárkrókur er miðstöð fyrir vetraríþróttir og hestamennsku. Skíðasvæðið í Tindastóli getur aukið aðdráttarafl staðarins, einkum með bættum samgöngum yfir Þverárfjall. Iðnþróunarfélag Norðurlands Vestra og Atvinnuþróunarfélagið Hringur á Sauðárkróki eru meðal þeirra sem vinna að eflingu ferðaþjónustu á svæðinu.

#### *Norðurland eystra*

Akureyri og Mývatnssveit eru aðal ferðamannasvæði Norðurlands eystra. Samkvæmt könnun Ferðamálaráðs (2000) höfðu hlutfallslega flestir mestan áhuga fyrir að fara til Akureyrar, og hlutfallsleg aukning innlendra ferðamanna þangað er meiri talin í gistinóttum en til flestra annarra staða á landsbyggðinni. Á Akureyri eru rekin fimm hotel, þar af eitt sumarhótel og tuttugu gistiheimili og hótélíbúðir. Akureyri er stærsti byggðakjarninn á landsbyggðinni með fjölbreytt úrval af verslunum, þjónustu og gistimöguleikum. Akureyrarbær hefur verið útnefndur Vetraríþróttamiðstöð Íslands, en fjölbreytt skíðaaðstaða er í Hlíðarfjalli og einnig er yfirbyggð skautahöll á Akureyri. Ætla má að ferðaþjónusta á Akureyri marki sér sérstöðu í affþreyingu sem tengist vetraríþróttum.



Upplýsingamiðstöð er starfrækt á heilsársgrundvelli. Þar eru veittar staðbundnar upplýsingar um Akureyri, og auk þess nýtist hún sem upplýsingamiðstöð um ferðamál á landsvísu. Helstu markmið ferðaþjónustu á Akureyri hafa á undanförunum árum beinst að því að lengja háönn og samræma boðleiðir vegna kynningar og markaðssetningar Eyjafjarðarsvæðisins. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Háskólinn á Akureyri vinna saman að heilstæðri stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Eyjafjörð. Uppi eru hugmyndir um að endurvekja hvalaskoðunarferðir frá Dalvík.

Í Þingeyjarsýslu eru fjölsótt ferðamannasvæði eins og Mývatn, Ásbyrgi, Hljóðaklettur, Goðafoss og Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum. Möguleikar eru á menningartengdri ferðaþjónustu, sem nýtir þjóðsögur og fornminjar. Norðausturhornið er að mörgu leyti ónumið land í ferðaþjónustu. Á svæðinu er ónytjað land, fjölskrúðugt fuglalíf, fjörur og á ýmsum stöðum er jarðhiti. Tækifæri felast m.a. í að ná til ferðamanna sem koma í Þjóðgarðinn, t.d. með skipulögðum ferðum á Melrakkasléttu (fuglaparadís) og út á Langanes, en þar er eyðibýggð sem hefur ákveðið aðdráttarafl. Miklir möguleikar mundu opnast í ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra með heilsársvegi Dettifosshringinn. Þá væri hægt að tengja saman náttúruperlurnar Mývatn-Dettifoss-Hljóðakletta-Ásbyrgi og Tjörnes. Með opnun hótels á Raufarhöfn opnast möguleikar á að markaðssetja svæðið í tengslum við vetrarveiðimennsku. Hvalaskoðunin á Húsavík er tvímælalaust helsti styrkur bæjarins í sambandi við ferðaþjónustun, en miklar orkulindir eru í næsta nágrenni Húsavíkur og uppi hafa verið hugmyndir um Húsavík sem aðsetur fyrir heilsueflingarstarfsemi.

#### *Austurland*

Á Austurlandi eru miklar og merkilegar náttúruperlur, sem hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar eru í boði, merktar og kortlagðar gönguleiðir og veiðimöguleikar (rjúpa, gæs, hreindýr og sjóstangaveiði). Á Suðausturlandi er sérstakt náttúrufar, þar sem jökull er í aðalhlutverki og í mikilli nálægð. Þjóðgarðurinn í Skaftafelli og Jökulárslón eru fjölsóttir ferðamannastaðir. Gistirými hefur aukist mikið í sjávarbyggðum á Austurlandi undanfarnin þrjú ár. Austurland hefur þá sérstöðu að fjöldi erlendra ferðamanna kemur beint til svæðisins með ferjunni Norrænu. Möguleikar felast einnig í móttöku erlendra ferðamanna um Egilsstaðaflugvöll. Sveitarfélögin á Austurlandi hafa mótað sína eigin stefnu með stofnun Markaðsstofu og Markaðsráðs. Tækifæri felast í menningartengdri ferðaþjónustu, sem nýtir byggðasögu, þjóðsögur og fornminjar. Betur má nýta þá sérstöðu sem felst í návist ýmissa dýrategunda, svo sem hreindýra, rjúpa, gæsa og sela. Vera franskra sjómanna á Fáskrúðfirði á síðustu öld getur skapað sóknarfæri í ferðaþjónustu á Austfjörðum. Ferðamenn fara í dagsferðir út frá Egilsstöðum. Möguleiki er á hringferð með Lagarfljótsorminum til Atlavíkur og landleiðina til baka. Bættar samgöngur tengdar álveri og virkjunum munu án efa breyta markhópum og valda fjölgun ferðamanna.

### 1.4.2. Veikleikar og ógnanir

Allar greinar ferðapjónustunnar hafa verið reknar með tapi undanfarin ár. Ástæðurnar eru einkum skortur á rekstrarþekkingu, óhagstæð ytri skilyrði, meiri innlendar kostnaðarhækkningar en í samkeppnislöndunum, hörð samkeppni um vinnuafli og óhagstæð gengisþróun.

Stutt háönn leiðir til þess að heildarnýting fjárfestinga og atvinnutækja er afar léleg. Á landsbyggðinni var meðalnýting heilsárshótela árið 1999 39%, samanborið við 70% á höfuðborgarsvæðinu. Bilið hefur þó minnkað s.l. ár, og víða skortir gistirými yfir háannatímamann.

Breytt mynstur í starfsemi margra fyrirtækja innanlands veldur því að dregið hefur verulega úr ferðalögum starfsmanna um landið. Ferðum sölumanna úr höfuðborginni út á land hefur fækkað. Símafundur, fjarfundir, tölvupóstur og Netið valda því að þörfin fyrir „snertifundi“ er minni en áður.

Ýmislegt í grunngerð landsins veikir einnig samkeppnisstöðu landsbyggðarinnar gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Samgöngukerfið er víða þröskuldur og vegalengdir miklar, sem gerir það að verkum að erfiðara er að fá ferðamenn á svæðin og flutningur á aðföngum er dýrari til fyrirtækja á landsbyggðinni en á suðvesturhorni landsins. Einnig er munur á ýmsum kostnaði, á köldu svæðunum er t.d. kyndingarkostnaður hár, og sums staðar er raforka ótrygg.

Yfir lágönn er breytt samsetning ferðamanna til landsins. Hlutfall viðskipta- og ráðstefnugesta er þá hærra, og höfuðborgarsvæðið tekur að stærstum hluta við þessum markhópi.

Fólksfæð víða á landsbyggðinni veldur því að vöntun er á vinnuafli, bæði faglærðu og ófaglærðu. Margir sumarstarfsmenn eru námsmenn, og starfsaldur í greininni er yfirleitt stuttur.

Markaðssetning sjávarbyggðanna fyrir ferðamenn er mjög takmörkuð, einkum erlendis. Sjávarbyggðirnar eiga í samkeppni við stærri markaði, þar sem verð og þjónusta eru mun fjölbreyttari.

Skortur á fjármagni til uppbyggingar og viðhalds fjölfarinna ferðamannastaða getur leitt til þess að smám saman dragi úr aðsókn til þeirra.

Mikil óvissa um áætlunarflug til ákveðinna staða leiðir til þess að ferðapjónustuaðilar á viðkomandi svæði eiga erfitt með að skipuleggja ferðir fram í tímann. Meðal þeirra staða sem mest eru háðir flugsamgöngum og óvissa ríkir má nefna Vestmannaeyjar og Höfn.

### 1.4.3. Sóknarfæri

Ferðapjónustan er nú önnur stærsta gjaldeyrisskapandi atvinnugrein landsins og skiptir þjóðarþúfið miklu máli. Allt stefnir í áframhaldandi vöxt ferðapjónustu á Íslandi, m.a. vegna þess að Íslendingar ferðast nú meira um eigið land en áður. Samfélagsþróun í átt til meiri frítíma og ráðstöfunartekjur almennt að aukast.

Ýmis byggðarlög landsins gætu samt sem áður nýtt mun betur þau tækifæri sem felast í frekari vexti ferðapjónustu. Landsbyggðin býr yfir stórbrotinni náttúru, óbyggðum svæðum, hreinu lofti og tiltölulega hreinum sjó. Fjaran, sjórinn og lífið við sjóinn er meðal þess, sem laðar að sér ferðamenn. Kannanir sýna að yfir 90% erlendra ferðamanna sem til Íslands koma sækjast eftir að skoða sérstaka náttúru landsins. Má því segja að óspillt náttúra sé auðlind íslenskrar ferðapjónustu.

Með samræmdri markaðssetningu fyrir allt landið á Netinu má koma skilvirkari upplýsingum til ferðamanna um hvaða möguleikar eru í boði á einstökum svæðum. Með því að samhæfa mismunandi afþreyingarmöguleika og aðra ferðapjónustu og með aukinni samvinnu aðila í ferðapjónustu má bjóða heildstæða valkosti. Það getur

m.a. leitt til þess að fleiri ferðamenn líti á landsbyggðina sem vænlegan áfangastað, og jafnframt getur það leitt til lengingar ferðamannatímabilsins. Samhæfð og markviss vinnubrögð í samvinnu ferðaþjónustuaðila, sveitastjórna og íbúa tryggja vöxt og viðgang greinarinnar.

Mikilvægt er að fá erlenda farþega beint út á land. Bæta þarf aðstöðu til þess að unnt verði að taka þar á móti erlendum gestum.

Við sjávarsíðuna er margar náttúruperlur að finna. Þar er það ýmist náttúran (t.d. fuglalíf, eldfjöll og sjávarrofið stuðlaberg), sagan eða samfélagið sem heillar. Strendur við Ísland eru fjölbreyttar að gerð. Sama má segja um leirur og allt það líf sem þar þrífst á mörkum lands og sjávar. Siglingum í eyjar eða eyðibýggðir hefur fjölgað mikið undanfarin áratug.

Menningartengd ferðaþjónusta býður upp á mikla möguleika. Ferðamenn heimsækja gjarnan söfn og kirkjur, skoða söguslóðir og sækja hina ýmsu listviðburði sem boðið er upp á. Sífelld fleiri ferðamenn vilja upplifa eitthvað sem er sérstætt og svæðisbundið. Menningarferðamennska er því sérstakt tækifæri fyrir ýmis byggðarlög sem rík eru af sögu. Skapa þarf svæðum og byggðarlögum ákveðna ímynd eða sérstöðu sem tengist menningu, sögu eða aðstæðum á hverjum stað.

Eitt af því sem vekur áhuga margra ferðamanna er hefðbundin matargerð „hefðarmatur“, þar sem hráefni og aðferðir fortíðarinnar eru notaðar til að skapa girnilega rétti fyrir nútímafólk. Á Íslandi er margt forvitnilegt að finna við sjávarsíðuna að þessu leyti, en möguleikarnir hafa lítt verið nýttir.

Heilsuferðaþjónusta sem byggir á heilnæmu sjávarlofti, sjóböðum og fersku sjávarfangi. Að mati margra eru miklir möguleikar á sviði íþróttatengrar ferðaþjónustu. Svo nefnd "græn ferðaþjónusta", eða vistvæn ferðaþjónusta, nýtur sívaxandi vinsælda meðal ferðamanna. Þar á landsbyggðin mikla möguleika. Betur má nýta vetrarfrí Íslendinga innanlands og ævintýraferðir í vetrarríki. Því þarf að veita auknu fé til markaðssetningar á ferðamöguleikum utan háannar.

Eitt af megineinkennum í þróun ferðamennsku í heiminum síðustu árin er vaxandi áhugi ferðamanna á afþreyingu og ævintýraferðum. Landsbyggðin getur hagnýtt sér þessa möguleika frekar en nú er gert með tækifærum, sem byggjast á strandmenningu og náttúru, m.a. með þróun afþreyingar sem byggir á siglingum, veiðum, fuglaskoðun, handverki úr reka og sýningum sem byggja á sjávarfangi.

Samgöngur eru ein helsta undirstaða ferðaþjónustu. Þar af leiðandi er það nokkuð sjálfgefið að ætla að með bættum samgöngum milli landshluta og hringtengingu innan svæða aukist ferðamannastraumur. Almenningsamgöngur skipta miklu máli fyrir ferðaþjónustuna. Bætt tenging almenningsamgangna við millilandaflugið auðveldar sölu á sérkennum Íslands á alþjóða ferðamarkaðinum og gerir allt Ísland að sölusvæði.

## 1.5. Upplýsingatækni, nýsköpun og rannsóknir

### 1.5.1. Dreifing milli byggðarlaga

Fábreytni atvinnulífsins og fækkun starfa er einn helsti veikleiki atvinnu- og búsetuþróunar í minni byggðarlögum. Þetta kallar á að reynt sé að finna nýjar atvinnugreinar og laða ný fyrirtæki til þeirra. Hér verður einkum fjallað um þrjú atriði, sem geta opnað nýja möguleika í því sambandi: upplýsingatækni, nýsköpun og rannsóknar- og þróunarstarf. *Upplýsingatækni* hefur þann eiginleika að hægt er að stunda ýmis störf óháð búsetu með fjarvinnslu, og bætir það mjög stöðu minni byggðarlaga á landsbyggðinni. *Nýsköpun* á ýmsum sviðum þarf ekki að vera bundin við ákveðin svæði eða byggðarlög, en tengist atvinnugreinum á staðnum. Fjallað hefur verið um hana í tengslum við sjávarútveg og iðnað hér að framan. Stærð byggðarlaga setur hins vegar nokkur mörk á *rannsóknar-* og *þróunarstarf*.

#### *Akureyri*

Á Akureyri eru öflug þekkingar- og þjónustufyrirtæki á sviði *upplýsingatækni*, svo sem Skrín hf., og fjöldi starfa í tölvugeiranum hefur margfaldast. Á bilinu 80 – 100 manns starfa nú við hátæknistörf á Akureyri, og eru væntingar um að þeim fjölgi á næstu árum. Ákveðið hefur verið að flytja gagnagrunn Landskrár fasteigna til Akureyrar, og tugir starfa munu skapast við samning Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri við Íslenska erfðagreiningu um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Þá hefur Hugvít hf. samið við Hollustuvernd ríkisins, Embætti yfirdýralæknis og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga um gerð samræmds upplýsingakerfis, sem hýst verður hjá Þekkingu hf. á Akureyri.

Á Akureyri starfa fjölmörg fyrirtæki að *nýsköpun*, og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar hefur að undanfögnu unnið að uppsetningu frumkvöðlaseturs á Akureyri.

Á Akureyri er öflugt *rannsóknarstarf*. Þar hafa Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknarstofnun, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Háskólinn á Akureyri rannsóknarstarfsemi. Á Akureyri eru sterk þekkingarfyrirtæki tengd sjávarútvegi.

#### *Sauðárkrókur*

Á sviði *upplýsingatækni* er helst að geta hugbúnaðarvinnslu á vegum Elements, og fjölnetið skapar tækifæri í uppbyggingu þekkingarsamfélagsins.

Nokkur fyrirtæki á Sauðárkróki stunda *nýsköpun*, og ákveðin þekking tengist Steinullarverksmiðjunni, sem skapar tækifæri varðandi vöruþróun. Heitt vatn og landbúnaðarhefð skapa tækifæri á sviði líftækniðnaðar.

Þróunarsvið Byggðastofnunar á Sauðárkróki stundar *rannsóknir* á sviði atvinnu- og byggðaðróunar. Fiskeldisfyrirtækið Máki á hefur undanfarinn ár tekið þátt í evrópskum verkefnum er snúa að tækniþróun og endurnýtingu vatns og varma. Verkefnið er unnið í samvinnu við Hólaskóla, sem stundar rannsóknir á sviði sjávarútvegs og fiskeldis.

#### *Húsavík*

Á sviði *upplýsingatækni* starfa tvö hugbúnaðarfyrirtæki. Fyrirtækið Landvist á Húsavík hefur með höndum skráningarverkefni í fjarvinnslu fyrir Þjóðminjasafnið. Fyrirtækið Martel á Húsavík hefur formlega tekið í notkun nýja farsímaþjónustu sem byggir á gervihnattatækni, sem gerir mögulegt að nota sér GSM-síma nánast hvar sem er í heiminum. Á Húsavík er breiðband, 10-20 rásir.

Nokkur fyrirtæki hafa reynt *nýsköpun*, m.a. Íslenskur harðviður. Fyrirhugað er að koma upp frumkvöðlasetri á Húsavík.

Stefnt er að *rannsóknarstarfsemi* í heilbrigðisþjónustu. Vonir eru bundnar við samning Heilsustofnunar Húsavíkur við Íslenska erfðagreiningu um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Fyrirhugað er að koma á fót náttúrustofu á Húsavík.

#### *Ísafjörður*

Fyrirtækið Snerpa hefur sinnt ýmsum verkefnum á sviði tölvu- og *upplýsingatækni* og hugbúnaðargerð. Fjarvinnsla er til staðar á Ísafirði. Tryggingarfélag hafa flutt verkefni til skrifstofu sinnar á Ísafirði. Þar er því þekkingargrunnur sem getur nýst nálægum sjávarbyggðum.

Á Ísafirði eru starfandi nokkur *nýsköpunarfyrirtæki* í sjávarútvegi. 3x-Stál sérhæfir sig í sértækum lausnum á flestum þeim vinnslueiningum sem koma við rækju- og bolfiskvinnslu og Póls framleiðir vogir og annan hátæknibúnað fyrir fiskvinnslur. Hugmyndir eru uppi um stofnun frumkvöðlaseturs við Þróunarsetur Vestfjarða.

Á Ísafirði er mikil þekking á sjávarútvegi og öflug *rannsóknar-* og þróunarfyrirtæki. Á Ísafirði hefur verið byggt upp öflugt þróunarsetur, sem getur nýst sjávarbyggðum á Vestfjörðum. Innan þess eru Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Hafrannsóknarstofnun, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Matra (samstarfsverkefni Iðntæknistofnunar og RALA), Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Auk þess tengist Náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík þróunarsetrinu. Veðurstofan ætlar að koma á fót snjóflóðarannsóknnum á Ísafirði, og Orkubú Vestfjarða hefur mikla þekkingu á raflinum og rekstri og uppbyggingu dreifikerfa á snjóþungum svæðum.

#### *Egilsstaðir*

Hugbúnaðarfyrirtæki starfar á sviði *upplýsingatækni*. Tölvusmiðjan á Neskaupstað og Egilsstöðum hefur tekið í notkun nýtt fjarskiptakerfi, sem nær yfir allt Mið-Austurland. Tölvusmiðjan býður þeim sem tengjast kerfinu rekstrarþjónustu á netinu, hýsingu á tölvukerfi og hugbúnaðarleigu. Tölvusmiðjan er sérstaklega að vinna að lausnum fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni. Sjóvá-Almennar eru um þessar mundir að hefja fjarvinnslu á Egilsstöðum, tengda ýmsum fyrirtækjum.

#### *Vestmannaeyjar*

Í Vestmannaeyjum er *rannsóknasetur* tengt sjávarútvegi. Þar hafa Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknarstofnun og Háskóli Íslands rannsóknarstarfsemi. Þar er einnig náttúrustofa, Vinnumálastofnun og Þróunarfélag Vestmannaeyja. Á staðnum er tölvuþjónusta og boðið upp á ADSL tengingu.

#### *Selfoss*

Á sviði *upplýsingatækni* eru einkareknir tölvuskólar og tölvuþjónusta. Boðið er upp á sérhæft forritunarnámskeið og kennslu í vefsíðugerð.

Stofnun þróunarseturs mundi efla rannsóknir og *nýsköpun* á Selfossi. Styðja þarf við starfsemi stofnana og skapa akademískt umhverfi.

Á Selfossi eru *rannsóknarstofnanir*, svo sem alþjóðleg jarðskjálftarannsóknastöð á vegum Háskóla Íslands. Styrkur er af nábyli stofnana.

#### *Reykjanesbær - þéttbýliskjarni*

Á sviði upplýsingatækni má nefna tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækin Softu, sem þróar hugbúnað fyrir viðhaldskerfi fyrir orkuver, og Gjørby-margmiðlun, sem hýsir heimasíður og stundar þróunarstarf á því sviði.

Nokkur fyrirtæki hafa töluverða *nýsköpun* innan sinna veggja, m.a. hefur fyrirtækið S.Hólm þróað ýmis hreinsiefni úr kindamör. Hitaveita Suðurnesja á hlut í nýsköpunarfyrirtækjum tengdum jarðvarmanum. Áhugi er á að þróa líftækniiðnað.

Bio-process í Höfnum stundar *rannsóknar-* og þróunarstarf á lífrænni framleiðslu. Þar eru m.a. ræktaðir þörungar við ljós og unnin litarefni, fiskifóður og fæðubótarefni, m.a. andoxunarefni, sem hægja á hrönnun fruma. Nokkuð rannsóknar- og þróunarstarf tengist og Bláa lóninu. Hitaveita Suðurnesja hefur að markmiði að gera svæðið leiðandi á sviði háhitarrannsókna.

#### *Akranes*

Á sviði *upplýsingatækni* er tölvuþjónusta og þjónusta við hefðbundin forrit.

Nokkrar *rannsóknir* eru á Akranesi, m.a. á vegum Landmælinga, og sjúkrahúsið er með verkefni í sambandi við erfðagreiningu. Í gangi er vinna með ferlaskráningu í sjúkraskýrslum.

#### *Borgarnes*

Fyrirtækið Íslensk *upplýsingatækni* í Borgarnesi hefur sótt um styrk til að þróa gagnvirk vefumhverfi.

#### *Fámennari byggðarlög*

Í fámennari byggðarlögum eru sums staðar í gangi tilraunir með fjarvinnslu og nýsköpun, en rannsóknarstarf er þar takmarkað. Á *Suðurnesjum* er náttúrustofa í Sandgerði, og Hafrannsóknarstofnun er þar með rannsóknarstarfsemi.

Á *Vesturlandi* má nefna nýtingu hitaveituvatns í Stykkishólmi, Hafrannsóknarstofnun er með rannsóknarstarfsemi í Snæfellsbæ, og Náttúrustofa Vesturlands er í Stykkishólmi. Fyrirtækið Mareind í Grundarfirði er háþróað á sviði siglingartækja og tölvubúnaðar fyrir skip.

Náttúrustofa fyrir *Vestfirði* er í Bolungarvík. Fjarvinnslustöðvar voru settar upp á Þingeyri, Suðureyri, Ísafirði og Bolungarvík. Þrátt fyrir erfiðleika er þar til staðar viss grunngerð og þekking til áframhaldandi starfsemi. Aðilar á Suðureyri keyptu fjarvinnslustöðina þar og reka nú starfsemi svipaða því sem Íslensk miðlun var áður með á staðnum.

Á *Norðurlandi* má nefna að á Hvammstanga starfar fjarvinnslufyrirtæki með verkefni frá Alþingi. Stofnaður hefur verið vinnuhópur um fjarvinnslu á Eyjafjarðarsvæðinu. Stofnað hefur verið frumkvöðlasetur með starfsstöð á Dalvík, og Sparisjóður Svarfdæla og Kaupfélag Eyfirðinga hafa stofnað fjárfestingafélag til að efla nýsköpun á Dalvík. Í Hrísey og Ólafsfirði eru fjarvinnslustöðvar. Þrátt fyrir erfiðleika þeirra er þar til staðar viss grunngerð og þekking til áframhaldandi starfsemi, og þar hafa verið stofnuð ný fjarvinnslufyrirtæki. Íslensk miðlun var með starfsstöð á Raufarhöfn, sem nú er rekin af heimaaðilum.

Á *Austurlandi* má nefna fjarvinnslustöð á Stöðvarfirði, sem nú er rekin af heimamönnum. Þar fer nú fram ökutækjaskráning og símsvörun. Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins er með útibú á Neskaupstað. Þar er einnig náttúrustofa. Á Hornafirði er þróunarsetrið Nýheimar, sem er miðstöð menntunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Þar verður m.a. framhaldsskóli, tæknigarður og upplýsingamiðstöð, og Hafrannsóknarstofnun og Háskóli Íslands eru þar með starfsemi. Fyrirtækið Skjávarp er með höfuðaðsetur á Höfn, en er með starfsemi á landsvísu.

### 1.5.2. Veikleikar og ógnanir

Flestar fjarvinnslustöðvar í minni byggðarlögum hafa einungis möguleika á að taka að sér einföld verkefni, sem ekki krefjast sérfræðipækkingar. Á smærri stöðunum vantar sérfræðinga og þjálfað fólk til að taka að sér verkefni, sem krefjast meiri þekkingar.

Verkefnastaða fjarvinnslustöðva er yfirleitt mjög veik. Illa hefur gengið að fá verkefni frá opinberum aðilum flutt út á landsbyggðina með fjarvinnslu. Áframhaldandi tregða stjórnvalda gegn flutningi verkefna hins opinbera út á land með fjarvinnslu hamlar uppbyggingu fjarvinnslustöðva. Nokkrum fjarvinnslustöðvum hefur verið lokað vegna verkefnaskorts. Ef ekki tekst að skapa verkefni fyrir fjarvinnslustöðvarnar er hætt á að fleiri verði lokað. Það veldur vonbrigðum og dregur úr trú fólks á byggðaaðgerðir, ef stjórnvöld byggja upp væntingar til fjarvinnslu, sem síðan er ekki staðið við.

Þrátt fyrir breytingar á gjaldskrá Landssíma Íslands fyrir gagnaflutninga, er enn til staðar allnokkur mismunur, landsbyggðinni í óhag. Verulegur munur er enn til staðar á verði á leigulínum, sem byggist m.a. á kílómetragjaldi. Í ATM-kerfinu er sami kostnaður innan ATM-svæðis, en kostnaðarauki er við flutning gagna milli ATM-svæða. Staðir með færri en 150 íbúa njóta einnig lakari kjara. Ef ekki fæst enn frekari leiðrétting á gjaldskrá Landssímans fyrir gagnaflutninga, verður fjarvinnsla ekki hagkvæmur kostur á stöðum með færri en 150 íbúa, sem þurfa sjálfir að bera kostnað af tengingu inn á ATM-net Landssímans.

Með innleiðingu fjarfundabúnaðar var ætlunin að auðvelda fólki á landsbyggðinni að taka þátt í vinnuhópum og nefndarstörfum á höfuðborgarsvæðinu. Fjarfundabúnaður er nú til í allmörgum skólum og sveitarfélögum. Þetta kemur þó ekki að tilætluðum notum, þar sem mjög skortir á að slíkur búnaður sé fyrir hendi í opinberum stofnunum og ráðuneytum í Reykjavík.

Fjarfundabúnaður er einnig notaður í fjrakennslu, en gjaldskrá Landssímans er þar of há til að hægt sé að nýta þennan möguleika sem skyldi.

Minni byggðarlög eru almennt ekki nægilega vel í stakk búin að taka við þekkingariðnaði. Þar skortir mannauð og þekkingu.

Lítill áhersla er á vöruþróun og rannsóknir meðal íslenskra fyrirtækja. Mun færri fyrirtæki á landsbyggðinni leggja stund á rannsóknir og vöruþróun en á höfuðborgarsvæðinu og færri hyggja einnig á fjárfestingu í markaðssetningu og þjálfun starfsfólks.

### 1.5.3. Sóknarfæri

#### *Upplýsingatækni*

Þróun í upplýsinga- og samskiptatækni og netvæðing gera það að verkum að hægt er að vinna margvísleg störf hvar sem er á landinu. Hið gamla viðhorf á ekki lengur við, að nauðsynlegt sé fyrir fyrirtæki að hafa starfsstöðvar sínar í Reykjavík vegna stjórnarskrifstofu- og bankakerfis. Tæknin gerir það að verkum að hægt er að starfrækja mörg fyrirtæki úti á landi, sem áður var talið nauðsynlegt að væru á höfuðborgarsvæðinu.

Fjarvinnsla byggir á þessari tækni og hefur verið vaxandi þáttur í byggðaaðgerðum víða um heim. Hér á landi hefur verið nokkuð um fjarvinnslu innan einstakra fyrirtækja, en nýlega hefur verið farið að skoða þetta form á víðtækari grunni, þannig að sérstök fjarvinnslufyrirtæki geti tekið að sér verkefni fyrir stofnanir og fyrirtæki. Settar hafa verið upp fjarvinnslustöðvar á nokkrum stöðum á landsbyggðinni, m.a. í nokkrum sjávarbyggðum.

Það getur verið hagkvæmur kostur fyrir opinberar stofnanir jafnt sem einkafyrirtæki að beina störfum út á land í fjarvinnslu. Helstu kostir þess eru taldir

vera stöðugra vinnuafli og lægri launakostnaður. Samkeppni um vinnuafli er minna á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, sem skapar meiri stöðugleika, og laun eru þar almennt lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Reynsla erlendis frá sýnir einnig að störfín eru oft betur unnin í fjarvinnslu. Með eflingu fjarvinnslustöðva gefst einnig tækifæri til að þjálfa fólk í tölvunotkun.

Brýnt er að opinberir aðilar styðji aðgerðir á þessu sviði. Það verður best gert með því að efla þekkingargrunn á landsbyggðinni, efla stoðkerfi fjarvinnslu og jafna gagnaflytningakostnað, og með því að beina verkefnum sem unnin eru fyrir ríkið með markvissum hætti í þennan farveg.

Markmið í áætlun ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið geta bætt stöðu landsbyggðarinnar, sé þeim fylgt eftir. Þar segir m.a. að upplýsingatæknin verði virkjuð til þess að bæta samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega, fjölga atvinnukostum og auka framleiðni, fjölbreytni starfa og nýsköpun. Upplýsingatækninni verði beitt í allri atvinnustarfsemi hins opinbera í þeim tilgangi að bæta þjónustu, auka skilvirkni og lækka kostnað. Stjórnvöld greiði fyrir aðlögun fyrirtækja og stofnana að upplýsingatækninni með stuðningi við aukið rannsóknar- og þróunarstarf á því sviði. Ríkisvaldið getur flutt fjölda verkefna í fjarvinnslu út á landsbyggðina. M.a. er hægt að vinna ýmsa gagnagrunna á landsbyggðinni. Rætt hefur verið um gerð og rekstur gagnagrunns á heilbrigðissviði, og nú er unnið að gerð viðskiptaáætlana um að starfrækja lækningaritun í fjarvinnslu úti á landi í samstarfi við heilbrigðisstofnanir. Veittir hafa verið styrkir til lítilla sveitarfélaga úr áætluninni „Íslenska upplýsingasamfélagið“ til kaupa á fjarfundabúnaði.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur nýlega látið vinna úttekt á möguleikum á flutningi einstakra verkefna eða stofnana ráðuneytisins til landsbyggðarinnar. Þar kemur m.a. fram að starfsmenn flestra stofnana bentu á að hægt væri að flytja ýmis stoðverkefni eins og símvörslu, úthringingar, þýðingar, útgáfu- og kynningarmál, gagnaskráningu, úrvinnslu og viðhald gagnagrunna, án þess að það hefði áhrif á starfsemi stofnanna.

Möguleikar eru á aukinni starfsemi fyrir fyrirtæki í netþjónustu. Slík fyrirtæki geta allt eins verið staðsett á landsbyggðinni.

Ný tækni í notkun farsíma byggir á sambandi gegnum lágfleyg gervitungl og getur gjörbylt fjarskiptamöguleikum afskekktara byggðarlaga. Í svo kallaðri þriðju kynslóð farsíma er gagnaflytningahraði talinn fjörutíu sinnum meiri en í GSM kerfinu. Kerfið veitir öruggan aðgang að Internetinu, bandbreiddin er mun meiri en hingað til hefur þekkt og hægt verður að nota símana um allan heim. Í framtíðinni getur því fjarvinnsla gegnum farsíma leyst af hólmi fjarvinnslu gegnum hefðbundið símakerfi.

### *Nýsköpun*

Talið er að 25% hagvaxtar komi frá nýsköpun. Í heimi hátækni og harðnandi samkeppni verður að taka mið af breyttu rekstrar- og framleiðslumhverfi fyrirtækjanna. Líftími vöru verður sífellt styttri og ef fyrirtæki vilja halda velli er talið nauðsynlegt að þau reki öflugt þróunarstarf og stöðuga vöruþróun. Stöðug nýsköpun í atvinnulífinu er því mikilvæg og nýsköpun er talinn vera sá drifkraftur sem knýr fyrirtæki áfram til langtímamarkmiða og leiðir einnig til endurnýjunar grunngerðar atvinnulífsins.

Undirstaða fyrir uppbyggingu nýrra atvinnuhátta liggur í aukningu þekkingar á landsbyggðinni. Fjárfesting í mannauði og þekkingu er því mikilvæg. Ýmis konar verkþekking á landsbyggðinni getur nýst til nýsköpunar, sem getur falist í nýrri framleiðslu með nýjum aðferðum, nýrri framleiðslu með þekktum aðferðum eða þekktri framleiðslu með nýjum aðferðum. Bestu nýsköpunarverkefni tengjast oft



endurbótum eða endurnýtingu á því sem þegar er þekkt, en ekki róttækum og frumlegum hugmyndum.

#### *Rannsóknar- og þróunarstarf*

Eðlilegt er að ætla að uppbygging rannsóknar- og þróunarstarfs á landsbyggðinni tengist einhverju sem fyrir er á viðkomandi svæði. Þetta gæti til dæmis verið gert með landshlutabundnum starfsstöðvum þeirra stofnana sem starfa að rannsóknum og nýsköpun í sjávarútvegi. Einn höfuðkosturinn við slíka útfærslu er að rannsóknir og þróunarvinna sem unnin er á landsbyggðinni er mun líklegri til að leiða til hagnýtingar á landsbyggðinni en niðurstöður rannsókna sem eru unnar á höfuðborgarsvæðinu og niðurstöður síðan sendar sem skýrslur út á landsbyggðina. Ekki er því raunhæft að staðsetja rannsóknarstarfsstöðvar í mjög fámennum byggðarlögum.

Byggðastofnun hefur lagt fram tillögu um stofnsetningu sérstakra þróunarsetra á landsbyggðinni sem byggja á klasamyndun atvinnuþróunarfélaga, háskóla og rannsóknarstofnana atvinnuveganna. Slík setur yrðu vettvangur fyrir uppbyggingu rannsóknarstarfs og aðstoð við frumkvöðla á landsbyggðinni með sérstakri áherslu á starfsemi sem tengist staðhátum. Markmið með þróunarsetrunum yrði að

- ?? veita atvinnuráðgjöf og aðstoða við stofnun nýrra fyrirtækja,
- ?? auka rannsóknar- og þróunarstarf á landsbyggðinni og tengja það rannsóknar- og þróunarstarfi á höfuðborgarsvæðinu,
- ?? veita fjármagn til rannsókna og nýsköpunar,
- ?? efla félagslegar forsendur búsetu á landsbyggðinni.

## 1.6. Hugsanlegar aðgerðir

Hér að framan er rakin staða helstu atvinnugreina landsbyggðarinnar nema landbúnaðar. Veikleiki og ógnanir gefa til kynna hvar úrbóta er þörf, en styrkur og sóknarfæri gefa til kynna hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Möguleikar landsbyggðarinnar innan hinna ýmsu greina eru mikið svæðisskiptir. Hér á eftir er bent á hugsanlegar stuðningsaðgerðir.

### Sjávarútvegur

Helstu sóknarfæri eru talin aukin nýting aukaafurða í vinnslunum, aukin fullvinnsla á ferskum fiski og vinnsla á afurðum sem nú eru fluttar óunnar úr landi og aukið fiskeldi. Byggðastofnun hefur nú í vinnslu greinargerð um tengsl fiskveiðistjórnunarkerfis og byggðaðróunar.

*Meðal byggðaaðgerða þarf hér að koma til áttak í vöruþróun og nýsköpun, betra aðgengi að áhættufjármagni, og tryggja þarf að landvinnslan hafi nægilegt hráefni til vinnslu á sanngjörnum kjörum. Auka þarf menntun fiskvinnslufólks og flytja ýmis afleidd störf í fiskvinnslu til baka út á land, svo sem rannsóknar- og þróunarstörfa, markaðsmál o.fl. Æskilegt er að jafna samkeppnisaðstöðu útgerðar og landvinnslu, t.d. með því að heimila að skrá kvóta á vinnslur, fylgja sambærilegum reglum um vigtun afla og fylgja þeim ákvæðum, sem sett hafa verið varðandi meðhöndlun úrgangs.*

### Iðnaður

Helstu sóknarfæri voru talin vera tengd staðbundnu hráefni, endurreisn skinnaiðnaðar, sambyli fiskiðnaðar og annars matvælaiðnaðar, þar sem fiskiðnaðurinn hefur byggt upp þróað kerfi í sölu og markaðsmálum, sem önnur matvælafyrirtæki gætu nýtt sér, nýjum stóriðjuverkefnum og öðrum iðjuverum á landsbyggðinni og orkuframleiðslu tengdri þeim.

*Meðal byggðaaðgerða þarf hér að koma til áttak í vöruþróun og nýsköpun, betra aðgengi að áhættufjármagni og stóraukin ráðgjöf við rekstur, markaðssetningu o.fl. Vandamálin liggja oft í því að hugmyndir og hugvit er til staðar, en oftast skortir á þekkingu til að nýta það, reka fyrirtæki, afla einkaleyfa, setja vöru á markað o.þ.h. Auka þarf menntun iðnverkafólks og efla rannsóknar- og þróunarstarf, markaðsmál o.fl. á landsbyggðinni.*

### Verslun og þjónusta

Helstu sóknarfæri voru talin vera að innan þjónustugreina hafa á undanförunum árum skapast sérhæfð störf í stað annarra starfa innan þjónustugeirans, svo sem í bankastarfsemi, og hagræðing í bankaþjónustu skapar t.d. sóknarfæri fyrir ný fyrirtæki á fjármálasviði. M.a. skapast framboð á starfsfólki með mikla þekkingu á því sviði, og einnig losnar víða hentugt húsnæði. Hröð þróun í upplýsinga- og samskiptatækni gerir mögulegt að byggja upp fjarþjónustu, jafnvel í fámennum byggðarlögum.

*Meðal byggðaaðgerða þarf hér að koma til betra aðgengi að áhættufjármagni og stóraukin ráðgjöf við rekstur, markaðssetningu o.fl. Auka þarf menntun og efla rannsóknar- og þróunarstarf, markaðsmál o.fl. á landsbyggðinni. Flutningur opinberra starfa og stofnana út á land getur skapað þar bein og afleidd störf og aukið fjölbreytni atvinnulífsins.*

## **Ferðaþjónusta**

Helstu sóknarfæri voru talin felast í því að Íslendingar ferðast nú meira um eigið land en áður þar sem samfélagsþróun stefnir í átt til meiri frítíma og ráðstöfunartekjur almennt að aukast. Möguleikar eru á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu, heilsuferðaþjónustu, íþróttatengrar ferðaþjónustu, vetrarferðamennsu, vistvænnar ferðaþjónustu, afþreyingar- og ævintýraferða.

*Byggðaaðgerðir geta m.a. falist í því að stuðla að samræmdri markaðssetningu fyrir allt landið á Internetinu. Þannig má koma skilvirkari upplýsingum til hinna ýmsu markhópa ferðamanna um hvaða möguleikar eru í boði á einstökum svæðum. Skapa þarf svæðum og byggðarlögum ákveðna ímynd eða sérstöðu sem tengist menningu, sögu eða aðstæðum á hverjum stað. Mikilvægt er að fá erlenda farþega beint út á landsbyggðina, og bæta þarf aðstöðu til þess að unnt verði að taka þar á mót erlendum gestum. Tryggja þarf samhæfð og markviss vinnubrögð í samvinnu ferðaþjónustuaðila, sveitastjórna og íbúa, og með því má bjóða heildstæða valkosti. Samgöngur eru ein helsta undirstaða ferðaþjónustu. Víða þarf að bæta samgöngur, og bæta tengingu almenningsgangna við millilandaflugíð. Efla þarf afþreyingarmöguleika í ferðaþjónustu og bæta menntun og starfsaðstöðu þeirra sem vinna í greininni. Byggðastofnun hefur unnið greinargerðina Starfsumhverfi ferðamálafulltrúa, og er hún aðgengileg á vefsíðu Byggðastofnunar [www.bygg.is](http://www.bygg.is).*

## **Upplýsingatækni, nýsköpun og rannsóknir.**

Sóknarfæri voru helst talin tengjast samskiptatækni og netvæðingu, möguleikum á aukinni starfsemi fyrir fyrirtæki í netþjónustu og flutningi verkefna í fjarvinnslu út á landsbyggðina, m.a. vinnslu ýmsa gagnagrunna. Ýmis konar verkþekking á landsbyggðinni getur nýst til nýsköpunar, sem getur falist í nýrri framleiðslu með nýjum aðferðum, nýrri framleiðslu með þekktum aðferðum eða þekktri framleiðslu með nýjum aðferðum.

*Meðal byggðaaðgerða má nefna, í fyrsta lagi að framfylgt verði því ákvæði byggðastofnunnar að upplýsingatækninni verði beitt í allri atvinnustarfsemi hins opinbera í þeim tilgangi að bæta þjónustu, auka skilvirkni og lækka kostnað. Stjórnvöld greiði fyrir aðlögun fyrirtækja og stofnana að upplýsingatækninni með stuðningi við aukið rannsóknar- og þróunarstarf á því sviði. Ríkisvaldið getur flutt fjölda verkefna út á landsbyggðina, en til þess þarf meira en stefnuyfirlýsingar. Starfsmenn flestra stofnana iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins hafa bent á að hægt sé að flytja ýmis stöðverkefni eins og símvörslu, úthringingar, þýðingar, útgáfu- og kynningarmál, gagnaskráningu, úrvinnslu og viðhald gagnagrunna, án þess að það hafi áhrif á starfsemi stofnanna. Með eflingu fjarvinnslustöðva gefst m.a. tækifæri til að þjálfa fólk í tölvunotkun. Undirstaða fyrir uppbyggingu nýrra atvinnuhátta liggur í aukningu þekkingar á landsbyggðinni. Fjárfesting í mannaúdi og þekkingu er því mikilvæg. Eðlilegt er að uppbygging rannsóknar- og þróunarstarfs á landsbyggðinni tengist einhverju sem fyrir er á viðkomandi svæði. Ein leið til að efla rannsóknar- og þróunarstarf á landsbyggðinni er stofnsetning sérstakra þróunarsetra á landsbyggðinni, og verður fjallað nánar um þau hér á eftir í tengslum við stöðkerfi atvinnulífsins.*

## 2 Stoðkerfi atvinnulífsins

Stoðkerfi atvinnulífsins samanstendur af stoðkerfi ríkisins, stoðkerfi svæðanna og ýmsum ráðgjafarfyrirtækjum í einkageiranum. Hér verður einkum fjallað um þau tvö fyrrnefndu stoðkerfin. Byggt er á samningum Byggðastofnunar við stofnanir í stoðkerfinu og upplýsingum af vefsíðum þeirra.

### 2.1 Stoðkerfi ríkisins

Nokkrar ríkisstofnanir og ráðuneyti sem þær tilheyra geta talist til stoðkerfis ríkisins við atvinnulífið. Þær helstu eru Byggðastofnun, Iðntæknistofnun, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Útflutningsráð, Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, auk stofnana landbúnaðarins, sem hér verður ekki fjallað nánar um. Auk þess má telja háskóla og rannsóknarstofnanir, svo sem Rannsóknarráð Íslands (Rannís), Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands og Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri. Þessar stofnanir starfa sjálfstætt undir viðkomandi ráðuneyti og án teljandi samræmingar eða samstarfs. Byggðastofnun átti þó frumkvæði að samstarfssamningum við þær allar um að taka þátt í samstarfi Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna, og síðan hafa nokkrar þeirra haft óformlegt samstarf sín á milli.

Hlutverk *Byggðastofnunar* er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Stofnunin undirbýr, skipuleggur og fjármagnar verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi landsbyggðarinnar. Byggðastofnun fylgist einnig með þróun byggðar í landinu og vinnur að stefnumótandi byggðaáætlun fyrir allt landið í samráði við iðnaðarráðherra. Áætlunin skal gera grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu og lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálu.

Byggðastofnun veitir fjárhagslegan stuðning í því skyni meðal annars að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða að lífvænlegar byggðir fari í eyði. Byggðastofnun veitir langtímalán til fjárfestinga, hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja á landsbyggðinni. Fyrirtækjum á landsbyggðinni bjóðast ekki alltaf jafn hagstæðir og fjölbreyttir möguleikar á fjármögnun og fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Sérstaklega á þetta við minni fyrirtæki og á minni stöðum. Því er lánastarfsemi Byggðastofnunar valkostur í fjármögnun sem stuðlar að hagstæðari lánskjörum og lánsframboði fyrir atvinnulíf landsbyggðarinnar. Byggðastofnun veitir einnig styrki til nýsköpunar í atvinnulífi á landsbyggðinni. Þar má m.a. nefna vöruþróun og markaðssetningu, könnun á nýjum atvinnukostum, afþreyingu í ferðaþjónustu, útflutningsverkefni og fleira af því tagi sem kallað hefur verið mjúkar fjárfestingar. Meginreglan hefur verið sú að styrkja ekki fjárfestingar í húsnæði og vélum í hefðbundnum atvinnugreinum. Auk þess hefur Byggðastofnun veitt hlutafé til ýmissa fyrirtækja á landsbyggðinni, en það er þó ekki á stefnuskrá til framtíðar, heldur er vísað á eignarhaldsfélög og aðra fjárfesta á svæðunum.

Atvinnuþróun og ýmsar faglegar stuðningsaðgerðir eru einnig á verksviði Byggðastofnunar. Þar sem atvinnuþróunarfélög eru rekin sem hlutafélög er Byggðastofnun hluthafi í þeim, og samkvæmt lögum um Byggðastofnun veitir stofnunin fjárhagslegan stuðning til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Byggðastofnun veitir bæði rekstrarstyrki og verkefnastyрки til

atvinnuþróunarfélaganna og veitir þeim auk þess annan stuðning. Þróunarsvið Bygðastofnunar hefur umsjón með starfi atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni, veitir þeim ýmsa faglega aðstoð, stuðlar að samstarfi þeirra á milli og hefur m.a. annast samræmingu samstarfs opinberra stofnana við atvinnuþróunarfélögin í heild sinni. Á verkswiði Þróunarsviðsins eru einnig rannsóknir á byggðamálum, atvinnuþáttum og staðbundnum möguleikum, aðstoð við sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög við eigin rannsóknir, upplýsingasöfnun, stofnun og þátttaka í rekstri og viðhaldi viðtæks upplýsinganets með öðrum opinberum stofnunum og gerð og öflun innlendra og erlendra samstarfsverkefna, m.a. innan ramma norræns samstarfs og Evrópusambandsins.

Hlutverk *Iðntæknistofnunar* er að vinna að tækniþróun, rannsóknum, nýsköpun og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði með því að veita iðnaðinum sem heild, einstökum greinum hans og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar. Stofnunin vinnur að markmiðum sínum með samstarfi við fyrirtæki, einstaklinga, sjóði og banka, samtök og félög, vísinda- og rannsóknarstofnanir og stjórnvöld. Áhersla er lögð á þróun fræðsluefnis fyrir hinar ýmsu greinar atvinnulífsins. Iðntæknistofnun leggur áherslu á tæknivöktun til þess að bæta samkeppnisaðstöðu fyrirtækja, stuðning við vöruþróun og innleiðslu nýrrar tækni. Iðntæknistofnun stuðlar að ýmsum ráðgjafar-, stuðnings- og átaksverkefnum á sviði stjórnunar og reksturs, svo sem á sviði vöruþróunar og markaðssóknar, framleiðslu og vörustjórnunar, framleiðni, gæðastjórnunar, umhverfisstjórnunar, vinnuverndar o.fl. Megináhersla er á þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki og frumkvöðla, sem og á virkt samstarf við stærri fyrirtæki. Innan Iðntæknistofnunar er rekið frumkvöðlasetrið IMPRA, sem veitir aðstöðu og leiðsögn fyrir einstaklinga og smáfyrirtæki til að þróa hugmyndir sínar í fyrirtæki.

Hlutverk *Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins* (Rf) er að stunda rannsóknir, framkvæma mælingar og prófanir, veita ráðgjöf, miðla upplýsingum og annast fræðslu hvað varðar möguleika á öflun, nýtingu og úrvinnslu sjávarfangs og annarra hráefna til matvælaframleiðslu. Verkefni Rf eru meðal annars rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins, aðstoð og leiðbeiningar við fiskiðnaðinn við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðar, kynning á nýjungum í fiskiðnaði, tækjum og vinnsluáðferðum og prófun á gagnsemi þeirra, nauðsynleg rannsóknþjónusta við fiskiðnaðinn, námskeið fyrir matsmenn, vélstjóra og verkstjóra í fiskiðnaðinum, og kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðslurítum. Stefna Rf er að auka hagræði í rannsóknar- og þróunarstarfi með því að tengja saman frumvinnslu- og úrvinnslufyrirtæki, þjónustufyrirtæki, menntastofnanir, rannsóknarsjóði og opinbera aðila. Rf hefur formleg tengsl við hliðstæðar stofnanir og alþjóðasamtök. Rf starfrækir og kostar rannsóknastofur utan Reykjavíkur. Leitað er samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi svæði. Sömuleiðis er athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum. Rannsóknastofur þessar skulu veita fiskiðnaði og öðrum matvælaíðnaði á viðkomandi svæði þjónustu með rannsóknum, gæðaeftirliti og leiðbeiningum.

Hlutverk *Útflutningsráðs* er að efla útflutning og almenna markaðsvitund íslenskra fyrirtækja. Ráðið veitir íslenskum fyrirtækjum allt frá almennum upplýsingum og ráðgjöf um viðskiptaumhverfi og tæknilegar útfærslur útflutnings í einstökum löndum upp í sérhæfða markaðsráðgjöf og þjónustu. Útflutningsráð býður útflytjendum

fræðslu og þjálfun í markaðssetningu erlendis og skipuleggur þátttöku íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegum vöru- og sjávarútvegssýningum. Mikil áhersla er lögð á öflun upplýsinga um erlenda markaði og umboðsmenn. Útflutningsráð vinnur einnig markaðsrrannsóknir fyrir einstök fyrirtæki eða hóp fyrirtækja og veitir fyrirtækjum og einstaklingum sem hyggja á útflutning almenna markaðsráðgjöf og markaðsupplýsingar. Einnig veita starfsmenn Útflutningsráðs aðstoð við upplýsingaöflun og mat viðskiptahugmynda. Euro Info Centre (EIC) er upplýsingaskrifstofa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, er vantar upplýsingar um málefni er snerta innri markað ESB, t.d. tolla og tollkvóta, skatta o.s.frv.

Hlutverk *Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins* (VUR) er að efla samkeppnisstöðu og árangur íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum, m.a. að útvega upplýsingar, koma á samböndum, afla markaða og miðla þekkingu til fyrirtækja sem stunda alþjóðleg viðskipti. Þjónusta VUR nær yfir 62 lönd í öllum heimsálfunum. Starfsmenn VUR eru alls tíu: fjórir erlendir sérfræðingar með sérþekkingu á sínu svæði, þrír íslenskir sendifulltrúar með sérþekkingu á sviði alþjóðaviðskipta og íslensks atvinnulífs og þrír starfsmenn í Reykjavík. Viðskiptafulltrúar VUR starfa í sex af 17 sendiskrifstofum Íslands. Að auki veitir VUR íslenskum fyrirtækjum aðgang að yfir 220 ræðismönnum í meira en 60 löndum. Viðskiptafulltrúarnir hafa, undanfarin tvö ár, liðsinnt fjölmörgum við leit að samstarfsaðilum, könnun á markaðsaðstæðum og skipulagningu heimsóknna auk þess að hafa vísað á ný markaðstækifæri og beint athyglinni að íslenskum fyrirtækjum við margs konar tækifæri. Þeir hafa m.a. farið í kynningarferðir um Ísland í samvinnu við Bygðastofnun og atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni.

*Rannsóknarráð Íslands* (Rannís) er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Hlutverk þess er að treysta stöðir íslenskrar menningar og atvinnulífs með því að stuðla að markvissu vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun. Rannís á að vera ríkisstjórn, Alþingi og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um stefnumörkun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar, gera árlega tillögur um framlög úr ríkissjóði til vísinda- og tæknimála til þriggja ára, móta úthlutunarstefnu og veita styrki úr þeim sjóðum sem eru í vörslu ráðsins. Rannís á enn fremur að annast kynningu á rannsóknastarfsemi, annast söfnun og úrvinnslu upplýsinga um rannsóknir og þróunarstarf í landinu, gangast fyrir mati á árangri rannsóknastarfs, auka samvinnu atvinnulífs, rannsókna og menntastofnana og stuðla að aukinni þátttöku fyrirtækja í rannsókn- og þróunarstarfsemi. Rannís á að beita sér fyrir því í samráði við rannsóknastofnanir og atvinnulíf að gerðar séu áætlanir um rannsóknir og þróunarstarf, en Rannís starfar ekki sjálft að rannsóknum.

*Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins* (NSA) er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. NSA varð til með sameiningu Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Hlutverk NSA er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Í þessu skynu er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé eða veita lán, ábyrgðir eða styrki. Þá starfrækir sjóðurinn tryggingardeild útflutningslána. NSA er heimilt að veita lán og ábyrgðir án sérstakra trygginga annarra en þeirra er felast í verkefnunum sjálfum og heimilt að leita samstarfs við aðra aðila á sviði áhættufjármögnunar. NSA stendur fyrir ráðstefnum, námskeiðum, frumkvöðlastuðningi og ýmsum átaksverkefnum til atvinnusköpunar. NSA er ætlað að vera drifkraftur nýsköpunar á Íslandi, öflugur stuðningsaðili frumkvöðla og fyrirtækja

á fyrstu stigum starfsemi þeirra, virkur áhættufjárfestir í arðvænlegum nýsköpunarverkefnum og virkur þátttakandi í breytingu íslensks atvinnulífs. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum viðskiptaráðherra, en ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

*Háskóli Íslands* (HÍ) er vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun. Við háskóladeildir er heimilt að starfrækja rannsóknastofnanir og rannsóknastofur, og háskóladeildum og stofnunum er heimilt að stunda þjónusturannsóknir og standa fyrir endurmenntun. HÍ er heimilt að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er stunda framleiðslu og sölu, og HÍ er heimilt að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði skólans um rannsóknir. HÍ, einstakar stofnanir hans og kennarar eiga mikið samstarf við sveitarfélög, rannsóknastofnanir, framhaldsskóla, fyrirtæki og ýmsa einstaklinga á landsbyggðinni. Stefnt er að því að sett verði á stofn á landsbyggðinni sérstök rannsókn- og fræðasetur, þar sem því verður við komið. Með því telur skólinn sig vera að leggja lið byggðastefnu, sem miðar að því að styrkja búsetu á landsbyggðinni með fjölbreyttara atvinnulífi, auknum möguleikum til mennta og rannsókna, svo og fjölbreyttara mannlífi almennt á landsbyggðinni.

*Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands* (RHÍ) veitir upplýsingar um þá stoðþjónustu sem veitt er nýsköpunarfyrirtækjum og frumkvöðlum á Íslandi varðandi einkaleyfi, þróunarstyrki og áhættufé. RHÍ veitir einnig íslenskum fyrirtækjum upplýsingar um hagnýtar rannsóknir innan Háskóla Íslands og aðstoðar íslensk fyrirtæki við að komast í samstarf við starfsmenn Háskólans um sameiginleg rannsóknaverkefni og styrkjaumsóknir. RHÍ veitir m.a. upplýsingar um alþjóðlega sjóði sem styrkja rannsóknir og tækniyfifærslu sem Íslendingar eiga aðgang að, bæði evrópska og norræna, upplýsingar um íslenska sjóði og áhættufjárfesta fyrir rannsóknir og atvinnulífið, upplýsingar um niðurstöður samstarfsverkefna ESB og hugmyndir um nýtingu þeirra í þágu íslensks atvinnulífs. Samskonar þjónusta er einnig veitt í tengslum við íslenskar rannsóknir. Þá býður RHÍ aðstoð við gerð umsókna til ESB, stjórnun rannsókna- og tilraunaverkefna, samskipti við framkvæmdastjórn ESB o.fl. RHÍ býður aðstoð við leit að samstarfsaðilum, ráðgjöfum, sérfræðingum og öðrum aðilum sem nýst geta fyrirtækjum við nýsköpun og ráðgjöf varðandi einkaleyfi. Þá er einnig til staðar aðstaða fyrir nýsköpunarfyrirtæki og leiðbeiningar fyrir þá sem vilja setja á stofn fyrirtæki.

Hlutverk *Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri* (RHA) er að efla rannsóknir við Háskólann á Akureyri, að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna við Háskólann á Akureyri, að hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaaðila, að veita upplýsingar og ráðgjöf og standa fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum. RHA er sjálfstæð stofnun innan háskólans. Rannsóknir RHA hafa að miklu leyti beinst að atvinnu- og byggðaþróun, og hefur stofnunin verið í verku samstarfi við Byggðastofnun og ýmis atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni.

## 2.2 Stoðkerfi svæðanna

*Atvinnuþróunarfélög* eru starfandi í hverju kjördæmi, og auk þess hafa nokkur sveitarfélög eigin atvinnuþróunarfélög. Hjá hverju félagi starfa að jafnaði tveir til fjórir starfsmenn. Hlutverk atvinnuþróunarfélaganna er að stuðla að atvinnu- og byggðapróun á starfssvæðum sínum, skilgreina þá möguleika sem bjóðast í uppbyggingu atvinnulífs á starfssvæðinu og móta stefnu um hvernig megi nýta þá sem best. Félagin eiga að stuðla að atvinnuþróun á starfssvæðum sínum með ráðgjöf til fyrirtækja, veita upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og aðstoð, og efla samskipti milli atvinnulífs og stofnana og stuðla að skilvirkri starfsemi þeirra á landsbyggðinni. Áhersla er lögð á að veita almenna atvinnuráðgjöf og stuðla að nýsköpun í samstarfi við einstaklinga, starfandi fyrirtæki, samtök í atvinnulífinu, rannsókn- og tæknistofnanir, ráðuneyti og aðra aðila sem hafa tengsl við atvinnulífið. Atvinnuráðgjafar aðstoða einstaklinga sem áhuga hafa á stofnun fyrirtækja, standa fyrir námskeiðahaldi, vinna að undirbúningi ýmskonar atvinnuþróunarverkefna og eru sveitarfélögum til ráðuneytis. Þeir aðstoða ennfremur ýmsa aðila við undirbúning umsókna um hvers kyns fyrirgreiðslu. Öll kjördæmisbundnu félögin starfa einnig að öðrum búsetuþáttum en atvinnuþróun, og t.d. tengjast ýmis þeirra fjarkennslu á sínu starfssvæði.

Byggðastofnun tekur lögum samkvæmt þátt í fjármögnun á starfsemi eins atvinnuþróunarfélags í hverju kjördæmi. Byggðastofnun hefur gert samninga við atvinnuþróunarfélögin og fylgist með árangri af starfi þeirra. Í þeim samningum er einkum lögð áhersla á að efla starfsemi félaganna með auknu sjálfsforræði og ábyrgð á þeim verkefnum sem þau annast, að byggja upp þekkingu, reynslu og hæfni innan félaganna, og að Byggðastofnun hafi í þeim öflugum samstarfsaðila á landsbyggðinni sem fylgist með þróun byggðar, hagnýti rannsóknir sem gerðar eru á vegum stofnunarinnar og geri tillögur til Byggðastofnunar eða annarra stjórnvalda um úrbætur og aðgerðir í byggðamálum. Þróunarsvið Byggðastofnunar er í nánú samstarfi við atvinnuþróunarfélögin, vinnur að samræmingu á starfsemi þeirra og veitir þeim einnig faglega aðstoð. Atvinnuþróunarfélögin eru sjálfstæð, og ber að líta á samræmingarþáttinn sem þjónustu til að ná markmiðum stjórnvalda.

Til þess að tryggja nauðsynlegt eigið fé í nýsköpunarverkefnum hafa svo nefnd *eignarhaldsfélög* verið stofnuð í öllum landshlutum. Þetta var ákveðið í þingsályktun um stefnu í byggðamálum 1999 – 2001 sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999. Markmiðið með eignarhaldsfélagunum er að veita áhættufé til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í iðnaði og þjónustu á landsbyggðinni, sem eru að hefja rekstur eða til starfandi fyrirtækja sem hafa góða vaxtarmöguleika. Eignarhaldsfélögin leggja fram áhættufé í formi hlutafjár. Önnur form eru einnig hugsanleg svo sem skuldabréf sem eru breytanleg í hlutafé eða skuldabréf sem fá tiltekið hlutfall af sölu ef vel tekst til. Helsta verkfæri eignarhaldsfélaganna við mat á umsóknum er viðskiptaáætlun, og eru viðskiptaleg sjónarmið lögð til grundvallar og gerð ávöxtunarkrafa til hlutafjareignarinnar.

Ákveðið var að verja allt að 300 millj. kr. til eignarhaldsfélaga á fjárlögum hvers árs á gildistíma byggðaaætlunarinnar, og er fjármagnið á formi hlutafjárþátttöku Byggðastofnunar. Stefnt er að því að framlaginu sé skipt nokkuð jafnt á landið. Þannig komi um 40 m.kr. í hlutafé í hlut hvers af sjö landsbyggðarkjördæmunum. Þátttaka Byggðastofnunar getur mest numið 40% af hlutafé viðkomandi félags, en a.m.k. 20% hlutafjár eiga að koma frá einkageiranum. Byggðastofnun tilnefnir menn í stjórnir eignarhaldsfélaganna. Eignarhaldsfélög hafa verið stofnuð í öllum landshlutum og á fjárlögum árána 2000 og 2001 eru 300 m. kr. framlög til þeirra. Af



framlagi ársins 2000 var á því ári ráðstafað um 223 m. kr. en ekki komu fram mótframlög til frekari útborgana.

*Framtakssjóður* Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hefur til ráðstöfunar 1.000 m.kr. og er honum ætlað að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni. Þeim fjármunum sem ráðstafað er úr Framtakssjóði er varið til hlutafjárkaupa í arðvænlegum nýsköpunarfyrirtækjum. Framtakssjóður er í umsjá fjögurra vörsluaðila. Hver hinna fjögurra vörsluaðila fékk til umsjónar 250 milljónir króna frá Framtakssjóði og hafa þeir hver um sig aflað mótframlags að upphæð 125 m.kr.

### **2.3 Stoðkerfi einkageirans**

Auk áðurnefndra aðila starfa fjölmörg einkafyrirtæki að atvinnuþróun. Má þar nefna ýmis ráðgjafarfyrirtæki, sem starfa m.a. að rekstrarráðgjöf, markaðsráðgjöf, fjármálaráðgjöf o.fl. Auk þess starfa fjárfestingarfyrirtæki óbeint að atvinnuþróun með fjármögnun fyrirtækja, bæði í formi hlutafjár og lána. Þar sem þessi athugun beinist fyrst og fremst að hlutverki opinbera geirans í atvinnuþróun verður ekki fjallað nánar um þessi fyrirtæki hér.

## 3 Stoðkerfi í nágrannalöndum

Hér er fjallað um stoðkerfi atvinnuþróunar á Norðurlöndunum, Írlandi og Evrópusambandinu. Byggt er á upplýsingum frá Nordregio og af vefsíðum ráðuneyta og stofnana. Kafli 3.5 um Írland er samantekinn af Ingunni H. Bjarnadóttur.

### 3.1 Danmörk

Danmörk hefur tvö stjórnsýslustig: ríki og sveitarfélög (kommuner). Sýslurnar (amt), sem eru 14 talsins, eru ekki sjálfstæð stjórnsýslustig í raun, en á sama landfræðilegum grunni eru svo nefndar “amtskommuner” með sýsluráð (amtsráð) sem kosin eru með beinum kosningum og sjá um heilsugæslu, almenningsamgöngur og framhaldsmenntun. Telja má þetta sem eins konar þriðja stjórnsýslustig. Sveitarfélögin eru 273 talsins og hafa töluvert sjálfstæði gagnvart ríki og svæðastjórnnum.

Þar sem Danmörk er lítið og tiltölulega þéttbýlt land, er atvinnuþróun þar annars eðlis en á öðrum Norðurlöndum. Þar eru engin afskekkt, dreifbýl svæði þar sem frumgreinar eru ráðandi fyrir efnahaginn. Vandamál Dana eru fremur fólgin í hnignun hefðbundins iðnaðar á Kaupmannahafnar svæðinu, meðan mikill vöxtur hefur verið á svæðum, sem áður áttu í erfiðleikum. Árið 1991 var því sértæk aðstoð til landsbyggðarinnar skorin niður og felld að almennum stuðningi við fyrirtæki á landsvísu. Samkeppnisaðstaða Danmerkur í heild sinni var gerð að aðalmarkmiði með vexti bæði á sterkum og veikum svæðum. Þrátt fyrir það má greina ýmis vandamál á landsbyggðinni, m.a. tengd hnignun iðnaðar.

Fjárveitingar til veikustu svæða landsins eru tengdar samfjármögnun úr uppbyggingarsjóðum Evrópusambandsins, og byggðastefna Danmerkur er nátengd byggðastefnu ESB. Engar fastar landfræðilega skilgreindar áætlanir eru fyrir aðstoð við fyrirtæki, en afmörkuð hafa verið sérstök jaðarsvæði, þar sem tekjur og atvinnuleysi hafa mest vægi. Á þessum svæðum búa um 20% þjóðarinnar. Aðaltilgangur svæðaskiptingarinnar er að geta stutt fyrirtæki í samræmi við reglur ESB. Dönsk stjórnvöld geta notað svæðaskiptinguna sem grundvöll fyrir sérstakar aðgerðir til að örva fjárfestingarverkefni á stuðningssvæðunum. Engir sérstakir sjóðir eru til þess, heldur er reiknað með stuðningi úr uppbyggingarsjóðum ESB með mótframlagi frá dönskum stjórnvöldum. Samkvæmt iðnþróunarlögum geta ríkisstjórnvöld einnig stutt tímabundið við atvinnuþróun á stuðningssvæðunum, einkum til að vinna á móti lokun fyrirtækja. Stjórnvöld geta sett á laggirnar svæðaþróunarskrifstofur, sem geta veitt áhættufjármagn til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þar sem 20% áhættufjármagns kemur frá opinberum stjórnvöldum en 80% frá einkageiranum. Markmiðin eru einkum að auka atvinnu og styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni. Auk þessa má nefna aðgerðir gegn atvinnuleysi, sem beinast einkum að endurmenntun og fyrirtækjaráðgjöf.

Í dag fæst fjöldi opinberra og hálfopinberra aðila við svæðaþróun og atvinnuráðgjöf. Öll stjórnsýslustig fást við atvinnuþróun: evrópustjórnvöld, ríkisstjórnin, svæðastjórnvöld og sveitarfélög.

Ríkisvaldið ber höfuðábyrgð á byggðaþróun, og Viðskipta- og iðnþróunarstofnun hefur umsjón með svæðaþætti atvinnustefnu á vegum Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinins. Þar sem ríkisstyrkir voru afnumdir árið 1991, snýr starf stofnunarinnar einkum að ESB áætlunum og samræmingu áætlana svæða og sveitarfélaga. Svæða- og sveitarstjórnir mega ekki veita stuðning til einstakra fyrirtækja, en aðgerðir sem beinast að öllum eða stórum hópi fyrirtækja á tilteknu

svæði eru leyfilegar. Ríkisstjórnvöld hafa reynt að koma á meiri samræmingu á svæðagrunni, fyrst með svæðapróunaráætlunum, þar sem sveita- og svæðastjórnir höfðu frumkvæðið, og síðan með stofnun og stuðningi við atvinnuþróunarskrifstofur innan hvers svæðis.

Á svæðagrunni starfar landsnet Tækniráðgjafarsetra (Technology Information Centres, TIC), sem veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum ókeypis ráðgjöf óháð staðsetningu í Danmörku. Áhersla er á að efla alþjóðleg tengsl fyrirtækjanna. TIC eru sjálfseignarstofnanir með höfuðstöðvar í Árósum og samstarfsnet 17 upplýsingamiðstöðva víðsvegar um Danmörku með alls um 85 atvinnuráðgjöfum. TIC eru fjármögnuð með framlögum frá ríkinu, sýslum og sveitarfélögum, en í tveimur þeirra kemur til fjármögnun frá ESB. Í stjórn landsnets TIC-setranna eiga sæti fulltrúi frá sambandi sýsluráða, samtökum sveitarfélaga, Iðnaðarráðinu, aðilum úr atvinnulífinu, danska iðnaðarsambandinu, iðnaðarmannaráðinu og atvinnuráði verkalýssambandsins.

Undanfarinn áratug hafa "grasrótar"-atvinnuþróunarskrifstofur sprottið upp í Danmörku. Ráðgjafarskrifstofurnar eru yfirleitt litlar og veita ráðgjöf á mismunandi sérsviðum. Danmörk hefur þannig orðið dæmi um nýja tegund svæðapróunarstefnu með flókið mynstur samstarfsneta og stjórnun ýmissa stjórnsýslustiga. Í umræðu í Danmörku er þetta yfirleitt talinn vera veikleiki, og er rætt um skörun á verksviði, skort á samræmingu, samkeppni eða árekstra milli stofnana og rugling fyrir viðskiptavinum.

Við rannsókn á starfssviði slíkra stofnana á Norður Jótlandi og samskiptum þeirra sín á milli, kom í ljós að yfir 40 opinberar ráðgjafarskrifstofur eru starfandi þar, og niðurstöðurnar sýna að öll stjórnsýslustig starfa að atvinnuráðgjöf og að mikið úrval atvinnuráðgjafar er á boðstólum. Kostur þess er að fyrirtæki geta valið milli margra aðila. Gallarnir eru einkum þeir að fyrirtæki þurfa oft að leita til fleiri en eins aðila til að leysa flókin mál, hin mikla flóra af litlum skrifstofum stuðlar ekki að bestu nýtingu fjármagns, stöðug leit að fjármagni leiðir litlar skrifstofur inn á ný svið sem torveldar samræmingu, og til langs tíma er hætt á að litlar skrifstofur leggist niður og með því hverfi sérfræðipækning og starfshæfni af svæðinu.

Þá ber að nefna svo nefnda tæknigarða, sem er sambyli rannsóknarstofnana, fjármálafyrirtækja og frumkvöðlasetra. Frumkvöðlasetrin eru eins konar gróðrarstöð fyrir ný fyrirtæki og veita aðstöðu og aðstoð við að þróa hugmyndir að fyrirtæki og viðskiptahugmyndir. Fyrirtækin hljóta ókeypis eða niðurgreidda aðstoð ákveðinn tíma, en síðan geta þau haft aðstöðu í tæknigarðinum áfram.

### 3.2 Svíþjóð

Svíþjóð tvö stjórnsýslustig: ríki og sveitarfélög (kommuner). Sýslurnar (län), sem eru 24 talsins, eru ekki sjálfstæð stjórnsýslustig, heldur eru starfsmenn þeirra ríkisstarfsmenn og heyra undir hin ýmsu ráðuneyti. Hver sýsla hefur sýslustjórn, “länsstyrelse”. Sýslumaðurinn, “landshövdingen” er skipaður af ríkisstjórninni. Eitt aðal verkefni sýslustjórnarinnar er framkvæmd og umsjón byggðaaðgerða ríkisvaldsins, þar á meðal að framfylgja langtíma markmiðum og annast úthlutun árlegra “styrkjakakka” til atvinnu- og byggðapróunarverkefna. Á sama landfræðilegum grunni eru svo nefnd “landsting”, sem kosin eru með beinum kosningum og sjá um heilsugæslu, almenningssamgöngur og framhaldsmenntun. Telja má þau sem eins konar þriðja stjórnsýslustig, en á síðari árum hefur áhugi vaxið á aukinni sjálfstjórn svæðanna og meiri ábyrgð á framkvæmd byggðapróunar. Myndaðar hafa verið nokkrar tilraunasýslur í þessu skyni, sem hafa m.a. umsjón með atvinnuþróun á sínu svæði. Sveitarfélögin eru 286 talsins og hafa töluvert sjálfstæði gagnvart ríki og svæðastjórnnum.

Upphaf sænskrar byggðastefnu má rekja til ójafns vaxtar fyrirtækja í suður- og norðurhluta landsins. Valin var sú lausn að flytja fyrirtækin norður. Í byrjun áttunda áratugarins var þessari staðarvalsstefnu fyrirtækja hætt og tekin upp ný byggðastefna. Nú var áherslan lögð á dreifingu opinbers fjármagns, og flutning opinberra stofnana til stuðningssvæðanna í þeim tilgangi að virka þar sem vaxtarhvati og stuðla að hagvexti landsins til langs tíma lítið. Þessir vaxtarhvatar áttu draga úr fólksflutningi milli svæða og beina fólksflutningi til þéttbýlisstaða á stuðningssvæðunum fremur en til stærri borga á öðrum svæðum.

Efnahagsniðursveiflan á áttunda áratugnum kallaði á nýjar leiðir til að glíma við vandamál sem komu hart niður á ýmsum svæðum. Skammtímalausnir sneru einkum að því að draga úr atvinnuleysi, sem var mjög mikið á sumum svæðum. Byggðaaðgerðum var þá einkum beint að endurmenntun og eflingu mannauðs. Tæknimiðstöðvar (þróunarsetur) og svæðisháskólar voru stofnsett. Farið var að líta á mannauð sem mikilvægan við staðarval þekkingarsækinn fyrirtækja. Á níunda áratugnum voru innleiddar ívilnanir á tekjuskatti í sumum héruðum í Norður-Svíþjóð. Markmiðið var að bæta fyrir langar vegalengdir og örva mannaflafrékar framleiðslugreinar á jaðarsvæðum. Þetta átti að gera fyrirtækjum kleift að byggja á mannafla í stað fjármagns. Það mundi auka eftirspurn eftir vinnuafli og auka hlut þjónustugreina í atvinnulífinu.

Frá upphafi tíunda áratugarins og fram á síðari hluta hans gekk Svíþjóð gegnum verstu atvinnukreppu frá fjórða áratugnum. Atvinnuleysi var útbreitt á öllum svæðum landsins, jafnvel í stórborgum. Þegar ástandið batnaði í lok áratugarins varð þetta vandamál bundið við ákveðin svæði. Þótt eftirspurn eftir vinnuafli hefði aukist var enn atvinnuleysi á sumum svæðum. Í dag eru aðal byggðavandamálin brottflutningur og atvinnuleysi í Norður Svíþjóð, en 88% íbúanna búa í syðsta þriðjungi landsins. Eitt af aðalmarkmiðum byggðastefnunnar varð að tryggja byggðajafnvægi, skapa samheldni milli svæða og auka þróunarmöguleika allra svæða til að auka þjóðarhagvöxt. Opinberlega þýðir þetta að jafna mun milli svæða, en þó ekki á kostnað hagvaxtar þjóðarinnar í heild. Þess í stað er stefnt að samhæfðum og sjálfbærum þjóðarvexti og útrýmingu “flöskuhálsa” í hagkerfinu. Aðalmarkmið atvinnuþróunar er að allir eigi að eiga möguleika á atvinnu, opinberri þjónustu og heilbrigðu umhverfi, án tillits til búsetu. Auk þess er stefnt að jafnvægi í búsetu og atvinnu. Nýjustu markmið eru að styðja sjálfbærann hagvöxt, jafna möguleika fyrir ólík svæði og jafna dreifingu auðs. Draga á úr neikvæðum áhrifum hins frjálsa markaðar

og gera fólki kleift að velja sér búsetu að vild, jafnvel þótt það kosti aukin opinber útgjöld.

Auk hinnar almennu byggðastefnu, hefur ríkisvaldið skilgreint svo nefnda svæðisbundna atvinnuþróun, til að geta samræmt aðgerðir stjórnvalda og lagað þær að svæðisbundnum aðstæðum. Markmiðið er að örva sjálfbæran hagvöxt innan svæðanna og þróa alþjóðlega samkeppnishæf svæði í landinu öllu. Í þeim tilgangi hafa verið skilgreindir svo nefndir svæðisbundnir vaxtarsamningar, sem er e.k. samkomulag milli aðila innan hvers svæðis um hvernig eigi að vinna að hagvexti og byggðaþróun þess svæðis. Aðalmarkmiðið er að fá heimamenn til að koma sér saman um aðgerðir og stuðla að bestu nýtingu og samræmingu ríkisfjármagns á svæðagrunni. Samningarnir eru í gildi í þrjú ár frá árinu 2000. Reiknað er með mótframlagi ESB, en samningarnir er ekki bundnir við hin hefðbundnu stuðningssvæði, heldur eiga öll svæði sama möguleika á þátttöku á svipuðum skilmálum. Samningarnir eru mismunandi, til að geta þróað styrk hvers svæðis og komið af stað sjálfbærri þróun. Lykilorð eru m.a. samfjármögnun (partnership), vaxtarmöguleikar, grasrótarpátttaka og almenn þátttaka. Byggt er á samvinnu opinbera geirans og einkageirans, með mikilli áherslu á þann síðarnefnda. Ríkisstofnanir eiga að vinna saman að framkvæmd þessara samninga. Þátttakendur eru fyrirtæki, samtök atvinnulífsins, sveitarfélög og sýslustjórnin (länsstyrelsen), sem sér um samræmingu þessara aðgerða.

Eftir að Svíþjóð gerðist aðili að ESB árið 1995 tekur sænsk byggðastefna meira mið af svæðaþróunarstefnu ESB, sem beinist meira að almennum aðgerðum en sértækum aðgerðum. Þessi breyting hafði þó hafist áður en Svíþjóð varð aðili að ESB. Mesta breytingin lá í aðgangi Svía að uppbyggingarsjóðum ESB. Stuðningssvæði hafa verið til síðan 1960, og byggjast einkum á atvinnuleysi og brottflutningi. Þau hafa minnkað að umfangi og falla nú að mestu saman við stuðningssvæði ESB. Þau ná yfir 62% af landsvæði Svíþjóðar og á þeim búa 13,5% íbúa landsins. Hægt er að styðja við verkefni utan þessara svæða ef það hefur áhrif á atvinnu eða hætta er á lokun eða meiriháttar endurskipulagningu fyrirtækja. Ýmsir svæðastyrkir fyrir hendi til fyrirtækja, sem vilja setja á stofn eða auka starfsemi sína á skilgreindum forgangssvæðum. Um er að ræða fimm tegundir styrkja, lána og eftirgjöf á atvinnurekendagjöldum. Styrkirnir eru svæðaþróunarstyrkur fyrir fjárfestingar í byggingum og búnaði, starfsmannastyrkur, vöruflutningastyrkur og dreifbýlisstyrkur. Þessir styrkir eru veittir sjálfkrafa til allra fyrirtækja sem uppfylla skilyrði fyrir þeim.

Byggðaþróun er stýrt af ríkisvaldinu, til að stuðla að samræmingu innbyrðis og við aðrar efnahagsaðgerðir. Samt sem áður hefur nokkur dreifing valds og ábyrgðar átt sér stað að frumkvæði heimamanna og hvatningu stjórnvalda. Á svæðagrunni er atvinnuþróun í höndum sýslustjórna og sveitarfélaga. Sýslustjórnirnar sjá um framkvæmd ríkisáætlana um byggðaþróun. Þær hafa umsjón með framkvæmd stefnu og aðgerða ríkisvaldsins, opinberri þjónustu ríkisins og eftirliti með sveitarstjórnnum.

Sænska iðnaðarráðuneytið og stofnanir þess hafa yfirumsjón með byggðaþróunaraðgerðum. NUTEK (Ríkisstofnun fyrir iðnaðar- og tækniþróun) er höfuðstofnun Svíþjóðar varðandi atvinnuþróun. Ásamt ALMI fyrirtækjapartner er NUTEK þekkingarmiðstöðvar fyrir fjármögnun, fyrirtækjaþróun og atvinnuþróun. NUTEK er skipt upp í fjögur svið: fjármögnun fyrirtækja, svæðisbundin atvinnuþróun, upplýsingar og ráðgjöf, ásamt samstarfsnet og “fjarfundarstöðum”. Aðalmarkmið með fjármögnun fyrirtækja er að skapa vöxt og endurnýjum í sænsku atvinnulífi. Aðstoðin beinist að upphafi þróunarferils fyrirtækjanna og fjármögnun vaxtar þeirra. Stutt er við tækninýjungar á byrjunarskeiði lífskröftugra fyrirtækja á stuðningssvæðum ásamt markmiðastýrðri fyrirtækjaþróun og endurmenntun. Samstarfsnet og “fjarfundarstaðir” gefa fyrirtækjum og einstaklingum kost á

tengslum, samstarfi, þekkingar- og reynslumiðlun. Á vegum NUTEK starfa fyrirtækjaráðgjafar víðsvegar um landið. Þeir eru sérhæfðir í að aðstoða vaxtarfyrirtæki og finna fjármagn.

ALMI á að stuðla að vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja með rekstrarráðgjöf, markaðsþróun og fjármögnun. ALMI á að aðstoða lítil fyrirtæki við að fá aðgang að öllu fjármagni á markaðnum. Þegar bankar geta ekki fjámagnað að fullu, getur ALMI gripið inn og veitt topplán. Aðalmarkmið ALMI er að auka hagvöxt með aukinni arðsemi, veltu og fleiri atvinnutækifærum. Markmið er að fleiri konur, innflytjendur og ungt fólk geti rekið eigið fyrirtæki. ALMI samanstendur af móðurfyrirtæki og 21 svæðisbundnum dótturfyrirtækjum, einu í hverri sýslu. Svæðapróunardeildin sér einkum um samræmingu vaxtarsamninga og uppbyggingarsjóða ESB, ásamt þróun aðferðafræði fyrir virka atvinnuþróun sveitarfélaga og svæða.

VINNOVA er stofnun fyrir rannsóknir og þróunar á sviði tækni, atvinnulífs og flutninga. Markmiðið er þekkingardreifing til fyrirtækja og opinbera geirans, með sérstakri áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki. Áhersla er á samstarfsnet á ríkis-, svæða- og atvinnuvegagrunni innan atvinnulífsins, rannsóknargeirans og stjórnmála. Þekkingarmiðstöðvar eru form fyrir rannsóknarsamstarf háskóla og fyrirtækja.

ITPS er stofnun fyrir hagvaxtar- og þróunarrannsóknir. Þar eru stundaðar ýmsar rannsóknir á forsendum vaxtar, unnar úttektir og umsagnir og starfræktur upplýsingabanki.

Þá ber að nefna tæknigarða, sem starfa líkt og í Danmörku og byggja á sambýli rannsóknarstofnana, fjármálafyrirtækja og frumkvöðlasetra. Frumkvöðlasetrin eru eins konar gróðrarstöð fyrir ný fyrirtæki og veita aðstöðu og aðstoð við að þróa hugmyndir að fyrirtæki og viðskiptahugmyndir. Fyrirtækin hljóta ókeypis eða niðurgreidda aðstoð ákveðinn tíma, en síðan geta þau haft aðstöðu í tæknigarðinum áfram.

### 3.3 Noregur

Líkt og í Danmörku og Svíþjóð hefur Noregur tvö stjórnsýslustig: ríki og sveitarfélög (kommuner). Sýslurnar (fylke), sem eru 19 talsins, eru ekki sjálfstæð stjórnsýslustig, en á sama landfræðilegum grunni eru svo nefndar “fylkeskommuner”, með stjórn kosna með beinum kosningum. Telja má þetta sem eins konar þriðja stjórnsýslustig. Sveitarfélögin eru 273 talsins og hafa töluvert sjálfstæði gagnvart ríki og svæðastjórnnum.

Byggðavandamál í Noregi eiga rætur að rekja til viðkvæmra samfélaga, fólksfækkunar, skorts á fjölbreyttni fyrirtækja, litlum heimamarkaði og litlum fyrirtækjum. Atvinnuleysi og litlar tekjur á íbúa eru ekki taldar til meginskýringa byggðavandamála m.a. vegna víðtækra stuðningsaðgerða. Síðustu 10 ár hefur orðið mikil fólksfækkun í dreifbýli, einkum í Norður-Noregi. Þetta leiðir af sér misræmi í aldurs- og kynskiptingu, þar sem það er einkum ungt fólk, og einkum kvenfólk, sem flytur í þéttbýlið. Enn fremur kemur þetta fram í lakari þjónustu og atvinnutækifærum í minni samfélögum í dreifbýlinu. Vöxtur hefur verið mikill í stærri bæjum á Oslóarsvæðinu og vesturströndinni. Áframhaldandi vöxtur þessara svæða á kostnað annarra svæða er talinn geta dregið úr hagvexti og hagþróun landsins í heild.

Byggðaaðgerðir í Noregi hófust eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar og urðu hluti af opinberri stefnu ríkisins upp úr 1950. Byggðastefnan mótaðist m.a. af því ástandi sem ríkti í landinu í lok styrjaldarinnar. Þá hafði stór hluti allra mannvirkja og grunngerðar verið gjöreyðilögð, einkum í norðurhéruðum landsins. Þetta leiddi til þess að byggðaaðgerðir tengdust mjög efnahagsuppbyggingu landsins og er þessi einkenni enn að finna í norskri byggðapólitík. Á stríðsárunum hafði íbúum Norður-Noregs fækkað, og til að endurheimta íbúana var stofnaður þróunarsjóður Norður-Noregs og sett í gang áætlun um fjárhagsstuðning við iðnað, endurbætta grunngerð o.fl. Annar þróunarsjóður var stofnaður til að styðja fyrirtæki á svæðum þar sem atvinnuleysi var mikið vegna slæmrar stöðu atvinnulífs. 1961 voru þessir sjóðir sameinaðir í Svæðaþróunarsjóðnum, sem hafði það markmið að efla atvinnu á svæðum með veika stöðu iðnaðar, án tillits til landfræðilegrar legu. 1993 var þessi sjóður sameinaður ýmsum öðrum í Iðnaðar- og svæðaþróunarsjóði norska ríkisins (SND).

Opinbert markmið norskrar byggðastefnu hefur frá 1960 verið að viðhalda byggðamynstrinu, og einkum á áttunda og níunda áratugnum að jafna lífskjör og búsetuskilyrði í öllum hlutum landsins. Allir eiga að hafa sama aðgang að atvinnu, opinberri þjónustu og heilbrigðu umhverfi án tillits til búsetu. Byggðastefnan á að stuðla að jafnvægi í byggðaðróun, skapa varanleg og arðbær störf sem stuðla bæði að hagvexti einstakra svæða og landsins alls, viðhalda auðlindum landssins, draga úr mengun og þróa sjálfbær samfélög. Byggðaaðgerðir voru áður einskorðaðar við styrki til fyrirtækja eða svæðastjórnvalda á sviði atvinnulífs samkvæmt hagfræðikenningum Keynes. Þetta beindist einkum að framleiðslu, og fjárfestingarstyrkir voru notaðir til að vinna gegn ójöfnuði milli svæða á sviði vinnumarkaðar og flutningskostnaðar. Þetta átti einkum að jafna samkeppnisaðstöðu jaðarsvæða gagnvart kjarnasvæðum.

Norðmenn hafa nú yfirgefið hagstjórnarlíkan Keynes og upp úr 1990 hafa þessar fjárfestingar orðið meira óbeinar og hlutlausar gagnvart fyrirtækjum og verið beint meira að "mjúkum" fjárfestingum á sviði þekkingar og nýsköpunar. Áherslan beinist nú meira að ráðgjöf á sviði rekstrar og stofnunar fyrirtækja. Áhersla er einnig lögð á svæðastofnanir og sveitarfélög, og á síðari árum hafa verið þróaðar nýjar leiðir fyrir mjúka grunngerð til stuðnings þeim. Markhóparnir eru sveitarfélög (oft dreifbýl), fyrirtækjahópar og rannsóknarsamfélagið. Fjárhagsaðstoð er einkum á “pakkaformi”, fjárfestingarstyrkir, lán og ábyrgðir, auk styrkja til fyrirtækjaþróunar. Á síðari hluta

tíunda áratugarins hefur áherslan beinst að velferðar- og þróunarvandamálum jaðarsvæða og fólksfækkunarsvæða, tengt svæðastefnu Evrópusambandsins, til eflingar samkeppnishæfni svæða, þekkingu og nýsköpun.

Gerður er greinarmunur á “litlu” og “stóru” byggðastefnunni í Noregi. Til stóru byggðastefnunnar teljast ýmis stefnumál stjórnvalda t.d. á sviði aðgerða í skattakerfinu, grunngerðar (samgangna, fjarskipta, menntunar, heilsugæslu),

landbúnaðarstefnu, vinnumálastefnu, menntunar, landvarna og velferðarstefnu. Þessi hluti byggðastefnunnar hefur haft mikla þýðingu fyrir byggðapróun á strjálbýlum svæðum landsins. Til litlu byggðastefnunnar teljast hefðbundnar aðgerðir á sviði atvinnu- og markaðsmála sem víða er beitt í hinum vestræna heimi. Þar má einkum nefna svæðisbundna styrki til fyrirtækja, landbúnaðar, dreifbýlla svæða, atvinnusköpunar og flutningskostnaðar, skattaafsláttá og aðra styrki.

Noregi er skipt upp í 5 svæði sem njóta mismunandi mikils opinbers stuðnings. Þessi svæðaskipting er háð samþykki ESA (eftirlitsstofnunar EFTA). Stuðningssvæðin eru að mestu leyti jaðarsvæði í norðurhluta landsins. Vægi svæðanna byggist á stöðugu endurmati á fjögurra ára fresti. Aðeins svæði með minna en 12.5 íbúa á km<sup>2</sup> koma til greina, en að öðru leyti er farið eftir íbúa- og atvinnuþróun, atvinnusamsetningu, efnahagsástandi og meðaltekjum. Á svæðunum búa um 25% þjóðarinnar. Fjárfestingarstyrkir til fyrirtækja eru frá 10% til 40% eftir stærð þeirra og staðsetningu. Styrkir til vöruþróunar og markaðsmála eru 30 - 40 % á öllum svæðunum. Styrkir til ráðgjafar, kennslu og sérfræðiaðstoðar er á bilinu 50 - 75 %.

Annað tæki svæðapróunar er mismunur á atvinnurekendagjöldum og tryggingagjöldum fyrirtækja eftir svæðum. Hér er notuð önnur svæðaskipting, sem einnig byggir á atvinnuástandi. Þessi gjöld eru hæst í suðurhluta landsins, en lækka eftir því sem norðar dregur. Á svæðum sem hér njóta stuðnings búa 28% íbúa landsins. ESA hefur gert athugasemdir við þennan stuðning og telur hann niðurgreiðslu, en ekki hluta af almennri skattastefnu. Dómsniðurstaða er hins vegar að heimilt sé að nota þessa aðgerð í fyrirtækjum á flestum sviðum efnahagslífsins.

Ábyrgð á framkvæmd byggðastefnunnar er skipt milli ýmissa ráðuneyta, sérstofnana og stofnana sveitarfélaga. Stefnumörkun í byggðamálum í Noregi er í höndum sveitarstjórna- og byggðamálaráðuneytisins, en flest ráðuneyti koma á einhvern hátt þar að stefnumörkun og framkvæmd byggðastefnunnar. Byggðastefnan byggir á byggðaáætlun, en ráðherra flytur ræðu í Stórþinginu á ári hverju, þar sem fjallað er um hvernig að framkvæmd hennar verður staðið. Framkvæmd aðgerða er að mestu í höndum Atvinnusjóðs landssins SND (Statens nærings- og distriktsutvklingsfond), fylkisstjórna, sveitarstjórna, SIVA (Selskapet for industrivekst), og Rannsóknarráðs Noregs. Mikil áhersla er lögð á samstarf þessara aðila.

SND var til við samruna Svæðapróunarsjóðsins, Iðnþróunarsjóðsins, Smáfyrirtækjasjóðsins og norska Iðnaðarbankans. Síðan hafa Útvegsbankinn og Landbúnaðarbankinn bæst í hópinn. Segja má að í sjóðnum sé sameinaður fjárstuðningur við allar atvinnugreinar landsins. SND heyrir undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, en stjórn SND er skipuð fulltrúum úr atvinnulífinu. SND hefur atvinnugreinaeildir og svæðadeildir, sem staðsettar eru víðsvegar um landið og annast afgreiðslu mála á sínu svæði. SND hefur það verkefni að stuðla að framþróun atvinnulífsins, að tryggja þjóðhagkvæmni og hagkæm rekstrarskilyrði fyrirtækja í dreifbýli sem og landinu öllu. Megináhersla næstu ára á að vera á að stuðla að aukinni nýsköpunarhæfni og þekkingu innan lítilla og meðalstórra fyrirtækja. SND vinnur að svæðisbundinni endurskipulagningu atvinnulífsins, þróun og eflingu þess á



landsbyggðinni. Efst á lista SND eru mannauður og nýsköpun. Hvað varðar einstaklinga er mest áhersla á frumkvöðla, konur og ungt fólk. SND tekur þátt í endurskipulagningu, vöruþróun og nýsköpun í norsku atvinnulífi um allt land og stuðlar að verkefnum sem leiða til viðvarandi atvinnusköpunar á svæðum með takmörkuðu atvinnuframboði eða lítilli breidd í atvinnulífinu. SND hefur umsjón með öllum stærri byggðapólitískum áætlunum auk atvinnuþróunar- og fiskveiðiþróunaráætlana. SND kemur að fjármögnun fyrirtækja, nýsköpun og framþróun og fjárfestingum í Noregi. Veittir eru stofnstyrkir, þróunaratyrkir, hlutafé og lán. Þar með eru talin áhættulán, og í sérstökum afskriftasjóði er fjármagn sem svarar 25% af lánsheimild sjóðsins.

Þar sem forsendur atvinnulífsins eru breytilegar eftir landsvæðum, á SND að sníða starfsemi sína að staðbundnum og svæðisbundnum aðstæðum. SND á að hlaupa undir bagga þegar fjármagns- eða mannauðsmarkaðurinn virkar ekki og stuðla að því að byggðastefnunni sé fylgt þegar hagkvæmni og byggðastefna eiga ekki samleið. Auk þess er SND mikilvægur ráðgjafi í atvinnu- og byggðastefnu.

Meðal einstakra verkefna sem SND styður eða tekur þátt í eru FORNY-verkefnið, sem snýr að nýsköpun og markaðssetningu á rannsóknar- og þróunarmhverfi. Þetta er samstarfsverkefni SND og norska Rannsóknarráðsins, en auk þess koma iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og sveitarstjórna- og svæðaráðuneytið að fjármögnun þess. FRAM-verkefnið miðar að þróun á upplýsingatækni til að bæta rekstrarskilyrði fyrirtækja. NT-verkefnið snýr að nýsköpun og tækniþróun í Norður-Noregi.

SIVA er ríkisfyrirtæki, sem heyrir undir sveitarstjórna- og byggðamálaráðuneytið. SIVA er skilgreint sem nýsköpunar- og fjárfestingarfyrirtæki, sem á að stuðla að aukinni verðmætasköpun og atvinnu á landsbyggðinni. SIVA á að stuðla að þróun sterkra verðmætasköpunarmhverfa í landinu öllu með öflun fjármagns, þekkingar og samstarfsneta. Aðaláherslan á þó að vera á landsbyggðina. SIVA vinnur að uppbyggingu og fjárfestir í eignum og grunngerð og er eigandi eða hluteigandi í iðngörðum, rannsóknargörðum, þekkingarmiðstöðvum, frumkvöðlasetrum og áhættufjármagnsfyrirtækjum. SIVA hefur þróað umfangsmikið samstarfsnet nýsköpunarfyrirtækja og starfar með einstaklingum, fyrirtækjum og áhugahópum við að þróa aðlaðandi fyrirtækjasmhverfi, arðbæra atvinnuvegi og aðlögunarhæf sveitarfélög í landinu öllu. Áhersla er lögð á lítil og meðalstór fyrirtæki. Aðalstöðvar SIVA eru í Þrándheimi, en á vegum þess eru auk þess 40 iðngarðar um land allt.

Rannsóknarráð Noregs er ráðgjafarstofnun, sem auk þess hefur u.þ.b. 30 milljarða íslenskra króna til ráðstöfunar til styrktar rannsóknum. Áhersla er á rannsóknir tengdar atvinnulífi og samfélagi. SINTEF-rannsóknarsamsteypa hefur þá sérstöðu að vera að mestu staðsett á landsbyggðinni, en höfuðstöðvar hennar eru í Þrándheimi. Markmið hennar er að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins og virkni opinbera geirans. Hún tekur m.a. þátt í FORNY-verkefnum með SND o.fl.

Ábyrgð á framkvæmd byggðaaðgerða er ekki einvörðungu í höndum ríkisins heldur hafa fylkisstjórnir þar viðtækt valdssvið. Flestum svæðabundnum fjárfyrirkjóm og atvinnuþróun er stjórnað af ráðuneytum eða ríkisstofnunum, en framkvæmdinni er oft stjórnað af fylkisstjórnnum eða sveitastjórnnum. Stefnt er að því að auka þátt svæða- og sveitarstjórna í byggðastefnunni með svæðaþróunaráætlunum, sem eiga að vinnast af fylkiskommúnunum. Þessar áætlanir eiga að skilgreina langtímaaðgerðir, aðlagðar svæðinum og ná yfir alla geira. Þekking, hæfni og nýsköpun eru taldar mikilvægustu forsendurnar fyrir samkeppnishæft atvinnulíf. Þetta kallar á þróun þekkingar- og nýsköpunarmhverfis í nábylí við háskóla til að auka samvinnu atvinnulífsins og háskólanna. Ábyrgðin á að vera á höndum fylkiskommúnanna í samvinnu við svæðisbundnar ríkisstofnanir, sveitarfélög, atvinnulíf, háskóla og einkafyrirtæki.

### 3.4 Finnland

Finnlandi hefur tvö stjórnsýslustig, ríki og sveitarfélög. Finnlandi er skipt í 19 sýslur (lén) og 455 sveitarfélög. Hver sýsla hefur svæðasamband, sem í sitja fulltrúar fyrir öll sveitarfélög svæðisins, og má e.t.v. telja það vera þriðja stjórnsýslustigið, þótt það sé ekki kjörið með beinum kosningum. Svæðasambandið ber m.a. ábyrgð á þróunaráætlun svæðisins, skipulagsmálum og heilsugæslu.

Hraður hagvöxtur síðari ára og stofnbreyting innan margra atvinnugreina hafa leitt til landfræðilegrar samþjöppunar fyrirtækja og íbúa til svæða nálægt helstu þéttbýliskjörnunum. Mestur brottflutningur er frá norðurhéruðum Finnlands, og svæðisbundin vandamál eru alvarlegust í norður- og austurhéruðunum. Landbúnaður og skógarhögg eru mikilvægar atvinnugreinar á þessum svæðum, og atvinnuleysi er þar mikið. Iðnaður er þar að mestu í höndum fárra stórra fyrirtækja í timburiðnaði og í minna mæli framleiðslu timburafurða. Fólksflutningar til sterkustu byggðakjarnanna ógna einnig byggðamynstri miðlægari svæða Finnlands, en á þéttbýlli svæðum Suður-Finnlands tengjast vandamálin einkum breyttum atvinnuháttum og atvinnuleysi.

Markmið finnskrar byggðastefnu er að stuðla að jafnvægi í byggðaðróun. Stefnt er að því að draga úr fólksfækkun á jaðarsvæðum með því að tengja byggðaðróun og landbúnaðarstefnu, til að efla atvinnulíf og stuðla að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins. Aðaláherslan er þó á efnahagslega samkeppnisstöðu þjóðarinnar, hagvöxt og atvinnu. Byggðavandinn telst ekki lengur vera einskorðaður við dreifbýlustu svæðin, heldur er núna lögð áhersla á að þróa þéttbýliskjarna, sem eiga að vera eins konar vaxtarkjarnar víða um landið. Veita á forgang aðgerðum sem miða að því að þróa nýsköpunarumhverfi og fjölbreytt atvinnulíf. Einnig er stefnt að stofnbreytingu í landbúnaði og bættum aðstæðum fyrir ferðaþjónustu, fjarvinnslu og búsetu almennt. Þjónusta á að miðast við þarfir íbúa og fyrirtækja. Efla á stöðkerfi byggðaðróunar á öllum stjórnsýslustigum. Ennfremur á að leggja áherslu á samband þéttbýlis og dreifbýlis og áætlanir varðandi víxlverkan milli borga og nágrennasvæða þeirra.

Aðild Finnlands að Evrópusambandinu 1995 breytti forsendum byggðastefnunnar, og svæðastefna ESB er nú rammi hennar. Áætlanir ESB hafa mikla þýðingu fyrir finnska byggðastefnu, og Finnland hefur aðlagð hana að uppbyggingarsjóðum ESB. Opinberi geirinn gegnir lykilhlutverki varðandi þjónustu og atvinnuþróun, líkt og á hinum Norðurlöndunum, en þó ekki lengur með því að skapa ný opinber störf. Í stað þess beinist áherslan að því að efla starfsemi einkageirans, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, sem eru álitin vaxtarbroddur byggðaðróunar.

Finnska byggðastefnan byggist á lögum um byggðaðróun frá árinu 1993. Lögin binda stjórnvöld til að framfylgja ákveðinni stefnu og skylda þau til að deila út frármunum eftir þörf hvers svæðis. Í lögnum eru sett fram markmið, sem snúa að þróun búsetuþátta, tryggingu grunnþjónustu, uppbyggingu grunngerðar, endurnýjun svæðisbundinna framleiðslukerfa, bættum rekstrarskilyrðum fyrirtækja, sköpun nýrra starfa, styrkingu efnahags svæðanna og aukinni menntun íbúa þeirra. Nú stendur yfir endurskoðun á lögnum til að hægt sé að gera umbætur á byggðastefnunni. Þessar endurbætur felast m.a. í stuðningi við fyrirtæki, staðarvalsráðleggingum og flutningi ríkisstofnana, auk aðlögunar að reglum ESB.

Byggðaaætlun er sett fram í árlegri markmiðaaætlun sem samþykkt er af finnska þinginu. Næstum öll ráðuneyti deila fjármunum á svæði, oftast í tengslum við áætlanir ESB. Strangt tekið eru útgjöld vegna byggðaaðgerða minna en 1% af fjárlögum, en auk þess stuðla ýmsar aðrar aðgerðir ríkisvaldsins að eflingu byggðaðróunar, svo sem bygging háskóla á landsbyggðinni. Nýjasta byggðaaætlunin skiptist í áætlun um byggðakjarna, dreifbýlisáætlun og svæðabundna nýsköpunaráætlun, sem m.a. inniheldur sérstaka áætlun um svæðismiðstöðvar.

Í Finnlandi eru 3 afmörkuð stuðningssvæði og 11 svo nefnd aðlögunarsvæði. Stuðningssvæðin ná yfir mestan hluta landsins nema syðsta hlutann, en aðlögunarsvæðin eru dreifð um mið- og suðurhlutann. Umfang svæðanna hefur aukist frá því að ná eingöngu til dreifbýlla norðlægra svæða, og nú ná þau einnig til svæða með gamalt iðnaðarmynstur, atvinnuleysi og litla atvinnuþróun. Á þessum svæðum búa samtals rúm 40% þjóðarinnar, sem er hærra hlutfall en á hinum Norðurlöndunum.

Finnska byggðastefnan er í höndum innanríkisráðuneytisins, sem ber ábyrgð á löggjöf um byggðaðróun, svæðisskiptingu byggðaaðgerða, eftirfylgni byggðastefnunnar og samræmingu byggðaaðgerða á ríkis- og svæðagrunni, þ.m.t. yfirsýn yfir sveitarfélög. Stefna varðandi fyrirtækjapróun er að miklu leyti í höndum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins gegnum svæðaskrifstofur þess. Ýmis önnur ráðuneyti sjá um áætlanir tengdar byggðastefnunni, svo sem landbúnaðarráðuneytið.

Rammi um framlög til byggðaðróunar er ákveðinn í fjárlögum, en innanríkisráðuneytið metur endanlega heildarfjárbörf út frá tveimur markmiðum: að auka samhæfingu byggðaaðgerða hinna ýmsu ríkisgeira, og að byggðaðróun sé tekin inn í fjárhagsáætlun allra ráðuneyta. Lokaákvörðun varðandi fjárhagsáætlun er hins vegar tekin af hverjum ríkisgeira út af fyrir sig.

Stuðningur við fyrirtæki er á formi svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar, sem er í höndum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, og svæðisbundinna skattaívilnana, sem er í höndum fjármálaráðuneytisins. Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð er stuðningur til fyrirtækja sem fjárfesta á stuðningssvæðunum eða aðlögunarsvæðunum. Aðstoðin er á formi fjárfestingarlána og áhættufjármagns. Sérstök stuðningsáætlun við lítil og meðalstór fyrirtæki býður upp á fjárfestingar- og byrjunarstyrki, og stuðningsáætlun fyrir iðnað í dreifbýli býður upp á fjárfestingar-, byrjunar- og þróunarstyrki og fjárfestingarlán. Aðal stuðningsgeirarnir eru iðnaður, ferðapjónusta og fyrirtækjapjónusta. Skattaívilnanir til fyrirtækja eru á formi aukinna afskrifta til fyrirtækja sem uppfylla reglur ESB um aðstoð. Auk þessa er annar ríkisstuðningur með svæðaformerki. Öll þessu þjónusta fer fram gegnum svæðismiðstöðvarnar. Auk þess er veittur stuðningur til endurmenntunar, rannsóknar- og þróunarstarfs og í minna mæli vöruflutninga.

Lykilaðili í svæðaðróun er Kera, sem er ríkisstudd fjármálastofnun, sem á að efla og fjármagna lítil og meðalstór fyrirtæki. Áður fyrr var starfssviðið einungis þróunarsvæðin, en frá 1993 er starfssviðið landið allt, og veitt er áhættufjármagn og ráðgjöf fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Skilmálar eru þó breytilegir eftir svæðum. Frá 1999 var Kera og Finnish Guarantee Board steipt saman í Finnvera, sem hefur 15 svæðaskrifstofur víðs vegar um landið.

Á svæðagrunni eru 19 svæðastjórnir sem skipaðar eru fulltrúum sveitarfélaganna. Þær bera ábyrgð á svæðaðróun, þ.á.m. gerð og framkvæmd svæðisbundinna þróunaráætlana í samvinnu við fulltrúa hinna ýmsu ríkisgeira á hverju svæði.

Í hverri sýslu eru starfrækt atvinnuþróunarsetur, sem heyra undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, atvinnumálaráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið. Hlutverk þeirra er að veita aðstoð og ráðgjöf til fyrirtækja, efla útflutning, alþjóðavæðingu og tækniþróun fyrirtækja, efla landbúnað og annast stjórnkerfi sjávarútvegs. Auk þess annast þau samræmingu atvinnuþróunaraðgerða og dreifingu ríkisfjármagns til byggðaðróunar.

Áætlun um þekkingarmiðstöðvar á rætur sínar að rekja til ársins 1994. Nú eru í Finnlandi 14 slíkar þekkingarmiðstöðvar og tvö samstarfsnet fyrir landið allt. Þekkingarmiðstöðvarnar heyra undir finnsku Tækniþróunarstofnunina, sem sér um fjármögnum þeirra og tengingu fyrirtækja við landsnetin. Markmiðið er að skapa

alþjóðlega samkeppnishæf fyrirtæki, atvinnu og framleiðslu með öflugum svæðisbundnu rannsóknar- og þróunarstarfi.

Samkvæmt áætluninni um svæðismiðstöðvar á að skapa samstarfsnet svæðismiðstöðva í landinu öllu. Svæðismiðstöðvarnar verða 30-40 talsins og eiga að styrkja byggðamynstur í landinu öllu. Hver þeirra á að þjóna því sem talið er samfellt vinnumarkaðs-, þjónustu- og samskiptasvæði. Áætlunin á að efla samstarf milli sveitarfélaga, og svæðismiðstöðvarnar eiga að stuðla að atvinnuþróun í samræmi við félagslegar jöfnunaraðgerðir innan hvers svæðis.

### 3.5 Írland

Írland er mun meira miðstýrt en Norðurlöndin. Flest málefni eru í höndum ríkisstjórnarinnar, en landinu er skipt í sýslur (counties) með sýslustjórnnum (sounty councils), sem sjá um skipulagsmál, umhverfismál o.fl. Sveitarfélögin hafa minna sjálfstæði og minni fjárráð en á Norðurlöndunum.

Landflótti vegna atvinnuleysis og fábrotins atvinnulífs var áratugum saman eitt helsta byggðavandamál Írlands. Eftir fjölda ára slakrar hagþróunar, er Írland hins vegar orðið eitt af helstu vaxtarsvæðum Evrópu í dag. Innganga í Evrópusambandið árið 1973 er talin mikilvægt skref sem m.a. hjálpaði til við þróun grunngerðar landsins svo sem menntunar, vegakerfis o.fl. Einnig breyttist hugarfarið og menn náðu að hagnýta betur ytri aðstæður. Ríkisfjárhagurinn og efnahagur landsis varð stöðugri. Verg þjóðarframleiðsla er enn 10% undir meðaltali ríkja Evrópusambandsins, en vex hraðar en í öðrum aðildarlöndum.

Írland hefur nýtt sér upplýsingasamfélagið, og fyrirtæki nota upplýsinga- og fjarskiptatækni í auknum mæli. Meiri áhersla er lögð á rannsóknir og þróun en áður, og rannsóknar- og þróunarstarf innan fyrirtækja hefur vaxið í seinni tíð. Írar hafa lagt mikinn metnað og fjárfestingar í menntakerfið og náð að byggja upp góða skóla með mikla tengingu við atvinnulífið í landinu. Stjórnvöld hafa lagt mikla áherslu á að sveigja skólakerfið að þörfum atvinnulífsins og því er fólk á vinnumarkaði talið vel menntað og hæft til að starfa hjá fyrirtækjum með margvíslega starfsemi. Það eru einkum borgirnar sem hagnast hafa á upplýsingasamfélaginu, en sum svæði á landsbyggðinni hafa dregist aftur úr.

Farsæld Íra byggir að miklu leyti á því að þeim hefur tekist að laða að erlend fyrirtæki sem hafa sett á fót starfsemi í landinu. Með því að setja á laggirnar starfsemi í landinu opnast erlendum fyrirtækjum utan ESB aðgangur að innri markaði Evrópusambandsins. Írar hafa einnig boðið erlendum fyrirtækjum ýmsa fyrirgreiðslu, t.d. styrki og skattaávilnanir m.a. 10 % fyrirtækjaskatt, ef þau hefja starfsemi á Írlandi. Árlega eru um 140 milljónir punda settar í styrki til að laða að nýja fjárfesta. Meðal annarra þátta sem gera Írland eftirsóknarvert eru vaxandi gæði vinnuafls, en Írland sækist í auknum mæli eftir fyrirtækjum sem þarfnast sérhæfðs vinnuafls. Írar tala ensku og einnig hefur mikil áhersla verið lögð á tungumálakennslu í menntakerfinu. Símsvörun, m.a. fyrir ESB er því vaxandi verkefni, en skilar ekki miklu til samfélagsins og vinnuafl við símsvörun er óstöðugt.

Landsskipulag (National Development Plan) er gert á 6 ára fresti. Þar er mörkuð stefna fyrir byggðaðróun í samhengi við efnahagsþróun, skipulag grunngerðar s.s. vegakerfis, menntun o.fl. Núverandi Landsskipulag (2000-2006) miðar að því að jafna byggða- og atvinnuþróun í landinu. Lykilatriðið er þróun vaxtarkjarna, svo nefndra “Gateways” eða “hliða”. Þessi Gateway þurfa að hafa til að bera lykilþætti sjálfbærrar efnahagsþróunar, þ.e. gott aðgengi að bæði heimamarkaði og erlendum mörkuðum, nútímalegt fjarskiptakerfi, rannsóknar- og þróunarmöguleika aðgengilega fyrirtækjum í öllum greinum atvinnulífsins, háþróað menntakerfi, menntað og hæfileikaríkt vinnuafl, hágæða grunngerð, m.a. vegakerfi og orkukerfi, nægt húsnæði, góð lífsgæði almennt og góða umhverfiskosti. Þau svæði sem hafa alla þesa eiginleika eru venjulega stærri þéttbýlissvæði með góða staðsetningu út frá baklandi sínu og geta þannig beint þróun að sínu áhrifasvæði og myndað einskonar “uppfyllingu” á milli borga, bæja, þorpa og sveita.

Landinu er skipt upp í stuðningssvæði. Ástæður fyrir þessari skiptingu eru m.a. að á árabílinu 1991-1996 fjölgaði fólki minna á “Border, Midland og West” (BMW) svæðinu en í ríkinu í heild. Hlutfall íbúafjölda Írlands sem býr á BMW svæðinu er 27% en 73% á “South og East” (S&E) svæðinu. BMW svæðið er landbúnaðarsvæði,

og meðaltekjur eru þar lægri og efnahagsvöxtur hefur ekki verið eins mikill og á S&E svæðinu. BMW-svæðið heyrir undir Markmið 1 (ESB), sem þýðir að ríkið getur veitt styrki í allt að 40% af fjárfestingum í fyrirtækjum, og ef fyrirtækin eru lítil eða meðalstór (með færri en 250 starfsmenn) er hægt að styrkja um 15% í viðbót. S&E svæðið er skilgreint sem “Markmið 1 – breytingasvæði”, þ.e. svæði á leið út úr Markmið 1 skilgreiningunni. Það þýðir að ríkið getur styrkt fjárfestingar í fyrirtækum allt að 20% og 10% aukalega fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Engin ein stofnun sér um byggðamál í landinu, en Írar hafa byggt upp öflugt atvinnuþróunarkerfi, og aðstoð við atvinnulíf á Írlandi er á vegum nokkurra ríkisstofnanna. Auk þessara stofnanna vinna einnig svokallaðar Enterprise boards að atvinnuþróun í hverju héraði.

*Forfás* er ríkisstofnun, sem vinnur að stefnumótun fyrir þróun iðnaðar, vísinda og tækni. Stefnumótunin er samhæfð fyrir grunngerð (vegagerð, fjarskipti, orkumál), þjónustu (fjárhagsmál, menntun, vísindi og þróun) og reglugerðir, m.a. varðandi skatta, samkeppnisreglur, umhverfisvernd og vinnulöggjöf. Stofnunin gegnir eftirlitshlutverki gagnvart atvinnuþróunarstofnunum og veitir þeim sérfræðiráðgjöf á sviði hagfræði, skipulagsfræða, ESB þróunar, ríkisfjármála og skattlangingar.

Atvinnuþróunarskrifstofan *IDA (Ireland Industrial Development Agency)* hefur það meginhlutverk að laða erlenda fjárfesta til Írlands. IDA er “one stop shop”, og sér um alla málaflokka sem tengjast erlendum fyrirtækum nema umhverfismál. Frá stofnun IDA árið 1969 hefur hún aðstoðað við uppsetningu 1140 erlendra fyrirtækja á Írlandi og þanning skapað um 116.000 störf. IDA hefur sex markaðskrifstofur í Bandaríkjunum, þrjár í Evrópu og fimm í Asíu. IDA gegnir lykilhlutverki í að finna og skilgreina nýjar atvinnugreinar, einkum vaxtargreinar, og bregðast fljótt við breytingum á þessu sviði.

*Enterprise Ireland* einbeitir sér að írskum fyrirtækjum, með fleiri en 10 starfsmenn og/eða 2,5 milljónir ÍKR í ársveltu. Meginhlutverk stofnunarinnar er að hjálpa viðskiptavinum sínum að þróa sjálfbæra hagkvæma samkeppnisstöðu sem leiði til aukins hagnaðar, sölu, útflutnings og atvinnusköpunar. Stofnunin veitir aðstoð í markaðsetningu, atvinnuþróun og endurmenntun (m.a. rannsóknar og þróunarstarf í samstarfi við háskóla). Enterprise Ireland rekur 8 svæðisskrifstofu á Írlandi

*FÁS* hefur það markmið að hækka menntunartíðni í írskum fyrirtækjum og auka þanning atvinnuöfguleika fólks. FÁS rekur 20 endurmenntunarmiðstöðvar, þjónustar atvinnurekendur og eykur samkeppnishæfni þeirra með öflun sérhæfðs vinnuafis, þarfagreingu innan fyrirtækja og styrkjum til þjálfunar starfsfólks.

*Shannon development* er sérstakt þróunarfyrirtæki í eigu írsku ríkisins, staðsett við ármynni Shannon fljótsins á vesturströnd Írlands. Það var stofnað 1959 kringum Shannon flugvöllinn og fríðnaðarsvæði í tengslum við hann. Ný verkefni eru sífellt í þróun, m.a. tæknigarðar, háskólar og ferðaþjónustufyrirtæki. IDA og Enterprise Ireland vinna í gegnum Shannon Development á svæðinu.

*Udaras na Gaeltachta* er svæðaþróunarfélag sem hefur að markmiði að auka efnahagslega og samfélagslega þróun á gelískum svæðum.

*County Enterprise Boards* eru í til staðar hverri sýslu. Þær veita aðstoð til smárra fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn. Markmiðið er að efla framtak og rekstur fyrirtækja innan svæðanna og fjölga þannig atvinnutækifærum. Stjórnir eru skipaðar heimafólki ásamt fulltrúum atvinnuþróunarstofnanna ríkisins, og matsnefnir skipaðar fagfólki af svæðunum meta allar styrkumsóknir. Veittur er fjárhagsstuðningur til fyrirtækja og styrkir til hagkvæmnisrannsókna. Eftirlit er með styrkhöfum í 10 ár frá veitingu styrkja. Ef verkefni ganga ekki upp er gerð krafa um endurgreiðslu.

### 3.6 Evrópusambandið (ESB)

ESB er ríkjasamband, sem hefur það meginmarkmið að efla samstöðu og samstarf ríkja Evrópu og stuðla að auknum hagvexti og velsæld. Yfirstjórn ESB fer með ýmsa málaflokka, en framkvæmd þeirra er oft á höndum einstakra ríkja eða svæða.

Svæði ESB eru margbreytileg og uppbygging þeirra og tengsl oft flókin. Það stafar m.a. af stofnbreytingum atvinnulífsins, tækniframförum og aukinni samvinnu milli svæða. Oft eru rík og nútímavædd svæði í nábyli við fátæk og vanþróuð svæði. Ýmis svæði einkennast af fjölbreytni og framþróun, meðan önnur, einkum óaðgengileg jaðarsvæði, hafa dregist aftur úr. Meðal þeirra síðarnefndu má finna hefðbundin landbúnaðarsvæði með mikla fólksfækkun, mikið dulið atvinnuleysi og skammt þróaða grunngerð (svo sem samgöngukerfi). Einnig eru þar svæði, sem byggt hafa á einhæfum iðnaði, sem nú er í hnignun. Það hefur síðan leitt til mikils atvinnuleysis.

Eitt af aðalmarkmiðum Evrópusambandsins er að sporna við fólksfækkun á strjálbýlum svæðum. Svæðaþróun er því eitt af aðalverkefnum ESB og jöfnunaraðgerðir milli svæða eru þar mikilvægur þáttur. Einkunnarorðin eru samkeppni, samstarf og samstaða. Þriðjungur fjárveitinga ESB fer til svæðajöfnunaraðgerða. Markmiðið er að jafna samkeppnishæfni og lífskjör ólíkra svæða, stuðla að breyttum atvinnuháttum á svæðum með úreltan iðnað, sporna gegn svæðisbundnu atvinnuleysi, efla starfsmenntun á svæðum þar sem starfskunnátta íbúanna samsvarar ekki kröfum nútíma fyrirtækja og styrkja sérlega strjálbýl svæði. Evrópusambandið hefur horfið frá því að stýra staðarvali stórra fyrirtækja með beinum styrkjum til þeirra, en mikil áhersla er lögð á eigið framtak á svæðunum, nýsköpun í atvinnuháttum og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þessar svæðajöfnunaraðgerðir byggja að hluta til á aðgerðum ríkjanna sjálfra. Þau vinna sjálf sínar áætlanir og verða sjálf að fjármagna aðgerðir að hluta til.

ESB leggur áherslu á bætta samgöngur og bætt lífsgæði sem lið í eflingu atvinnuþróunar. Evrópusambandið hefur t.d. í auknum mæli tekið skipulags- og umhverfismál inn í stefnumörkun sína. Fyrir nokkrum árum gaf framkvæmdastjórn ESB út rit þar sem gerð var úttekt á samverkan skipulags og umhverfis og þýðingu fyrir efnahagsþróun og samstarf ríkjanna, og á grundvelli þessa rits var unnin heildarstefnumörkun Evrópusambandsins í skipulags- og umhverfismálum. Aðal markmiðin eru bætt umhverfi í borgum og sveitum, bætt samgöngukerfi og sjálfbær efnahagsþróunþróun. Sömu atriði eru meðal höfuðmarkmiða fimmtu rannsóknaráætlunar ESB.

Svæðastuðningur ESB kemur frá uppbyggingarsjóðum ESB (Structure Funds). 50% þessa fjármagns kemur frá svæðasjóðnum, 30% frá félagsmálasjóðnum og 20% frá landbúnaðar- og fiskveiðisjóðnum. Heildarfjármagn til svæðajöfnunaraðgerða á tímabilinu 1994-1999 er 145 milljarðar ECU, sem samsvarar u.þ.b. 12 þúsund milljörðum íslenskra króna.

#### *Markmið svæðajöfnunaraðgerða*

90% svæðajöfnunaraðgerða renna til 3 skilgreindra aðalmarkmiða (objectives).

*Markmið 1. Stuðningur við skammt þróuð svæði og sérlega dreifbýl svæði.* Skammt þróuð svæði teljast þau svæði þar sem verg þjóðarframleiðsla eða svæðisframleiðsla er undir 75% af meðaltali innan Evrópusambandsins. Þar er stutt við fjárfestingar í grunngerð, fjölbreytni atvinnulífs, þróun í landbúnaði og ferðaþjónustu, orkumál og fjarskiptatækni. Sérlega dreifbýl svæði eru til dæmis norðurhéruð Svíþjóðar og Finnlands. Þar er stutt við vöruþróun, nýja tækni, markaðssetningu, framleiðniaukningu, gæðaþróun, ferðaþjónustu, rannsóknir og þróunarsamstarf lítilla

fyrirtækja, fjarskiptaþróun, upplýsingatækni og starfsmenntun. Tæp 20% af íbúum Evrópusambandsins búa á svæðum sem falla undir þennan flokk.

Markmið 2. Uppbygging og endurnýjun á svæðum með einhæft og staðnað atvinnumynstur, sem ekki heyrir undir markmið 1. Stutt er við endurnýjun iðnaðar, alþjóðavæðingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, stofnun nýrra fyrirtækja (einkum meðal kvenna), samstarf fyrirtækja og háskóla varðandi rannsóknar- og þróunarstarf, fjárfestingar, nýja tækni og vöruþróun, starfsþjálfun, ferðaþjónustu, náttúruvernd, sjálfbæra þróun, menningarmál og fjarskiptatækni. Tæp 18% af íbúum Evrópusambandsins búa á svæðum sem falla undir þennan flokk.

*Markmið 3.* Aðgerðir gegn langtíma atvinnuleysi, einkum ungmenna, endurmenntun starfsfólks í fyrirtækjum og bætt vinnutilhögun. Stutt er við starfsmenntun, leiðbeiningar og ráðgjöf, átaksmiðstöðvar og stofnun eigin fyrirtækja. Einnig er stutt við þróun vinnuskipulags, athuganir á þörfum starfsfólks og starfsmenntun á sviði vöruþróunar, upplýsingatækni og alþjóðavæðingu. Þetta markmið er ekki takmarkað við nein ákveðin svæði innan Evrópusambandsins eins og markmið 1 og 2.

#### *Samstarfsverkefni*

9% svæðajöfnunaraðgerða ESB renna til s.k. samstarfsverkefna. Oftast er krafist samstarfs aðila frá tveimur eða fleiri ríkjum. Forgangsverkefni eru m.a. þróun landsbyggðar, einkum jaðarsvæða, atvinnuþróun, mannauðsþróun, vandamál vegna breyttra atvinnuhátta, vandamálasvæði í borgum og stofnbreyting á fiskveiðum. Þessi verkefni heyrir undir fjórar megináætlanir:

INTERREG miðar að samvinnu ríkja með aðliggjandi landamæri eða ríkja sem tengjast með hafsvæði. Stutt er við atvinnuþróun, menntun o.fl..

LEADER miðar að þróun viðkvæmra dreifbýlissvæða, einkum landbúnaðarsvæða. Unnið er að atvinnuþróun, einkum á sviði smáfyrirtækja, umhverfismála, þjónustu, ferðamála, menningar, lífsgæða o.fl. Stutt er við nýsköpunaraðgerðir, sem nýtast sem fyrirmynd fyrir önnur svæði, og myndað er samstarfsnet svæðanna.

EQUAL vinnur gegn hvers konar misrétti og ójöfnuði á vinnumarkaði.

URBAN snýr að félagslegum umbótum í borgum.

#### **Tilraunaverkefni.**

Um það bil 1% svæðajöfnunaraðgerða ESB renna til lítilla tilraunaverkefna á sviði nýsköpunar o.fl.:

*Svæðasjóðurinn* styrkir m.a. samstarf á sviði menningar, skipulagsmála, útbreiðslu tækni, menntunar, landbúnaðar og fiskveiða.

*Félagsmálasjóðurinn* styrkir m.a. verkefni á sviði almennrar menntunar, starfsmenntunar, vinnuskipulags, hreyfanleika starfsfólks og aðlögunar fólks, sem fallið hefur út af vinnumarkaðinum.

*Landbúnaðarsjóðurinn* styður þróunarverkefni á landbúnaðarsvæðum.

*Fiskveiðisjóðurinn* styður nýsköpunarverkefni og rannsóknir á sviði sjávarútvegs.

*Ekki verður hér fjallað um hugsanlega inngöngu Íslands í ESB að öðru leyti en því, að Ísland, eða a.m.k. landsbyggðin, mundi falla undir markmið 1. Nokkur dreifbýl svæði myndu geta fallið undir markmið 2, en líklega engin svæði undir markmið 3. Ísland getur tekið þátt í samstarfsverkefnum, a.m.k. INTERREG og LEADER áætlunum.*



## 4 Samanburður á ríkjunum

Fróðlegt er að gera samanburð á erlendu kerfunum til að sjá hvað af þeim Íslendingar gætu nýtt sér. Í því sambandi er nauðsynlegt að hafa sérstöðu Íslands í huga, og að ekki þýðir að yfirfæra erlendar lausnir sem ekki henta við íslenskar aðstæður. Þar ber einkum að líta til þess hve fámenn byggðarlög á landsbyggðinni eru og samfelld atvinnusvæði því oftast lítil og strjálbýl.

### 4.1. Megináherslur byggðastefnunnar

Í öllum þessum löndum er rekin meðvituð byggðastefna. Aðaláherslan er á styrk hagkerfis landanna í heild, en mikil áhersla er alls staðar á lausn vanda landsbyggðarinnar. Ef litið er til hve mikillar upphæðar er varið er pr. íbúa kemur í ljós að Noregur ver mestu fjármagni til byggðaaðgerða, eða um 4500 ISK á íbúa. Danir verja hins vegar minnstu, eða um 400 ISK á íbúa. Sjá töflu hér að neðan. Til viðbótar þessu koma framlög úr uppbyggingarsjóðum ESB í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Framlag Íslands er því fremur lágt miðað við Finnland, Noreg og Svíþjóð.

Framlög til byggðapróunar af fjárlögum Norðurlandapjóðanna 1999					
	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Ísland
Íbúafjöldi (millj. 1998)	5.29	5.15	4.42	8.85	0.27
Hlutfall íbúafjölda á stuðningssvæðum (1998)	20%	42%	26%	14%	40%
Upphæð til byggðaaðgerða 1999 (1000 IKR/íbúa)	0.4	2.4	4.5	3.0	2.1

Heimild Nordregio. Sá fyrirvari er gerður að málaflokkar eru skilgreindir á mismunandi hátt í fjárlögum landanna. Í íslensku upphæðinni er t.d. reiknað framlag til Byggðastofnunar, atvinnuþróunarfélaga, eignarhaldsfélaga og byggðaaðgerða iðnaðarráðuneytisins. Upplýsingar skortir fyrir Írland og ESB.

Einnig má sjá að dreifing stuðningsins til hinna ýmsu aðgerða er afar mismunandi. Að Íslandi undanskildu ver Danmörk mestu til dreifbýlispróunar. Svíar verja miklu í vöruflutningastyrki, og eru eina þjóðin sem hefur beinan skattaafslátt til fyrirtækja.

Hlutfall upphæðar eftir stuðningsflokkum				
	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð
Atvinnuþróun og fyrirtækjastuðningur	59%	60%	81%	71%
Dreifbýlispróun	25%	4%	-	2%
Grunngerð	-	20%	15%	3%
Rannsóknar- og þróunarstarf	-	8%	-	0%
Vöruflutninga-stuðningar	4%	0%	-	13%
Skattaeftirgjöf til fyrirtækja	-	-	-	12%
Umstrúktúring vinnumarkaðar	12%	9%	4%	-

Heimild Nordregio. Sá fyrirvari er gerður að málaflokkar eru skilgreindir á mismunandi hátt í fjárlögum landanna. Skipting notuð fyrir Ísland er ekki sambærileg. Upplýsingar skortir fyrir Írland og ESB.

Í *Danmörku* er fyrst og fremst litið á byggðastefnu sem atvinnuþróunarstefnu. Engin sértæk aðstoð er til landsbyggðarinnar, einungis almennur stuðningur við fyrirtæki á landsvísu. Aðgerðir beinast einkum að samræmingu á milli svæða og stuðningi við atvinnuþróun innan hvers svæðis.

*Sænska* byggðastefnan hefur byggðajafnvægi sem markmið og hefur einkum beinst að aðgerðum gegn brottflutningi sökum breyttra atvinnuhátta. Aðgerðir hafa einkum beinst að aðstoð við norðurhéruðin. Reynt er að hafa áhrif á staðsetningu fyrirtækja og að örva jafnari dreifingu bæði einka- og opinberra fjárfestinga. Sænsk byggðastefna hefur þar til nýlega aðallega beinst að vinnumarkaðsaðgerðum og atvinnusköpun, en á síðustu árum einkum að þróun mannaúts.

*Norska* byggðastefnan hefur einkum beinst að varðveislu byggðamynstursins. Reynt er að hafa áhrif á staðsetningu fyrirtækja og að örva jafnari dreifingu bæði einka- og opinberra fjárfestinga. Aðaláherslan hefur til skamms tíma einkum verið á framleiðslugreinar með beinni aðstoð og ráðgjöf við fyrirtæki, og óbeint með aðstoð við svæða- og sveitarstjórnir. Á síðustu árum hefur þó áherslan beinst í auknum mæli að "mjúkum" fjárfestingum á sviði þekkingar og nýsköpunar.

Í *Finnlandi* beinist byggðastefnan að hagvexti og jafnvægi í byggðapróun. Aðaláherslan er á efnahagslega samkeppnisstöðu þjóðarinnar, hagvöxt og atvinnu. Vandamál svæða teljast ekki lengur eingöngu vera vandamál dreifbýlla hluta landsins, heldur er núna lögð áhersla á að þróa þéttbýliskjarna, sem eiga að vera eins konar vaxtarkjarnar.

Á *Írlandi* er megin áherslan á að laða erlend fyrirtæki og fjármagn til landsins. Mikil áhersla er á upplýsingasamfélagið, og Írar hafa lagt mikinn metnað og fjárfestingar í menntakerfið og náð að byggja upp góða skóla með mikla tengingu við atvinnulífið í landinu. Stjórnvöld hafa lagt mikla áherslu á að sveigja skólakerfið að þörfum atvinnulífsins og því er fólk á vinnumarkaði talið vel menntað og hæft til að starfa hjá fyrirtækjum með margvíslega starfsemi.

## 4.2. Hlutverk stjórnvalda

Þegar litið er á hlutverk stjórnvalda í byggðastefnunni, er það að sumu leyti líkt og að öðru leyti ólíkt milli landanna. Að hluta til er þetta afleiðing af sams konar eða mismunandi uppbyggingu stjórnkerfa þeirra. Til að mynda eru Noregur og Ísland ekki aðilar að ESB.

Norðurlöndin eiga sér það sameiginlegt að mikil áhersla er á velferðarkerfi, og opinberri geirinn er sterkur aðili í þjónustu við íbúana. Mikil áhersla hefur verið á myndun og eflingu þjóðríkisins í þeim flestum og nýtingu auðlinda á dreifðum svæðum. Hefur ríkisvaldið því verið leiðandi aðili í málefnum eins og atvinnu- og byggðaðróun. Á síðari árum hefur þó gætt vaxandi tilhneigingar til dreifingar valds, frumkvæðis, framtaks og fjármagns, bæði til svæðastjórna og sveitarfélaga. Í Danmörku og Noregi eru svæðastjórnir kjörnar beinum kosningu ábyrgar fyrir svæðaðróun og skipulagsmálum auk ýmissar þjónustu, en í Svíþjóð eru þær einungis ábyrgar fyrir þjónustu, nema í tilraunasýslunum. Í Finnlandi eru svæðastjórnir skipaðar af sveitarfélögunum og aðili að svæðaðróunaraðgerðum. Svæðastjórnir eru ekki til á Íslandi, en hafa verður í huga fámenni landsins í því sambandi. Mikilvægt er að hafa í huga að sveitarfélög á Norðurlöndunum hafa stærra hlutverk í opinberri þjónustu og skattheimtu en gengur og gerist meðal aðildarríkja ESB.

Höfuðábyrgð á byggðastefnunni og framkvæmd hennar er í öllum tilvikum í höndum ríkisvaldsins. Í flestum tilvikum er þó um nokkra valddreifingu að ræða til svæða- og sveitarstjórna. Mest er hún að líkindum í Finnlandi, en einnig allnokkur í Noregi og Svíþjóð og fer þar vaxandi.

Í *Danmörku* ber ríkisvaldið höfuðábyrgð á byggðaðróun. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og stofnun þess hafa umsjón með atvinnuþróunarstefnu. Starf stofnunarinnar snýr einkum að ESB áætlunum og frumkvæði frá svæðum og sveitarfélögum. Ríkisvaldið hefur með höndum samræmingu áætlana svæða og sveitarfélaga. Svæða- og sveitarstjórnnum er leyfilegt að viðhafa aðgerðir sem beinast að öllum eða stórum hópi fyrirtækja á tilteknu svæði.

Í *Svíþjóð* er byggðaðróun stýrt af ríkisvaldinu, til að stuðla að samræmingu innbyrðis og við aðrar efnahagsaðgerðir. Sænska iðnaðarráðuneytið og stofnanir þess hafa yfirumsjón með byggðaðróunaraðgerðum. Nokkur dreifing valds og ábyrgðar hefur átt sér stað. Sýslustjórnir sjá um framkvæmd ríkisáætlana um svæðaðróun og hafa umsjón með opinberri þjónustu ríkisins og eftirlit með sveitarstjórnnum. Sveitarstjórnir og sýslustjórnir hafa umsjón með framkvæmd stefnu og aðgerða ríkisvaldsins og er t.d. atvinnuþróun í þeirra höndum.

Í *Noregi* er ábyrgð á framkvæmd byggðamála skipt milli ráðuneyta, stofnana þeirra og stofnana sveitarfélaga. Stefnumörkun í byggðamálum í Noregi er í höndum Sveitarstjórna- og byggðamálaráðuneytisins, en flest ráðuneyti koma á einhvern hátt þar að stefnumörkun og framkvæmd byggðastefnunnar. Svæðisbundinni atvinnuþróun og flestum fjárstyrkjum er stjórnað af ráðuneytum, ríkisstofnunum eða svæðaskrifstofum þeirra, en framkvæmdum er oft stjórnað af fylkisstjórnnum eða sveitastjórnnum. Stefnt er að því að auka þátt svæða- og sveitarstjórna í byggðastefnunni með því að fela þeim gerð svæðaðróunaráætlana.

*Finnnska* byggðastefnan er í höndum innanríkisráðuneytisins, sem ber ábyrgð á löggjöf um byggðaðróun, svæðisbundnum byggðaaðgerðum, eftirfylgni og samræmingu

byggðaaðgerðir á ríkis- og svæðagrunni, þ.á.m. yfirsýn yfir sveitarfélög. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið sér um fyrirtækjaþróun gegnum svæðaskrifstofur sínar, og ýmis önnur ráðuneyti sjá um áætlanir tengdar byggðastefnunni. Svæðastjórnir bera ábyrgð á þróun innan síns svæðis, en þær samstanda af fulltrúum sveitarfélaga. Meðal ábyrgðarsviða þeirra er gerð og framkvæmd svæðisbundinna þróunaráætlana í samvinnu við fulltrúa hinna ýmsu ríkisgeira á hverju svæði.

Engin ein stofnun sér um byggðamál á *Írlandi*, heldur skiptist verksviðið milli allnokkurra ríkisstofnana. Írland hefur unnið með árangursríkum hætti að stefnumótun vegna Evrópusambandsaðildar sinnar. Landskipulag (National Development Plan) er gert á 6 ára fresti þar sem mörkuð er stefna fyrir byggðaðróun í samhengi við efnahagsþróun, skipulag grunngerðar s.s. vegakerfis, menntun o.fl.

### 4.3. Stoðkerfi ríkisins

Í *Danmörku* hefur Viðskipta- og iðnþróunarstofnun umsjón með svæðapætti atvinnustefnu á vegum Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinins. Þar sem ríkisstyrkir voru afnumdir árið 1991, snýr starf stofnunarinnar einkum að ESB áætlunum og samræmingu áætlana svæða og sveitarfélaga. Ríkisstjórnvöld hafa reynt að koma á meiri samræmingu á svæðagrunni, fyrst með svæðapróunaráætlunum, þar sem sveita- og svæðastjórnir höfðu frumkvæðið, og síðan með stofnun og stuðningi við atvinnuþróunarskrifstofur.

Í *Svíþjóð* hafa nokkrar ríkisstofnanir yfirumsjón með byggðapróunaraðgerðum. NUTEK og ALMI eru þekkingarmiðstöðvar fyrir fjármögnun, fyrirtækjapróun, entreprenörskap og atvinnuþróun. NUTEK er skipt upp í fjögur svið: fjármögnun fyrirtækja, svæðisbundin atvinnuþróun, upplýsingar og ráðgjöf, og samstarfsnet og “fjarfundarstaði”. ALMI á að stuðla að vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja með rekstrarráðgjöf, markaðsþróun og fjármögnun. Aðalmarkmið ALMI er að auka hagvöxt með aukinni arðsemi, veltu og fleiri atvinnutækifærum. Eitt markmið er að fleiri konur, innflytjendur og ungt fólk geti rekið eigið fyrirtæki. VINNOVA er stofnun fyrir rannsóknir og þróun á sviði tækni, atvinnulífs og flutninga. Markmiðið er þekkingardreifing til fyrirtækja og opinbera geirans, með sérstakri áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki. Áhersla er á samstarfsnet á ríkis-, svæða- og atvinnuvegagrunni innan atvinnulífsins, rannsóknargeirans og stjórn mála. Þekkingarmiðstöðvar eru form fyrir rannsóknarsamstarf háskóla og fyrirtækja. ITPS er stofnun fyrir hagvaxtar- og þróunarrannsóknir. Þar eru stundaðar ýmsar rannsóknir á forsendum vaxtar, unnar úttektir og umsagnir og starfræktur upplýsingabanki.

Í *Noregi* er framkvæmd ríkisaðgerða að mestu í höndum ríkisstofnananna SND, SIVA, sem heyra undir sveitarstjórna- og byggðamálaráðuneytið, og Rannsóknarráðs Noregs, sem heyrir undir menntamála-, rannsókn- og kirkjumálaráðuneytið. SND hefur það markmið að tryggja þjóðhagkvæmni og hagkæm rekstrarskilyrði fyrirtækja í dreifbýli sem og landinu öllu. SND vinnur að svæðisbundinni endurskipulagningu atvinnulífsins, þróun og styrkingu atvinnulífsins á landsbyggðinni. SND kemur að fjármögnun fyrirtækja, nýsköpun og framþróun og fjárfestingum í Noregi. Auk þess er SND mikilvægur ráðgjafi í atvinnu- og byggðastefnu. SND stuðlar að verkefnum sem leiða til viðvarandi atvinnusköpunar á svæðum með takmörkuðu atvinnuframboði eða lítilli breidd í atvinnulífinu og hefur umsjón með öllum stærri svæðapólitískum áætlunum auk atvinnuþróunar- og fiskveiðiþróunaráætlana. Áhersla er á mannauð, nýsköpun og frumkvöðla, einkum konur og ungt fólk. SIVA er ríkisfyrirtæki, sem á að stuðla að aukinni verðmætasköpun og atvinnu á landsbyggðinni með öflun fjármagns, þekkingar og samstarfsneta. SIVA hefur þróað umfangsmikið samstarfsnet nýsköpunarfyrirtækja og starfar með einstaklingum, fyrirtækjum og áhugahópum við að þróa fyrirtækjaumhverfi, arðbæra atvinnuþróun og aðlögunarhæf sveitarfélög í landinu öllu. Áhersla er lögð á lítil og meðalstór fyrirtæki. Rannsóknarráð Noregs er ráðgjafarstofnun, sem auk þess hefur u.þ.b. 30 milljarða íslenskra króna til ráðstöfunar til styrktar rannsóknum. Áhersla er á rannsóknir tengdar atvinnulífi og samfélagi.

Í *Finnlandi* er fyrirtækjapróun að miklu leyti í höndum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins gegnum atvinnuþróunarsetrin. Ýmis önnur ráðuneyti sjá um áætlanir tengdar byggðastefnunni, svo sem landbúnaðarráðuneytið. Tækniþróunarstofnunin hefur umsjón með svæðisbundnum þekkingarmiðstöðvum. Á svæðagrunni eru 19 svæðastjórnir sem samanstanda af fulltrúum sveitarfélaganna og

bera ábyrgð á svæðapróun. Finnvera (áður Kera) er ríkisstudd fjármálastofnun, sem á að örva og fjármagna lítil og meðalstór fyrirtæki. Áður fyrr var starfssviðið einungis þróunarsvæðin, en frá 1993 er starfssviðið landið allt, og veitt er áhættufjármagn og ráðgjöf fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Finnvera hefur 15 svæðaskrifstofur víðs vegar um landið.

Á Írlandi er aðstoð við atvinnulíf á vegum nokkurra ríkisstofnanna. FORFÁS vinnur að stefnumótun fyrir þróun iðnaðar, vísinda og tækni. Stefna Forfás er samhæfð fyrir grunngerð, þjónustu og reglugerðir, m.a. varðandi skatta, samkeppnisreglur, umhverfisvernd og vinnulöggjöf. Stofnunin gegnir eftirlitshlutverki gagnvart atvinnuþróunarstofnunum og veitir þeim sérfræðiráðgjöf á sviði hagfræði, skipulagsfræða, Evrópusambandsþróunar, ríkisfjármálum og skattlangingu. Atvinnuþróunarskrifstofan IDA hefur það meginhlutverk að laða erlenda fjárfesta til Írlands. IDA er “one stop shop”, sem sér um alla málaflokka sem tengjast erlendum fyrirtækum nema umhverfismál. IDA starfrækir sex markaðskrifstofur í Bandaríkjunum, þrjár í Evrópu og fimm í Asíu. IDA gegnir lykilhlutverki í að finna og skilgreina nýjar atvinnugreinar, einkum vaxtargreinar, og bregðast fljótt við breytingum á þessu sviði. Enterprise Ireland einbeitt sér að írskum fyrirtækjum, með fleiri en 10 starfsmenn og/ eða 2,5 milljónir í árssölu. Meginhlutverk stofnunarinnar er að hjálpa viðskiptavinum sínum að þróa sjálbæra hagkvæma samkeppnisstöðu sem leiði til aukins hagnaðar, sölu, útflutnings og atvinnusköpunar. Stofnunin veitir aðstoð í markaðsetningu, atvinnuþróun (m.a. rannsóknar og þróunarstarf í samstarfi við háskóla) og endurmenntun. Enterprise Ireland rekur 8 svæðisskrifstofu á Írlandi. FÁS hefur það markmið að hækka menntunarstigið í írskum fyrirtækjum og auka þanning atvinnuöfguleika fólks. FÁS rekur 20 endurmenntunarmiðstöðvar, þjónustar atvinnurekendur og eykur samkeppnishæfni þeirra beint með því að verða þeim út um sérhæft vinnuafli. (m.a. þarfagreingnaar innan fyrirtækja og veita styrki til þjálfunar starfsfólks). County Enterprise Boards eru í til staðar hverri sýslu. Þær veita aðstoð til smárra fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn. Markmiðið er að efla framtak innan svæðanna, hvetja reksturs fyrirtækja og fjölga þannig atvinnutækifærum.

#### 4.4. Stoðkerfi svæðanna

Í *Danmörku* er starfandi landsnet tækniupplýsingasetra (TIC), sem veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum ókeypis ráðgjöf óháð staðsetningu í Danmörku. TIC eru sjálfseignarstofnanir með höfuðstöðvar í Árósum og samstarfsnet 17 upplýsingamiðstöðva víðsvegar um Danmörku. TIC er fjármagnað með framlögum frá ríkinu, sýslum og sveitarfélögum, en í tveimur þeirra kemur til fjármögnun frá ESB. Í stjórn landsnets TIC-setrana eiga sæti fulltrúi frá sambandi sýsluráða, samtökum sveitarfélaga, Iðnaðarráðinu, aðilum úr atvinnulífinu, danska iðnaðarsambandinu, iðnaðarmannaráðinu og atvinnuráði verkalýssambandsins. Einnig eru starfandi einkareknar atvinnuþróunarskrifstofur. Þær eru yfirleitt litlar og veita ráðgjöf á mismunandi sérsviðum.

Í *Svíþjóð* er atvinnuþróun á svæðagrunni í höndum sýslustjórna og sveitarfélaga. Sýslustjórnirnar sjá um framkvæmd ríkisáætlana um svæðaþróun. Þær hafa umsjón með framkvæmd stefnu og aðgerða ríkisvaldsins, opinberri þjónustu ríkisins og eftirliti með sveitarstjórnunum. Á vegum ríkisstofnunarinnar NUTEK starfa fyrirtækjaráðgjafar víðsvegar um landið. Ríkisstofnunin ALMI samanstendur af móðurfyrirtæki og 21 svæðisbundnum dótturfyrirtækjum, einu í hverju léni.

Í *Noregi* er svæðisbundinni atvinnuþróun og flestum fjárstyrkjum stjórnað af ráðuneytum, ríkisstofnunum eða svæðaskrifstofum þeirra, en framkvæmdum er oft stjórnað af fylkisstjórnunum eða sveitastjórnunum. Ríkisstofnunin SND hefur atvinnugreinadeildir og svæðadeildir, sem staðsettar eru víðsvegar um landið og annast afgreiðslu mála á sínu svæði. SND tekur þátt í endurskipulagningu, vöruþróun og nýsköpun í norsku atvinnulífi um allt land. Aðalstöðvar ríkisstofnunarinnar SIVA eru í Þrándheimi, en á vegum hennar eru auk þess 40 iðngarðar um land allt.

Í *Finnlandi* starfa svæðastjórnir sem samstanda af fulltrúum sveitarfélaganna. Þær bera ábyrgð á svæðaþróun, gerð og framkvæmd svæðisbundinna þróunaráætlana í samvinnu við fulltrúa ríkisgeira á hverju svæði. Þær eru ábyrgar fyrir þróun síns svæðis ásamt svæðastofnunum ríkisins og stjórnsýslueiningum ríkisvaldsins. Í hverri sýslu eru starfrækt atvinnuþróunarsetur, sem heyra undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, atvinnuáráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið. Hlutverk þeirra er m.a. að veita aðstoð og ráðgjöf til fyrirtækja, annast samræmingu atvinnuþróunaraðgerða og dreifingu ríkisfjármagns til byggðaþróunar. Áætlun um svæðismiðstöðvar gerir ráð fyrir samstarfsneti svæðismiðstöðva, sem eiga að efla samstarf milli sveitarfélaga og stuðla að atvinnuþróun í samræmi við félagslegar jöfnunaraðgerðir. Auk þess eru í Finnlandi 14 svæðisbundnar tæknimiðstöðvar og tvö samstarfsnet fyrir landið allt. Lögð er mikil áhersla á rannsóknar- og þróunarstarf.

Enterprise Ireland rekur 8 svæðisskrifstofur á *Írlandi*. FÁS rekur 20 endurmenntunarmiðstöðvar víða um land. Shannon development er staðsett á landsbyggðinni, við ármynni Shannon fljótsins á vesturströnd Írlands. Ný verkefni eru sífellt í þróun m.a. tæknigarðar, háskólar og ferðaþjónustufyrirtæki. IDA og Enterprise Ireland vinna í gegnum Shannon Development á svæðinu. Udaras na Gaeltachta er svæðaþróunarfélag sem hefur að markmiði að auka efnahagslega og samfélagslega þróun á gelískum svæðum. County Enterprise Boards eru til staðar í hverri sýslu. Þær veita aðstoð til smárra fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn. Stjórnir eru skipaðar heimafólki ásamt fulltrúum atvinnuþróunarstofnanna ríkisins. Matsnefdir skipaðar fagfólki af svæðunum meta allar styrkumsóknir.

#### 4.5. Fjárstuðningur

Í *Danmörku* er engin sértæk fjárhagsaðstoð til landsbyggðarinnar, heldur er hún felld að almennum stuðningi við fyrirtæki á landsvísu. Afmörkuð hafa verið sérstök stuðningssvæði, þar sem tekjur og atvinnuleysi vega þyngst. Dönsk stjórnvöld geta notað svæðaskiptinguna sem grundvöll fyrir sérstakar aðgerðir til að örva fjárfestingarverkefni á stuðningssvæðunum. Engir sérstakir sjóðir eru til þess, heldur er reiknað með stuðningi úr uppbyggingarsjóðum ESB með mótframlagi frá dönskum stjórnvöldum.

Í *Svíþjóð* eru veitt fjármagn til fyrirtækja, sem vilja setja á stofn eða auka starfsemi sína á skilgreindum stuðningssvæðum. Um er að ræða styrki, lán og eftirgjöf á atvinnurekendagjöldum. Styrkirnir eru svæðapróunarstyrkur fyrir fjárfestingar í byggingum og búnaði, starfsmannastyrkur, vöruflutningastyrkur og dreifbýlisstyrkur. Þessir styrkir eru veittir sjálfkrafa til allra fyrirtækja sem uppfylla skilyrði fyrir þeim. Stuðningssvæðin falla að mestu saman við stuðningssvæði ESB. Hægt er að styðja við verkefni utan þessara svæða ef það hefur áhrif á atvinnu eða hætta er á lokun eða meiriháttar endurskipulagningu fyrirtækja. Aðstoð NUTEK beinist að upphafi þróunarferils fyrirtækjanna og fjámögnun vaxtar þeirra. Stutt er við tæknifyngungar á byrjunarskeiði lífskröftugra fyrirtækja á stuðningssvæðum. Fyrirtækjaráðgjafar NUTEK víðsvegar um landið eru sérhæfðir í að aðstoða vaxtarfyrirtæki og finna fjármagn. ALMI á að stuðla að vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja, m.a. með fjármögnun, og stuðla að því að lítil fyrirtæki fái aðgang að öllu fjármagni á markaðnum. Þegar bankar geta ekki fjámagnað að fullu, getur ALMI gripið inn og veitt topplán.

Í *Noregi* eru veittir svæðisbundnir styrki til fyrirtækja og atvinnusköpunar. M.a er stutt við vöruflutningskostnað. Noregi er skipt upp í 5 svæði sem njóta mismunandi mikils opinbers stuðnings. Fjárfestingarstyrkir eru frá 15% til 60% eftir stærð fyrirtækja og staðsetningu. Styrkir til vöruþróunar og markaðsmála eru 30 - 40 % á öllum svæðunum. Styrkir til ráðgjafar, kennslu og sérfræðiaðstoðar er á bilinu 50 - 75 %. Annað tæki byggðapróunar er mismunur á atvinnurekendagjöldum og tryggingagjöldum fyrirtækja eftir svæðum. SND kemur að fjármögnun fyrirtækja, nýsköpun og framþróun og fjárfestingum í Noregi. Veittir eru stofnstyrkir, þróunaratyrkir, hlutafé og lán, þ.m.t. áhættulán. SND á að hlaupa undir bagga þegar fjármagns- eða mannauðsmarkaðurinn virkar ekki og stuðla að því að byggðastefnunni sé fylgt, þegar hagkvæmni og byggðastefna eiga ekki samleið. SIVA á að stuðla að aukinni verðmætasköpun og atvinnu á landsbyggðinni, m.a. með útvegun fjármagns. Áhersla er lögð á lítil og meðalstór fyrirtæki.

Í *Finnlandi* deila næstum öll ráðuneyti fjármunum á svæði, oftast í tengslum við áætlanir ESB. Uppbyggingarsjóðir ESB fjármagna byggðapróunaraðgerðir að miklum hluta. Finnsk svæðaaðstoð er bundin við 3 afmörkuð stuðningssvæði og 11 strúktúrbreytingasvæði. Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð er í höndum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Það er stuðningur til fyrirtækja sem fjárfesta í hinum 3 stuðningssvæðum og 11 strúktúrbreytingasvæðum. Aðal stuðningsgeirarnir eru iðnaður, ferðaþjónusta og fyrirtækjaþjónusta. Svæðisbundnar skattaávilnanir eru í höndum fjármálaráðuneytisins. Það er á formi aukinna afskrifta til fyrirtækja sem uppfylla reglur ESB um aðstoð. Finnvera er ríkisstutt fjármálaáyrirskæki, sem á að örva og fjármagna lítil og meðalstór fyrirtæki. Starfssviðið er landið allt, og veitt er



áhættufjármagn og ráðgjöf fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Skilmálar eru þó breytilegir eftir svæðum.

Á Írlandi hefur IDA það meginhlutverk að laða erlenda fjárfesta til landsins. Írar hafa einnig boðið erlendum fyrirtækjum ýmsa fyrirgreiðslu, t.d. styrki og skattaávilnanir m.a. 10 % fyrirtækjaskatt, ef þau hefja starfsemi á Írlandi. Ýmis svæði eru skilgreind undir ESB markmiði 1, sem þýðir að ríkið getur veitt styrki í allt að 40% af fjárfestingum í fyrirtækjum, og ef fyrirtækin eru lítil eða meðalstór (með færri en 250 starfsmenn) er hægt að styrkja um 15% í viðbót. County Enterprise Boards veita aðstoð til smárra fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn. Veittur er fjárhagsstuðningur til fyrirtækja og styrkir til hagkvæmnisrannsókna. Eftirlit er með styrkhöfum í 10 ár frá veitingu styrkja. Ef verkefni ganga ekki upp er gerð krafa um endurgreiðslu.

#### 4.6. Atvinnuráðgjöf og rannsóknir

Í *Danmörku* veita svæðisbundnar TIC-skrifstofur litlum og meðalstórum fyrirtækjum ókeypis ráðgjöf óháð staðsetningu. Áhersla er á að efla alþjóðleg tengsl fyrirtækjanna. TIC er sjálfseignarstofnun með samstarfsnet 17 upplýsingamiðstöðva víðsvegar um Danmörku með alls um 85 atvinnuráðgjöfum. Undanfarinn áratug hafa "grasrótar"-atvinnuþróunarskrifstofur sprottið upp í Danmörku. Ráðgjafarskrifstofurnar eru yfirleitt litlar og veita ráðgjöf á mismunandi sérsviðum. Þá ber að nefna svo nefnda tæknigarða, sem er sambylí rannsóknarstofnana, fjármálafyrirtækja og frumkvöðlasetra. Frumkvöðlasetrin eru eins konar gróðrarstöð fyrir ný fyrirtæki og veita aðstöðu og aðstoð við að þróa hugmyndir að fyrirtæki og viðskiptahugmyndir. Fyrirtækin hljóta ókeypis eða niðurgreidda aðstoð ákveðinn tíma, en síðan geta þau haft aðstöðu í tæknigarðinum áfram.

Í *Svíþjóð* sér NUTEK um svæðisbundna atvinnuþróun, upplýsingar og ráðgjöf, samstarfsnet og "fundarstaði". Á vegum NUTEK starfa fyrirtækjaráðgjafar víðsvegar um landið. ALMI á að stuðla að vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja, m.a. með viðskiptaráðgjöf og þekkingarþróun. Svæðapróunardeildin sér m.a. um þróun aðferðafræði fyrir virka atvinnuþróun sveitarfélaga og svæða. Samningar um vaxtarsvæði eiga að þróa styrk hvers svæðis og koma af stað sjálfbærri þróun. Lykilorð eru m.a. samstarf (partnership), vaxtarmöguleikar, grasrótarpátttaka og almenn þátttaka. VINNOVA er stofnun fyrir rannsóknir og þróun á sviði tækni, atvinnulífs og vöruflutninga. Markmiðið er þekkingardreifing til fyrirtækja og opinbera geirans, með sérstakri áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki. Áhersla er á ríkis- og svæðisbundin samstarfsnet aðila innan atvinnulífsins, rannsóknargeirans og stjórn mála. Þekkingarmiðstöðvar eru form fyrir rannsóknarsamstarf háskóla og fyrirtækja. ITPS er stofnun fyrir hagvaxtar- og þróunarrannsóknir. Þar eru stundaðar rannsóknir á forsendum vaxtar, unnar úttektir og umsagnir og starfræktur upplýsingabanki.

Í *Noregi* tekur SND þátt í endurskipulagningu, vöruþróun og nýsköpun í norsku atvinnulífi um allt land. Efst á lista SND eru mannauður og nýsköpun. Hvað varðar einstaklinga er mest áhersla á frumkvöðla, konur og ungt fólk. SND kemur m.a. að nýsköpun og framþróun og er mikilvægur ráðgjafi í atvinnu- og byggðastefnu. Meðal verkefna sem SND styður eða tekur þátt í eru nýsköpun og markaðssetning á rannsóknar- og þróunarumhverfi, þróun upplýsingatækni til að bæta rekstrarskilyrði fyrirtækja, ásamt nýsköpun og tækniþróun í Norður Noregi. SIVA hefur þróað umfangsmikið samstarfsnet nýsköpunarfyrirtækja og starfar með einstaklingum, fyrirtækjum og áhugahópum við að þróa aðlaðandi fyrirtækjaumhverfi, arðbæra atvinnuþróun og aðlögunarhæf sveitarfélög í landinu öllu. Áhersla er lögð á lítil og meðalstór fyrirtæki.

Í *Finnlandi* er lögð áhersla á endurmenntun, rannsóknar- og þróunarstarf. Í hverri sýslu eru starfrækt atvinnuþróunarsetur, sem heyra undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, atvinnuáráðuneytið og landbúnaðaráðuneytið. Hlutverk þeirra er m.a. að veita aðstoð og ráðgjöf til fyrirtækja, efla útflutning, alþjóðavæðingu og tækniþróun fyrirtækja. Svæðismiðstöðvar verða 30-40 talsins, en þær eiga að stuðla að atvinnuþróun í samræmi við félagslegar jöfnunaraðgerðir hvers svæðis. Í Finnlandi eru auk þess 14 svæðisbundnar þekkingarmiðstöðvar og tvö samstarfsnet fyrir landið allt. Þekkingarmiðstöðvarnar heyra undir finnsku

Tækniþróunarstofnunina, sem sér um fjármögnum rannsókna og hvetur fyrirtæki til að tengjast landsnetunum. Mikil áhersla er á rannsóknar- og þróunarstarf.

Á Írlandi vinnur Forfás að því að skapa umhverfi fyrir atvinnuþróun í landinu með stefnumótun fyrir þróun iðnaðar, vísinda og tækni. Stofnunin gegnir eftirlitshlutverki gagnvart atvinnuþróunarstofnunum og veitir þeim sérfræðiráðgjöf á sviði hagfræði, skipulagsfræða, Evrópusambandsþróunar, ríkisfjármálum og skattlangingu. Enterprise Ireland veitir svæðisbundna aðstoð í markaðsetningu, atvinnuþróun (m.a. rannsóknar og þróunarstarf í samstarfi við háskóla) og endurmenntun. FÁS rekur 20 endurmenntunarmiðstöðvar, þjónustar atvinnurekendur og eykur samkeppnishæfni þeirra með öflun sérhæfðs vinnuafls, þarfagreingu innan fyrirtækja og styrkjum til þjálfunar starfsfólks.

## 5 Hugsanlegar leiðir h rlendis

### 5.1. Megin herslur bygg astefnunnar

Hafa ber   huga   h r er   framman er n r eingöngu fjalla  um atvinnu r unarstefnu landanna, en h n er   flestum tilfellum  deins hluti af hinni almennu bygg astefnu. B setug ði og atvinnu r un eru hins vegar samofnir  ettir, og  v  ver ur   laga bygg astefnuna    skum f lks.   ur fyrir var oft h gt   st ra sta arvali fyrirt kja me  opinberum reglum og styrkjum. N  eru breyttir t mar og fyrirt ki framlei a oft h pr a ar v rur og  j nustu, sem krefjast mikillar starfs ekkingar. Frambo    starfsmenntu u vinnuafla er me al  eirra  atta, sem mikilv gir eru fyrir sta arval fyrirt kja. Me  aukinni menntun og v  ferli s kir f lk  anga  sem bestir m guleikar bj ast og  ar sem b setuskilyr i eru best.  a  er  v  ekki lengur n g   sta setja fyrirt ki einhvers sta ar og halda s dan   f lk komi sj lfkrafa   b a  ar. Vi  framt  armat   norskri bygg astefnu hafa menn t.d. gert s r lj st   gildismat f lks og forgangsro un myndar grunninn fyrir hvar og hvernig  a  vill b a og starfa.   Sv  j   er  a  eitt  alhlutverk Dreifb ylisstofnunarinnar (Glesbyggsverket)   stu la   lifsg  um og t kif rum  b a   landsbygg inni.

  n grannal ndunum er l g  mikil  hersla   menntun, ranns knar- og  r unarstarf sem undirst  u atvinnul fsins. Mikil  hersla er l g    tengsl h sk la og ranns knarstofnana vi  atvinnul fi .

*Bygg astefna h rlendis  arf  v    beinast   atvinnu r un,  r un b setu atta og eflingu grunnger ar, m.a.   svi i samgangna og menntunar.*

### 5.2. Hlutverk stj rnvalda

Bygg a r un er st rt af r kisvaldinu h rlendis eins og   hinum l ndunum. Stj rnin er   h ndum   na ar- og vi skiptar  duneytisins og Bygg astofnunar. Vegna f mennis landsins hefur ekki veri  mikill hlj mgrunnur fyrir sv  isstj rnir, l kt og   Nor url ndunum. Sveitarf l g og samt k  eirra hafa ekki komi  miki    ger  e a framkv emd bygg astefnunnar, ef undanskilin eru atvinnu r unarf l g, sem flest starfa   kj rd magrunni.

*E lilegt er   m tun og eftirfylgni bygg astefnu og  msar framkv emdir henni tengdar s u  fram   h ndum r kisvaldsins. Mikilv gt er  o   frumkv  i, framtak og  byrg    framkv emd bygg astefnunnar s    miklu leyti   h ndum heimamanna. Til samr emis vi  hin l ndin m tti h r auka   komu sveitarf laga og samtaka  eirra,  ott r kisvaldi  beri  ar  byrg    heildarstefnu og samr emingu  gger a og hafi eftirlit me  skilvirkni bygg aa gger a.*

### 5.3. Sto kerfi r kisins

H rlendis koma  mis r  duneyti og  msar r kisstofnanir   framkv emd bygg am la. Einkennandi fyrir sto kerfi r kisins er dreif   byrg  og l til samr eming  gger a og fj rveitinga.

Ekki er h gt   m la me   v    skapa risastofnun  r mj g  l kum stofnunum. Betra er    ar f i   s rh fa sig hver   s nu svi i.  o er h gt   hugsa s r samruna e a samstarf einhverra stofnana, sem starfa   l ku svi i, og e.t.v. m  hugsa s r einhver hinna erlendu sto kerfa sem fyrirmynd   endurb tum    lenska kerfinu.

*Varðandi stoðkerfi ríkisins má e.t.v. skoða sænska, norska og finnska kerfið. T.d. mætti hugsa sér stofnun á borð við NUTEK eða SND, sem hafa með höndum samræmingu á atvinnuþróun og fjárstyrki til nýsköpunar á atvinnulífinu. Ef leita á að einhverri samvörun á Íslandi, væri það helst á formi samruna eða samstarfs Þróunarsviðs Byggðastofnunar, Impru og að hluta til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Einnig má taka finnsku Tæknipróunarstofnunina sem fyrirmynd, ásamt svæðisbundnum þekkingarsetrum hennar.*

Á verksviði slíkrar stofnunar gæti t.d. verið:

*Atvinnuþróun.* Nýsköpun í atvinnulífi, rekstrarráðgjöf, viðskiptaráðgjöf, viðskiptaáætlanir, upplýsingar, leiðbeiningar, fjármögnun.

*Búsetuþættir.* Efling búsetuþátta á landsbyggðinni. Samvinna við þróunarstofur, sveitarfélög o.fl. um eflingu þátta, sem teljast gera búsetu aðlaðandi á landsbyggðinni, svo sem umhverfismál, samgöngur, menntun, verslun, þjónusta, menningarmál o.fl.

*Rannsóknir.* Rannsóknir á sviði byggða- og atvinnuþróunar og staðbundnum möguleikum. Aðstoð við sveitarfélög og þróunarstofur við eigin rannsóknir.

*Upplýsingar.* Upplýsingasöfnun, stofnun og þátttaka í rekstri og viðhaldi viðtæks upplýsinganets með öðrum opinberum stofnunum. Þar er um að ræða tengingu og uppfærslu á vefsíðum, þar sem hver um sig sér um að viðhalda sínum hluta gagnagrunns.

*Áhættufjármögnun* til fyrirtækja, m.a. byggð á mati á byggðaáhrifum.

*Styrkir.* Veiting styrkja til byggða- og atvinnuþróunar.

*Byggðaáætlanir.* Gerð stefnumarkandi byggðaáætlunar.

#### **5.4. Stoðkerfi svæðanna**

Íslensku atvinnuþróunarfélögin eru sjálfstæð félög, sem eru styrkt af ríkinu. Í samstarfssamningum er kveðið á um eftirlitsskyldu ríkisvaldsins (Byggðastofnunar) með þeim, en af ýmsum ástæðum hefur ekki verið unnt að framfylgja því eftirliti sem skyldi. Íslensku atvinnuþróunarfélögin starfa óháð hvert öðru og hafa einungis óformlegt samstarf sín á milli. Samræming á starfi þeirra er á höndum Byggðastofnunar og hefur skilað þó nokkrum árangri.

Dönsku TIC-setrin starfa á nokkuð líkum grunni og íslensku atvinnuþróunarfélögin, en eru þó landsstofnun með sjálfstæðum útstöðvum. Í Svíþjóð og Noregi er svæðisbundin atvinnuráðgjöf á hendi svæðisútibúa ríkisstofnana, en í Finnlandi á hendi svæðismiðstöðva ríkis og sveitarfélaga. Á Írlandi sjá svæðisskrifstofur ríkisstofnana um þessi mál.

*Íslenska formið virðist henta nokkuð vel við okkar aðstæður, en þó eru nauðsynlegar vissar endurbætur þar á. Einkum þarf að auka samstarf og samræmingu á skilvirkni félaganna.*

#### **5.5. Fjármögnun**

Fjárstuðningur við fyrirtæki getur verið á formi styrkja, hlutafjár og fjárfestingarlána. Nokkuð hefur verið deilt héraendis um réttmæti þess að ríkið veiti fjárfestingarlán til fyrirtækja á landsbyggðinni. Ef lítið er til Norðurlandanna, sést að öll þessi form eru þar viðhöfð. NUTEK, ALMI, SND, SIVA og KERA veita styrki til nýsköpunar og þróunar, einkum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. SND veitir auk þess staðsetningarstyrki til stærri fyrirtækja á stuðningssvæðum. SND, ALMI og KERA veita auk þess fjárfestingarlán til fyrirtækja.

Hérlendis eru styrkir til nýsköpunar og þróunar einkum á höndum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Rannsóknarráðs Íslands. Fyrir dyrum standa breytingar, þannig að styrkir Rannís á þessu sviði færist yfir til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins eða stofnana þess.

Fyrirtækjasvið Bygðastofnunar, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og eignarhaldsfélög á landsbyggðinni veita hlutafé til fyrirtækja, og fyrirtækjasvið bygðastofnunar veitir auk þess fjárfestingarlán til fyrirtækja á landsbyggðinni. Engir sérstakir staðsetningarstyrkir eru fyrir hendi hérlendis.

*Rætt hefur verið um nauðsyn þess að einfalda þetta kerfi hérlendis og koma fjármögnun á færri hendur. Þar má taka sænska, norska eða finnska kerfið til viðmiðunar.*

#### **4.6. Atvinnuráðgjöf og rannsóknir**

Samkvæmt reynslu Dana ber að forðast of mikla dreifingu atvinnuráðgjafar á margar hendur. Ekki er þó sjálfgefið að félög með svo fámennt starfslíð og íslensku atvinnuþróunarfélögin eigi að sjá um atvinnuráðgjöf á svo stórum svæðum. E.t.v. má hugsa sér að félögin hafi á höndum frumkvöðlaaðstoð og stefnumörkun og samræmingu á starfi stofnana hins opinbera á sínu svæði.

*Þetta gæti verið á formi þróunarsetra, sem væru miðstöðvar atvinnu- og bygðapróunar á landsbyggðinni.*

Markmið þessara þróunarsetra væri nýsköpun, þekking, fjármagn og búseta.

?? Veita atvinnuráðgjöf og aðstoða við stofnun nýrra fyrirtækja.

?? Auka rannsóknar- og þróunarstarf á landsbyggðinni og tengja það rannsóknar- og þróunarstarfi á höfuðborgarsvæðinu.

?? Veita fjármagn til rannsókna og nýsköpunar.

?? Efla félagslegar forsendur búsetu á landsbyggðinni.

Þróunarsetrin yrðu “One Stop Shop” þar sem viðskiptavinurinn kemur á einn stað og fær allan pakkann ef svo má að orði komast. Starfsemin gæti skipst í frumkvöðlasetur, rannsóknarsetur, fjármögnunarsetur og búsetuþróunarsetur. Þar yrðu samankomin atvinnuþróunarfélög, stofnanir í stoðkerfi atvinnulífsins, rannsóknarstofnanir, háskólar, eignarhaldsfélög, framtakssjóðir, NSA og samtök sveitarfélaga. Stofnanasamsetningin getur verið breytileg. Þar yrðu einnig *frumkvöðlasetur*, þar sem ný fyrirtæki/sprotafyrirtæki og þeir sem hyggjast stofna fyrirtæki fái aðstoð og/eða aðstöðu.

Hugtakið þróunarsetur er hér notað til að tákna samstarf stofnana á hverjum stað, þannig að fyrirtæki og þeir sem hyggjast stofna fyrirtæki geti leitað aðstoðar á einum stað. Sambýli stofnananna er því æskilegt, og skal stefnt að þróunarsetrin verði í formi tæknigarða. Aðalatriðið er þó tengsl og samstarf. Stefnt yrði að því að mynda þróunarsetur þar sem viss kjarnamyndun hefur þegar átt sér stað. Öll þessi starfsemi yrði samtengd og samhæfð á landsvísu undir umsjón Bygðapróunarstofnunar.

## 6. Lokaorð

Stoðkerfið er að stærstum hluta staðsett á höfuðborgarsvæðinu, en þarf að verða mun virkara gagnvart landsbyggðinni. Aðgerðir eru oft á tíðum björgunaraðgerðir, en þurfa að byggjast á framsýni. Efla þarf starf atvinnuþróunarfélaga og samvinnu þeirra á milli og við stoðkerfi atvinnulífsins. Efla þarf frumkvæði og framtak á landsbyggðinni hvað varðar aðgerðir og nýtingu fjármagns. Auka þarf menntun og rannsóknir á landsbyggðinni og auka tengsl menntunar og atvinnulífs. Skipta má landsbyggðinni í stuðningssvæði, t.d. kjarna og jaðarsvæði. Taka þarf höfuðborgarsvæðið inn í skipulag um byggðamál – landsskipulag.